



Þrátt fyrir hvassviðri og fyrirhugaðar lokanir á þjóðvegi 1 á Suðurlandi var nokkur fjöldi ferðamanna við Seljalandsfoss þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði í gær. Þegar Fréttablaðið.is ræddi við Magnús Kristjánsson, björgunarsveitarmann á Hvolsvelli, í gærkvöld sagði hann að þá væri farið að slá yfir fimmtíu metra á sekúndu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Stefnir í val milli Jóns og Hönnu

Formannskrisan í umhverfis- og samgöngunefnd er enn óleyst. Meirihlutinn íhugar nú að gera Jón Gunnarsson að formanni. Minnihlutinn líklegur til að tefla Hönnu Katrínu Friðriksson fram til formanns.

**STJÓRN MÁL** Enn hefur ekki verið leyst úr formannskrisu umhverfis- og samgöngunefndar en tvívegis hefur orðið fundarfall í nefndinni síðan upp úr sauð á fundi nefndarinnar fyrir rúmri viku. Uppnámið varð vegna endurkomu Bergþórs Ólasonar, þingmanns Miðflokksins, á formannsstól í nefndinni eftir fjarveru frá því fyrir jól í kjölfar Klausturshneykslisins.

Heimildir Fréttablaðsins herma að málið sé í algerum hnút og ekkert samkomulag í sjónmáli milli þingflokksformanna flokkanna sem hafa haft málið til umfjöllunar síðan upp úr sauð. Allir eru sagðir sammála um að Bergþóri sé ekki sætt á formannsstóli en þingflokksformenn stjórnarmeirihlutans hafa lagt áherslu á að stjórnarandstöðuflokkarnir þurfi að leysa málið sín á milli

enda umrædd nefnd ein af þremur sem flokkar stjórnarandstöðunnar skipti með sér formennsku í, á grundvelli samkomulags milli stjórna og stjórnarandstöðu. Þingflokksformenn stjórnarandstöðuflokkanna, að Miðflokki frátöldum, hafi hins vegar bent á að þeir þurfi meirihluta til að knýja fram breytingar í nefndinni og stjórnarflokkarnir þurfi því að styðja lausn á málinu.

Miðflokknum stendur til boða að setja annan mann í nefndina í stað Bergþórs en að öðrum kosti verði að kjósa annan formann úr röðum fulltrúa í umhverfis- og samgöngunefnd.

Eigi samkomulag flokkanna um formann úr minnihluta að halda, koma þrír þingmenn þar til greina; Karl Gauti Hjaltason sem er utan

» **Líklega verður kosið milli Jóns Gunnarssonar og Hönnu Katrínu Friðriksson þegar nefndin kemur saman á morgun**

þingflokka, Helga Vala Helgadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, en hún gegnir formennsku í annarri þingnefnd, og Hanna Katrín Friðriksson, þingmaður Vindreisnar.

Nú ræðir meirihlutinn hins vegar um að tefla Jóni Gunnarssyni þingmanni Sjálfstæðisflokksins, fram sem formannsefni gegn þeim fulltrúa sem minnihlutinn mun bjóða fram. Að óbreyttu stefnir því í að boða

verði til fundar í nefndinni í fyrramálið og tillögur, bæði meirihluta og minnihluta, um nýjan formann bornar upp til atkvæða.

Ekki liggur hins vegar beint við að atkvæði falli eftir línun stjórna og stjórnarandstöðu. Rósa Björk Brynjólfsdóttir studdi til dæmis tillögu minnihlutans í nefndinni um að Bergþór Ólason viki sæti á hinum stormasama fundi í síðustu viku. Þá er einnig ólíklegt að Bergþór sjálfur styðji tillögu minnihlutans um nýjan formann og ekki gefið að Karl Gauti Hjaltason, sem er utan þingflokka, fylgi stjórnarandstöðuflokkunum að máli, enda sterklega orðaður við Miðflokkinn. Piratar eiga ekki fulltrúa með atkvæðisrétt í nefndinni og ekki Flokkur fólksins heldur eftir að Karl Gauti var rekinn úr flokknum. – aá

## Skúli kærir Svein Andra

**DÓMSMÁL** Skúli Gunnar Sigfússon hefur kært Svein Andra Sveinsson til héraðssaksóknara fyrir rangar sakargiftir, segir í kærú sem Fréttablaðið hefur undir höndum. – aá / sjá síðu 4



## Kaupa í Marel fyrir 2 milljarða

**VIÐSKIPTI** Fjárfestingasjóður í stýringu vogunarsjóðsins Teleios Capital hefur fest kaup á hlut í Marel fyrir um tvo milljarða króna. Þannig átti sjóðurinn Teleios Global Opportunities 5,22 milljónir hluta í Marel, jafngildir um 0,77 prósentu eignarhlut, samkvæmt lista yfir alla hluthafa félagsins í gær. – hae / sjá Markaðinn



Meistaramánuður Íslandsbanka



## Í hverju verður þú meistari?

Taktu þátt í Meistaramánuði Íslandsbanka í febrúar. Skráðu þig í sparnað og náðu þínum fjárhagslegu markmiðum. [islandsbanki.is/meistari](http://islandsbanki.is/meistari)



## Veður



Austan 10-18 í dag, en heldur hvassari SA- og NV-til. Slydda eða rigning SA-til, dálítill snjókomu N-lands, en annars úrkomulítið. Vægt frost, en frostlaust með S- og V-ströndinni. **SJÁ SIÐU 16**

## Dregið úr hraða á Hringbrautinni

**REYKJAVÍKURBORG** Hámarks-hraði á Hringbraut frá Ánanaustum að Sæmundargötu verður lækkaður úr 50 í 40 kílómetra á klukkustund samkvæmt einróma ákvörðun borgarstjórnar í gær.

Einnig var samþykkt í gær að lækka hámarkshraðann á sama hátt á Hofsvallagötu milli Hringbrautar og Ægisíðu, Ægisíðu, og á Nesvegi milli Kaplaskjólsvegar og Sörlaskjól. Þá voru samþykktar úrbætur vegna öryggis gangandi og hjólandi vegfarenda á Hringbraut í Reykjavík.

Þá fól borgarstjórnin skipulags- og samgönguráði að athuga á hvaða fleiri götum sé hægt að lækka hámarkshraðann í 40 kílómetra á klukkustund. – gar

## Grafið í Hafnarstræti



Fornleifauppróftur fer ekki bara fram á sumrin í góða veðrinu. Lilja Björk Pálsdóttir fornleifafræðingur var í Hafnarstrætinu í gær þegar ljósmyndara gekk þar um. „Við erum að grafa upp fornminjar sem eru á lóðinni. Þær komu í ljós þegar við fjarlægðum grunna verslunarhúsa sem stóðu þarna,“ segir Lilja. Bætur því við að húsin séu líklega frá átjándu öld, hingað til hafi fundist leirker, glerflöskur og dýrabein. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Óvænt tengsl á milli sæðismagns og kannabisreykinga. NORDICPHOTOS/GETTY

## Tengsl sæðis og kannabiss

**HEILBRIGÐISVÍSINDI** Karlmann sem reykt hafa kannabis á einhverjum tímapið á ævi sinni virðast – nokkuð óvænt – státa af mun meira magni af sæðfrumum en þeir karlar sem aldrei hafa reykt kannabis. Þetta leiðir ný rannsókn vísindamanna við lýðheilsustofnun Harvard-háskóla í ljós, en niðurstöðurnar voru birtar í ritinu Human Reproduction í nótt.

Vísindamennirnir söfnuðu sæðis-sýnum úr tæplega sjö hundruð körlum. Rúmur helmingur þeirra hafði

reykt kannabis. Þessi hópur hafði að meðaltali 62,7 milljónir sæðfruma í hverjum millilítra. Hópurinn sem aldrei hafði reykt kannabis var með 45,4 milljónir sæðfruma að meðaltali.

„Niðurstöðurnar stangast á við það sem áður hefur verið haldið fram,“ segir Feiby Nassan, aðalhöfundur rannsóknarinnar. „Ein möguleg ástæða fyrir þessu er sú staðreynd að karlar sem eru með hærri testósteróngildi eru líklegri til að stunda áhættuhegðun eins og kannabisreykingar.“ – khn

# Heilabrot í Hafnarfirði yfir útihátíðarvöskum

Færanlegir vaskar sem ekki uppfylla skilyrði gamallar reglugerðar tefja útgáfu starfsleyfis til grunnskóla Framsýnar í nýju húsnæði í Hafnarfirði. Voru með undanþágu en heilbrigðiseftirlitið vill nú álit Umhverfisstofnunar á vöskum.

**SKIPULAGSMÁL** Framsýn menntun ehf., sem rekur grunnskólann Nú í Hafnarfirði, fær ekki að svo stöddu samþykki fyrir færanlegum handlaugum í skólastofum sínum og þar með starfsleyfi á nýjum stað.

Nú flutti sig um áramótin úr Flatahrauni yfir á Reykjavíkurveg 50. Í skólanum eru sextíu nemendur í þremur efstu bekkjardeildum grunnskóla.

„Ætlunin er að hafa færanlegar handlaugar sem hvorki verða tengdar neyslvatnslögn né fráveitu húsnæðisins,“ segir í fundargerð heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis um umsókn skólans.

Kristján Ómar Björnsson, heilustjóri Nú, segir vaskana hafða færanlega til þess að skólastofurnar séu sveigjanlegri. Aðrir skólar hafi sýnt þessari lausn mikinn áhuga.

„Við bara kærur okkur ekki um að sóa plássi í fastan vask á vegg sem hindrar okkur í að gera þá hluti sem við erum að gera,“ segir Kristján.

„Þetta eru færanlegar handlaugar sem fyllt er á vatn – og pumpað upp, svipað og í færanlegum salernum sem notuð eru á útisamkomum – og affall fer í tank sem er tæmdur reglulega,“ útskýrir Hörður Þorsteinsson,



Skólinn Nú starfar í nýju húsnæði á Reykjavíkurvegi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Af tólf vöskum hjá Nú eru þrjár færanlegir með fótumpu FRÉTTABLAÐIÐ/NÚ

frankvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar.

Heilbrigðisnefndin frestaði afgreiðslu málsins. „Að mati Heilbrigðiseftirlitsins orkaði það tvi-mælis hvort þessi gerð handlauga stæðist ákvæði hollustuháttareglugerða og var ákveðið að fresta málinu

Við bara kærur okkur ekki um að sóa plássi í fastan vask á vegg sem hindrar okkur í að gera þá hluti sem við erum að gera.

Kristján Ómar Björnsson, heilustjóri Nú

milli funda og óska álits Umhverfisstofnunar á því hvort þessi gerð handlauga stæðist reglugerð,“ segir Hörður.

„Við erum sem sagt ekki með fasta vaska í kennslustofnum – eins og gömul reglugerð kveður á um: reglugerð sem var sett 1930 og eitthvað þegar komu upp berklar í Vesturbæjarskóla,“ segir Kristján. Skólinn hafi reyndar notað sömu færanlegu vaska á Flatahrauni í tvö og hálft ár. Heilbrigðiseftirlitið hafi tekið vaskana út áður og skólinn fengið undanþágu.

Að sögn Kristjáns hefur enginn kvartað undan þeim færanlegu vöskum sem eru í skólanum. „Þeir eru jafn oft notaðir og í kennslustofnum með hálfulloröðid fólk; aldrei.“

gar@frettabladid.is

# Slakaðu á með Slökun

**Einkenni magnesíum-skorts**

- ☑ Lítil orka
- ☑ Þröttleysi
- ☑ Veik bein
- ☑ Hormóna ójafnvægi
- ☑ Svefntruflanir
- ☑ Vöðvakrampar, kippir og spennar
- ☑ Kölkun líffæra
- ☑ Óreglulegur hjartsláttur
- ☑ Kvíði
- ☑ Streita
- ☑ Pirringur



*Mamma Veit Best*  
HEIL HEILSA

www.mammaveitbest.is



SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á WWW.BILALAND.IS

Ný og ómótstæðileg  
tilboð daglega!

# LAGGER SALA

AFSLÁTTUR  
700.000 KR.



Rnr. 430263

**NISSAN Qashqai Acenta 4wd**  
Nýskr. 02/17, ekinn 87 þ.km,  
dísil, beinskiptur.  
Verð 3.290.000

**TILBOÐ!**  
**2.590.000 kr.**

AFSLÁTTUR  
700.000 KR.



Rnr. 331717

**TOYOTA Rav4 GX**  
Nýskr. 06/17, ekinn 63 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð 4.290.000

**TILBOÐ!**  
**3.590.000 kr.**

AFSLÁTTUR  
800.000 KR.



Rnr. 400284

**RENAULT Kadjar Zen 4wd**  
Nýskr. 04/17, ekinn 58 þ.km,  
dísil, beinskiptur.  
Verð 3.390.000

**TILBOÐ!**  
**2.590.000 kr.**

AFSLÁTTUR  
800.000 KR.



Rnr. 145344

**VW Golf Alltrack Highline 4wd**  
Nýskr. 06/16, ekinn 106 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð 2.990.000

**TILBOÐ!**  
**2.190.000 kr.**

AFSLÁTTUR  
400.000 KR.



Rnr. 391511

**RENAULT Clio Zen Sport Tourer**  
Nýskr. 05/18, ekinn 25 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 2.590.000

**TILBOÐ!**  
**2.190.000 kr.**

AFSLÁTTUR  
500.000 KR.



Rnr. 145561

**NISSAN Pulsar Acenta**  
Nýskr. 02/15, ekinn 73 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð 1.990.000

**TILBOÐ!**  
**1.490.000 kr.**

AFSLÁTTUR  
500.000 KR.



Rnr. 331826

**HYUNDAI i30 Classic**  
Nýskr. 07/17, ekinn 78 þ.km,  
bensín, beinskiptur.  
Verð 2.290.000

**TILBOÐ!**  
**1.790.000 kr.**

AFSLÁTTUR  
300.000 KR.



Rnr. 145332

**DACIA Duster Comfort 2wd**  
Nýskr. 05/18, ekinn 24 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 2.990.000

**TILBOÐ!**  
**2.690.000 kr.**

## LAGERSALA BÍLALANDS ER BYRJUÐ!

Nýlegir notaðir bílar á tilboðsverði  
sem slær allt annað út.

- VETRARDEKK
- ÁSTANDSSKOÐUN
- ALLT AÐ 80% LÁN
- FJÁRMÖGNUN Á STAÐNUM



www.bilaland.is  
www.facebook.com/bilaland.is

Opið frá kl. 9-18 alla virka daga  
og laugardaga frá kl. 12-16

Bilaland - Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík  
Hyundai notaðir bílar - Kaupúni 1 - 210 Garðabæ  
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

**bilaland**



# Skúli Gunnar kærir Svein Andra fyrir að kæra sig

**DÓMSMÁL** Skúli Gunnar Sigfússon hefur kært Svein Andra Sveinsson til héraðssaksóknara fyrir rangar sakargiftir með því að hafa með rangri kæru leitast við að koma því til leiðar að Skúli og aðrir nafngreindir einstaklingar yrðu ranglega sakaðir um brot gegn almennum hegningarlögum,“ eins og segir í kærinni sem Fréttablaðið hefur undir höndum. Í henni segir að Sveinn hafi lýst því ranglega í fimm kæruliðum í kæru

til Sérstaks saksóknara síðastliðið haust að kærandi hefði meðal annars framið auðgunarbrot, skjalafals, rangfærslu sönnunargagna o.fl.

Er í kærinni leitast við að gera grein fyrir og leiðrétta meistar rangfærslur í fyrrgreindri tilkynningu Sveins til Sérstaks saksóknara og tekið fram að Skúli eigi engan annan kost en að kæra Svein Andra fyrir rangar sakargiftir með alvarlegum hætti, enda hafi ásakanir hans

jafnframt valdið honum (Skúla) álitshnekki og mikilli slæmri fjölmiðlaumfjöllun.

„Vegna þessarar kærnu Skúla þá er rétt að taka fram að ég lagði ekki fram kæru eins og hann vísar til heldur tilkynnti ég héraðssaksóknara grunsemdir mínar um hugsanlega refsiverða háttsemi,“ segir Sveinn Andri Sveinsson þegar viðbragða hans er leitað. Hann segir kærnu skjóta skökku við enda hafi

lögmennt Skúla meðal annars byggt á því í kvörtunum til héraðsdóms að skiptastjóra beri skylda til að senda saksóknara slíkar tilkynningar telji hann tilefni til rökstudds gruns um að þrotamaður eða aðrir kunni að hafa gerst sekir um refsiverða háttsemi.

Deilur þeirra Sveins Andra og Skúla eiga sér orðið langa sögu



Sveinn Andri Sveinsson.

og varða heilðsölufélag sem Skúli átti en var úrskurðað gjaldþrota og Sveinn Andri Sveinsson skipaður skiptastjóri fyrir. Kæru hafa gengið á víxl lengi og mörg dómsmál spröttið af skiptaferlinu sem ekki hafa öll verið til lykta leidd. – áá

## 25 prósent álag á skatt vegna Airbnb

**SKATTAR** Yfirkattanevnd (YSKN) hefur staðfest úrskurð ríkisskattstjóra (RSK) um að eiganda húsnæðis beri að greiða 25 prósent álag vegna vanframtalinna tekna af útleigu húsnæðis á Airbnb. Eigandinn hafði ekki talið fram rúmlega þrjár milljónir króna sem hann hafði í tekjur árið 2016 af slíkri leigu.

» Vantaldar tekjur eigandans námu þremur milljónum króna

Í úrskurði RSK kom fram að ekki hefði verið gefin upp til skatts upphæð frá Airbnb sem greidd var inn á reikning eigandans. Það að telja ekki fram slíkar tekjur teldist verulegur annmarki á framtali og því var gripið til álagsins.

Þá niðurstöðu kærði eigandinn til YSKN. Sagði hann að hann ætti enga sögu um vanframtalda skattstofna og að hann hefði greiðlega veitt upplýsingar um útleiguna. Því bæri að lækka álagið.

Lögum samkvæmt er heimilt að lækka álagið leiðrétti skattskyldur aðili upplýsingarnar sjálfur eða fella það niður með öllu ef honum verður ekki kennt um mistökin. YSKN taldi ljóst að svo væri ekki í þessu máli og stendur álagið því óhaggað. – jõe

## FRÉTTABLAÐIÐ

### Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á [www.frettabladid.is/nyskraning](http://www.frettabladid.is/nyskraning). Það kostar ekkert.

# Ríkisendurskoðun bauðst til að slá á óréttmætar ásakanir

Stjórn Íslandspósts hafnaði því á fundi í febrúar 2017 að tilefni væri til að gera úttekt á félaginu. Réttara væri að beina sjónum að stjórnsýslunni og því skilningsleysi sem rekstur fyrirtækisins mætti þar. Ríkisendurskoðandi hefur gert athugasemdir vegna fjárfestinga Póstsins í dótturfélögum. Afrit af því fást ekki afhent.

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisendurskoðun bauð Íslandspósti ohf. (ÍSP) að fyrra bragði að vinna stjórnsýsluúttekt á fyrirtækinu meðal annars til að slá á óréttmætar ásakanir. Afrit af erindum sem ríkisendurskoðandi hefur sent ÍSP í gegnum tíðina fást ekki afhent þar sem þau eru nú meðal gagna við vinnu skýrslu um félagið.

Um miðjan síðasta mánuð sendi fjárlaganefnd Alþingis ríkisendurskoðanda beiðni um að unnin yrði stjórnsýsluúttekt á ÍSP. Meðal þess sem beiðið var um að skoðað yrði er hvort aðgreining einkaréttar og samkeppnisrekstrar hafi verið fullnægjandi og hvort skýringar fyrirtækisins á fjárhagsvanda þess séu fullnægjandi.

Alþingi samþykkti fyrir júl heimild til að lána ÍSP allt að milljarð króna til að mæta lausafjárskorti fyrirtækisins. Lánveitingin er bundin skilyrðum og þarf fjárlaganefnd að gefa grænt ljós á lánið áður en það er leyst út. Vonir þingmanna standa til að skýrslan liggi fyrir í vor.

Áður en beiðnin var samþykkt var til umræðu hvort ríkisendurskoðun væri vanhæf til verksins þar sem stofnunin endurskoðar reikninga fyrirtækisins.

Á fundi stjórnar ÍSP í febrúar 2017 komu Sveinn Arason, þáverandi ríkisendurskoðandi, og Óskar Sverrisson, starfsmaður stofnunarinnar, á fundinn til að ræða ársreikning ÍSP fyrir árið 2016. Þá lýsti Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri ÍSP, áhyggjum sínum og framkvæmdastjórnar yfir því að ráðamenn átti sig ekki á alvarleika í rekstrarstöðu ÍSP.

„Með viðvarandi taprekstri væri



Íslandspóstur hefur meðal annars hlotið gagnrýni fyrir framgöngu á samkeppnismarkaði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

hætta á að stjórnendur gerist sekir um vanrækslu í starfi í ljósi dóms í Milestone máli þar sem stjórnendur töldust ekki hafa sinnt hagsmunagæslu fyrir fleiri hagsmunaaðila en eigendur, og einkum lánardrottna,“ er haft eftir Ingimundi. Af fundargerðum stjórnar má ráða að ÍSP skuldi Landsbanka Íslands, sem er nærri alfarið í eigu ríkisins, hátt í tvo milljarða króna.

„Ríkisendurskoðun sagðist geta beitt stjórnsýsluendurskoðun til að skýra rekstrarumhverfi ÍSP á hlutlausan hátt og slá á óréttmætar ásakanir,“ er haft eftir Sveini og Óskari. Stjórnin svaraði með því að segja

Með viðvarandi taprekstri væri hætta á að stjórnendur gerist sekir um vanrækslu í starfi í ljósi dóms í Milestone máli.

Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri ÍSP, á stjórnarfundum í febrúar 2017

að ekki væri tilefni til slíks „heldur frekar tilefni til aðgerða gegn stjórnsýslunni“.

Fréttablaðið beindi tvíþættri fyrirspurn til ríkisendurskoðanda. Fyrri

liðurinn sneri að því að fá afrit af erindum sem stofnunin hefur sent ÍSP með athugasemdum vegna fjárfestinga í dótturfélögum. Svarið var á þá leið að ekki væri unnt að afhenda gögnin þar sem þau væru nú meðal vinnugagna úttektarinnar. Sambærileg fyrirspurn var send ÍSP en svarið þar var að allar athugasemdir hefðu verið munnlegar.

Síðari spurningin var hvort fyrrgreind orð gæfu tilefni til að efast um hæfi stofnunarinnar til að vinna úttektina. Svarið var að ekki væri hægt að tjá sig um einstök atriði sem kunna að koma til meðferðar.

[join@frettabladid.is](mailto:join@frettabladid.is)



## Audi Q5 Design quattro

Verð 8.990.000 kr.

Verð með aukabúnaði áður 10.040.000 kr.

Afsláttur 1.050.000 kr.

**H** HEKLA · Laugavegi 170-174 / [Audi.is](http://Audi.is)



5 ára ábyrgð

- Innfellanlegt dráttarbeisli
- Leðurklætt aðgerðastýri með hita
- Rafmagn í framsætum
- Milano leðuráklæði
- Rafdrifin opnun á afturhlera
- Nálgunarvarar að framan & aftan
- Bakkmyndavél
- Audi Sound System 180W
- 10 hátalarar
- Dökkar rúður
- LED aðalljós
- 18" álfelgur
- Mjóbaksstuðningur
- Þriggja svæða tölvustýrð loftkæling



# ✓ BOXID

Matvöruverslun á netinu 🚚 [boxid.is](https://boxid.is)

# FÁÐU 7 DAGA FRÍ

Meðal heimili fer 3.-4. út í búð á viku.  
Það eru rúmlega 7 heilir dagar á ári!

Pantaðu matvörurnar á [BOXID.is](https://boxid.is) og nýttu tímann í eitthvað skemmtilegt

## Svona ferðu að því að panta á BOXIDU



Settu vörur í BOXID þitt



Þú velur afhendingardag  
og tíma sem hentar þér



Þið komum með vörurnar  
upp að dyrum



Svo tókum við dósirnar líka  
og þú færð inneign!



Taktu mynd af mér með símanum

# ✓ BOXID

[BOXID.is](https://boxid.is)



[@boxidis](https://www.instagram.com/boxidis)



[facebook.com/BoxidIS](https://facebook.com/BoxidIS)



# Rétttrúnaðarkirkjan rússneska fær lokaséns hjá borginni

**TRÚFÉLÖG** Borgarráð samþykkti í síðustu viku að framlengja framkvæmdafrest rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar á Íslandi um fjögur ár vegna kirkjubyggingar á lóðunum Bræðraborgarstíg 2 og Bakkastíg 8.

Söfnuður Moskvu-patriarkatsins fékk lóðirnar úthlutaðar af Reykjavíkurborg í október 2008 en enn hefur ekkert gerst á reitnum þar sem fyrirhugað er að hin glæsilega kirkja risi. Í skjölum málsins segir að framkvæmdafresturinn nú skiptist

í tveggja ára frest til að hefja framkvæmdir annars vegar og tveggja ára frest til að ljúka við kirkjuna eftir að framkvæmdir hefjast hins vegar.

Í bókun meirihlutans, Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna, eru send skýr skilaboð um að kirkjan sé hér á síðasta séns. „Þótt skylda sveitarfélaga nái einvörðungu til að láta kirkjum þjóðkirkjunnar í té endurgjaldslausar lóðir þá markaði Reykjavíkurborg sér þá stefnu á árinu 1999, með vísan til almennra

jafnræðissjónarmiða, að ekki ætti að gera upp á milli trúfélaga þegar kemur að réttindum þeirra til lóða eða undanþágu frá gjaldtöku af lóðum eða tilbeiðsluhúsum trúfélaga. Hér er verið að gefa frest til að hefja framkvæmdir vegna þess að trúfélagið vill minnka mannvirkni og með því er verið að verða við ósk borgarinnar. [...] En hér skal undirstrikað að þetta er frestur til að hefja framkvæmdir innan tveggja ára og þetta er lokafrestur.“ – smj



Tillaga að rússnesku rétttrúnaðarkirkjunni. MYND/ARKITEO



Áttundi fundurinn fer fram í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Mikil vinna í gangi utan funda

**KJARAMÁL** „Við þurfum að fara að komast að einhverri niðurstöðu fljótlegra varðandi launaliðinn. Hvar sársaukamörk SA liggja og hvernig það parast við það sem stjórnvöld eru tilbúin að koma með að borðinu,“ segir Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR.

Áttundi fundur deiluaðila fer fram hjá ríkissáttasemjara í dag en ekki er búist við miklum tíðindum af honum. Ragnar Þór segir að heilmikil vinna sé í gangi þótt ekki sé alltaf verið að boða til formlegra funda. „Þetta hefur gengið mjög hægt en við verðum að gefa forsetum ASÍ og þessu áhlaupi sem stjórnvöld, verkafélög og SA ætla að taka næstu tíu til fjórtán daga til að sjá hvort það séu snertifletir á möguleikum til að ná langtímasamkomulagi.“

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir viðræður bæði flóknar og tafsammar. „Viðræður eru í gangi alla daga frá morgni til kvölds. Þegar viðræður eru ekki í gangi þá er verið að undirbúa viðræður næsta dags.“

Viðræður SA og Starfsgreinasambandsins (SGS) héldu áfram í gær. Flosi Eiríksson, framkvæmdastjóri SGS, segir að engin stórtíðindi hafi orðið. „Þetta mjakast eitthvað áfram en við viljum fara að sjá meiri gang í viðræðunum.“ Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er vaxandi óþreyju farið að gæta hjá sumum aðildarfélögum SGS. Næstu skref verða metin á formannafundi á morgun. – sar

# Segir varnir Jóns fyrirsjáanlegar

„Hann rústaði lífum þeirra,“ segir Margrét Schram, mágkona Jóns Baldvins Hannibalssonar, fyrrverandi sendiherra og utanríkisráðherra. Þær Guðrún Harðardóttir eru ánægðar með að hafa loks skilað skömminni.

**SAMFÉLAGSMÁL** Konur sem stigið hafa fram og sagt frá meintu ofbeldi sem þær hafa mátt þola af hendi fyrrverandi utanríkisráðherra, Jóns Baldvins Hannibalssonar, segjast finna fyrir miklum styrk og krafti og að þær séu ekki lengur hræddar. Tuttugu og þrjár sögur voru birtar á mánudagsmorgun eftir að Jón Baldvin hafði haldið uppi vörnum í þættinum Silfrinu á RÚV daginn áður.

Guðrún Harðardóttir, systurdóttir Bryndísar Schram, segist finna fyrir miklum krafti og vera þakklát fyrir að hafa skilað skömminni. Um leið segir hún varnartilburði Jóns Baldvins fyrirsjáanlega. „Ég upplifi létti og að ég hafi skilað skömminni. Það skiptir svo miklu máli að segja frá og burðast ekki ein með sögu sína. Og að geta gert það í krafti fjöldans gefur manni miknið. Ég er enn þá alveg óhrædd og finn alveg að þó Jón Baldvin sé að malda eitthvað í móinn þá hefur það engin áhrif á mig og innan hópsins er andinn jákvæður,“ segir Guðrún. „Ég þekki alveg Jón Baldvin og Bryndísi og þessi vörn kemur mér ekkert á óvart. Ég hef heyrt þetta allt saman áður. Ég vissi að hann myndi aldrei verða auðmjúkur og víðurkenna sinn hlut.“

Frá því fjórar konur sögðu sögu sína í Stundinni um miðjan síðasta mánuð hafa fleiri konur viljað koma fram með sögur sínar. Hundruð kvenna skipa nú hóp á Facebook sem helgaður er meintri áreitni Jóns Baldvins í garð kvenna, frá því að vera mjög nýlegar sögur allt til þess tíma er hann var kennari á Ísafirði fyrir um hálfri öld.

Guðrún segir langsótt að tala um samsæriskenningar um að stöðva þurfi bókaútgáfu eða fyrirlestraröð, líkt og Jón Baldvin hefur gert. „Við erum tuttugu og þrjár, það má ekki gleyma því. Og í umræðu um opin-



Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi utanríkisráðherra og sendiherra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ég stend með Aldisi, dóttur hennar og þessum konum sem ég hef kynnst. Hann rústaði lífum þeirra

Margrét Schram



Það skiptir svo miklu máli að segja frá og burðast ekki ein með sögu sínu

Guðrún Harðardóttir



um að hún sé haldin órum vegna geðveiki og að faðir dóttur hennar sé eiturfyljasali. Að það fái að viðgangast að þessu sé haldið fram er fyrir neðan allar hellur og það á sjálfum fréttamiðli ríkisins, RÚV“ segir Margrét.

„Málið er komið úr okkar höndum og kannski er þetta bara toppurinn á ísjakanum. Það er svakalegt að hann hafi komist upp með þetta í öll þessi ár. Það velkist heldur enginn í vafa um það að Bryndís er með honum í þessu,“ segir Margrét og bætir við: „Ég stend með Aldisi, dóttur hennar og þessum konum sem ég hef kynnst. Hann rústaði lífum þeirra.“ sveinn@frettabladid.is kristjanabjorg@frettabladid.is

bera smánun þá skal hafa það hugfast að Jón Baldvin hefur nú itrekað smánað dóttur sína opinberlega,“ bætir Guðrún við.

Margrét Schram, mágkona Jóns Baldvins, hefur sagt sína sögu af



## RAFMAÐIÐ ER KOMIÐ Í RANGE ROVER

Range Rover Sport HSE PHEV  
Verð frá: 13.690.000 kr.

Range Rover Sport HSE P400e tengivinnbill setur ný viðmið. Einstök hönnun, framúrskarandi aksturseguleikar og 404 hestöfl gera þennan sportlega lúxusjeppa að hagkvæmum og umhverfisvænum kosti. Verið velkomin í reynsluakstur!

www.landrover.is



ABOVE & BEYOND





7 ára ábyrgð framleiðanda  
á öllum nýjum Kia bílum

www.kia.com

# Fylgdu straumnum

Niro á sérstöku opnunartilboði í nýjum  
og glæsilegum húsakynnum Kia

Brandenburg | s/a

\*Forsendur ábyrgðar eru regluleg þróustærfréttir sem farið er á www.kia.com/abyrgd. Lesið meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd.



Afborgun á mánuði:  
**29.777 kr.**

M.v. 50% lán til 84 mánaða með 7,7%  
vöxtum. Heildartjárhæð 4.326.528 kr.  
Árleg hlutfallstala kostnaðar er 9,23%.

**NIRO**



The Power to Surprise

## 58 km drægni – einn af mörgum kostum Niro

Kia Niro PHEV er aflmikill bíll með karakter jepplings, umhverfismildur og áreiðanlegur. Hann leitast alltaf við að keyra á rafmagni, hefur 58 km drægni og eyðir því aðeins frá 1,3 l/100 km í blönduðum akstri. Kia Niro er dugmikill rafbíll á frábæru verði og honum fylgir að sjálfsögðu hin einstaka 7 ára ábyrgð.

Komdu í nú og glæsileg húsakynni Kia og reynsluaktu nýjum Niro. Við tökum vel á móti þér.

Kia Niro Hybrid, sjálfskiptur, á verði frá:

**3.690.777 kr.**

Verð áður 3.990.777 kr.

Takmarkaður fjöldi í boði.

 **ASKJA** · Krókhálsi 11–13 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is  
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

 Fylgdu okkur á Facebook.  
facebook.com/kiamotorsisland



## Lífsháski



Ólöf Skaftadóttir  
olof@frettabladid.is

Fólk sem fast er í viðjum fíknar stendur frammi fyrir bráðum lífsháska á degi hverjum. Ekki auðnast öllum sem það reyna að losna úr fjötrunum. Það sanna dæmin. Margir sem standa í þeim sporum falla fyrir fíkninni fyrir aldur fram.

Úr þeim hópi sem glímur við fíkn standa þeir sem sprauta vímuefnum í æð höllustum fæti. Ef marka má BS-ritgerð Eddu Rúnar Kjartansdóttur og Þórunnar Hönnu Ragnarsdóttur við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands frá 2017 eru einstaklingar undir 30 ára aldri sem sprauta vímuefnum í æð í um 30 sinnum meiri hættu á ótímabærum dauðdaga en jafnaldrar þeirra. Þeir eru líkamlega og andlega veikari en þeir sem glíma við annars konar fíkn. Um 12-13 einstaklingar deyja af þessum sökum ár hvert.

Margar kenningar eru um hvernig samfélagið skuli nálgast vandann. Ein kenning nefnist skaðaminnkun og hefur notið vaxandi hylli undanfarna áratugi. Skaðaminnkun snýst um að draga úr þeim heilsufarslegu og félagslegu ógnum sem notkun vímuefna kallar yfir fólk, án þess að draga endilega úr vímuefnanotkuninni sjálfri. Áherslan er á að fyrirbyggja skaðann sem af vímuefnanotkuninni hlýst, fremur en neysluna sjálfa.

Hér á landi komu úrræði sem teljast skaðaminnkandi fyrst til sögunnar árið 2009, þegar sérinnréttaður bill hóf að aka um höfuðborgarsvæðið á kvöldin og veita þessum hóp heilbrigðisaðstoð. Bjóða upp á hreinar nálar, sprautur og annað sem þarf til að draga úr líkum á smiti á sjúkdómum eins og HIV og lifrabólgu C. Síðan hafa fleiri úrræði litið dagsins ljós. Konukot, Gistiskýlið á Lindargötu, viðhaldsmeðferð hjá SÁA og móttökudeild fíknimeðferðar á Landspítalanum, svo nokkur séu nefnd.

Á síðasta ári tilkynnti heilbrigðisráðherra að til stæði að opna svokölluð neyslurými í borginni á þessu ári, þar sem þeim sem sprauta vímuefnum í æð er skapað öruggt umhverfi til að neyta vímuefnanna. Þeim verði tryggður aðgangur að hreinum nálum og gjaldfrjálsri grunnheilbrigðisþjónustu. Fíklar hafa nefnilega ekki fyrirgert mannréttindum sínum. Þeir eiga rétt á að lifa við bestu mögulegu heilsu miðað við aðstæður.

Í ráðuneytinu hljóta menn að vera að velja fleiru fyrir sér. Til dæmis hvort hið opinbera ætti hreinlega að útvega fíklum efnin. Margoft hefur verið sýnt fram á ofbeldið og mannúdarleysið sem þrífst í undirheimum. Slíkt gæti fækkað afbrotum, ofbeldi og útrým til að mestu svörtum markaði með lyfseðils-skyldum.

Önnur hugmynd væri að gefa fíklum endurgjalds-laust lyfið Naloxon, sem notað er til að endurlífga fólk sem hefur tekið of stóran skammt, sem það gengi með á sér. Þegar fólk deyr af sökum ofneyslu er það oftast annað fólk í neyslu sem er fyrst á vettvang.

Með þessum aðferðum, og eflaust fleirum, má bjarga mannlífum.



Með þessum aðferðum, og eflaust fleirum, má bjarga mannlífum

## Halldór



## Frá degi til dags

## Marta frá Hriflu

Kosið var um fjóra varaforseta í borgarstjórn í gær. Athygli vakti að við kjör 2. varaforseta hlaut Eypör Arnalds sem hafði verið tilnefndur 22 atkvæði en Marta Guðjónsdóttir eitt. Af því tilefni má rifja upp kjör Sveins Björnssonar í embætti ríkisstjóra árið 1941 en það var nokkurs konar forveri forseta-embættisins. Það voru alþingismenn sem höfðu atkvæðisréttinn og kusu 37 þeirra Svein en sex skiluðu auðu. Eitt atkvæði hlaut þó Jónas frá Hriflu. Var það haft á orði að einhver andstæðingur Jónasar hefði gert honum þennan grikk til að það liti út fyrir að Jónas hefði kosið sjálfan sig.

## Næstum því Sovét

Það kann að vera önnur skýring á þessu eina atkvæði Mörtu en að einhver hafi viljað stríða henni svoltið. Mögulega kaus hún sjálfa sig því hún vildi verða 2. varaforseti en ekki 4. varaforseti eins og hún var kjörin stuttu síðar. Við þá atkvæðagreiðslu skiluðu hins vegar tveir borgarfulltrúar auðu. Hvort Lif Magnúsdóttir hafi þar aftur ullað á Mörtu er óljóst. Fulltrúar meirihlutans sem voru í kjöri hlutu báðir fullt hús atkvæða. Marta getur þó ágætlega við unað. Rúmt 91 prósent atkvæða er glæsilegur árangur þótt það nái ekki alveg sovéskum mælikvörðum. sikhvatur@frettabladid.is

## Fjárfestum í heilsu



Þorsteinn Víglundsson  
varaformaður  
Viðreisnar

Við verjum nærri 250 milljörðum til heilbrigðiskerfisins okkar árlega að viðbættum beinum útgjöldum heimilanna til heilbrigðistengdri þjónustu. Þess utan má leiða líkur að því að árleg útgjöld okkar til heilbrigðismála væru í það minnsta 50 milljörðum króna hærri á ári hverju ef meðalaldur þjóðarinnar væri á pari við hin Norðurlöndin. Því til viðbótar bætist síðan krafa okkar um sífellt betri þjónustu og fjölbreyttari úrræði eftir því sem læknavísindunum fleygir fram.

Stór hluti kostnaðar heilbrigðiskerfisins í dag er vegna mikillar aukningar á lífsstílstengdum sjúkdómum. Við hreyfum okkur ekki nóg. Streita og álag er of mikið. Við borðum of mikið eda ekki nægilega holla fæðu og svo mætti áfram telja. Við þekkjum afleiðingarnar allt of vel. Aukin tíðni æða- og hjartasjúkdóma, sykursýki, krabbamein, þunglyndi og aðrir geðsjúkdómar. Oft er heilsuþresturinn varanlegur og við glímum samhliða þessu við stóruka tíðni örorku. Við verjum í dag um 70 milljörðum á ári til greiðslu örorkulífeyris og ef tíðni örorku þróast áfram með sama hætti og verið hefur mun árlegur kostnaður okkar hafa aukist um 40-60 milljarða króna árið 2030.

Til að bregðast við þessari þróun verðum við að stórauka fjárframlög til heilsutengdri fræðslu og forvarna. Við þurfum að auka framlög til geðheilbrigðismála og meðhöndla geðræn vandamál til jafns við aðra heilsutengda kvilla. Fyrsta skrefið gæti þar verið að fella þjónustu sálfræðinga og geðheilbrigðisstarfsfólks undir greiðsluþátttöku sjúkratrygginga og auka þannig aðgengi almennings að slíkrri þjónustu óháð efnahag. Sú staðreynd að þetta hefur ekki enn verið gert endurspeglar fordóma sem því miður eru enn ríkjandi gagnvart geðsjúkdómum. Það horfir þó vonandi til breytinga því þingmenn Viðreisnar hafa, ásamt 21 öðrum þingmönnum, lagt fram frumvarp þessa efnis á Alþingi. Það væri risastórt skref ef frumvarpið nær fram að ganga.

Við getum gert miklu betur. Við vitum að aukin áhersla á geðheilbrigði, hreyfingu og heilsusamlegt líf-erni skilar sér margfalt í bættri heilsu og lífsgæðum og á endanum í lægri útgjöldum til heilbrigðismála og örorku en ella. Fjárfestum í heilsu!



Stór hluti kostnaðar heilbrigðiskerfisins í dag er vegna mikillar aukningar á lífsstílstengdum sjúkdómum. Við hreyfum okkur ekki nóg.

## Varmadælar &amp; loftkæling



Kælitækni

- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlægar slóðir
- Fjarstýring fylgir
- Virkar niður í -30°C

Verð frá aðeins kr. 145.000 m.vsk

Midea KMB-E09

Max 3,4 kW

2,65 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,85)

f. íbúð ca 40m<sup>2</sup>.

Umhverfisvænn kælimiðill



Midea  
It's your Idea



Wifi búnaður fylgir með öllum varmadælum meðan birgðir endast

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land



# Sjúkt þjóðfélag?



Bryndís Schram

Víst hef ég áður horfst í augu við hatur í mínu lífi. Manneskja sem deilir lífi og örlögum með ástríðustjórnálamanni – hugsjónamanni sem stendur í stórræðum – kemst ekki hjá því: Skattkerfisbýlting, samningurinn um EES við Evrópusambandið, frumkvæði að stuðningi við sjálfstæðisbaráttu smáþjóða. Allt gríðarlega umdeild mál. – Og m.a.s. ég fór ekki varhluta af því.

Ég man enn eftir hatursfullum andlitum, sem stöðu á mig inn um eldhúsgluggann á Vesturgötunni. Sumir steyttu hnefann, köstuðu eggjum eða öðru lauslegu í gluggann. Tilefnið var „matarskatturinn“ svokallaði.

Ég hef sjálf setið á stjórnálfundum þar sem innblásnir „föðurlandsvínir“ steyttu hnefann í áttina að manni, sem þeir kölluðu ýmist landráðamann eða kvísling. Tilefnið var EES. – Og eitt í viðbót, sem ég var næstum búin að gleyma. Virtur lögmaður stóð fyrir því að þjófkenna mig. Ég var sökuð um að hafa látið fjármálaráðuneytið borga 50 ára afmæli mitt – í skjóli skjalafölsunar.



Málið velktist í kerfinu meira en áratug og fékk mikla athygli í fjölmiðlum. Málið vakti mikla reiði og hneykslun.

Loksins, meira en heilum áratug seinna, fékkst niðurstaða frá Hæstarétti. Tilhæfulaust. Þetta var bara venjulegur pólitískur skítabissness. Ásakanirnar tóku sinn toll í skertu trausti og týndri æru.

Niðurstaða Hæstaréttar þótti ekki fréttænæg, þegar hún kom öllum þessum árum seinna. Smáfrétt innan um auglýsingar á blaðsíðu 7.

En það er ekki bara, að sletturnar af skítkastinu hafi líka náð til mín. Stundum hef ég líka deilt heiðrinum. Ég hef staðið við hlið manns-

ins, uppi á sviði, þar sem hann hefur verið sæmdur heiðursnafnbót og ausinn lofi. Lófatak þúsunda hefur glumið í eyrum mér. Þar hefur hann verið hylltur. Hann var maðurinn sem þorði að bera sannleikanum vitni, þegar aðrir þögðu.

En þetta var í útlöndum. Það er enginn spámaður í sínu föðurlandi. (Og sjálfur segir maðurinn að það séu engir góðir pólitíkusar til – nema dauðir pólitíkusar).

Ég leyfði mér þann munad að trúá því, að allt þetta væri að baki. Stríðinu lokið og friðsælt ævkvöld fram undan. Allt þar til yfirstandandi gerningaveður brast á. Og enn einu sinni horfst ég í augu við ásýnd



**Hvers vegna þessi iðandi ormagarður af hatri? Lífi ég í þjóðfélagi sem er sjúkt? Þarf þetta þjóðfélag áfallahjálp? Og hvar er hennar að leita?**

hatursins. Í þetta sinn er þetta ekki bara pólitik. Ekki bara sviðsetning pólitískra mótherja, sem í hita leiksins vilja koma höggi á hættulegan andstæðing. Að þessu sinni er andlit hatursins afskræmt af heift og hefnigirni út yfir gróf og dauða. Það er helsjúkt og hamslaust. Það birtist mér í andliti dóttur minnar, systur minnar og systurdætra minna.

Dóttir mín skrifar mér niðbréf og segir: „Helvíti – það eruð þið“. Systurdóttir mín, þáttastjórnandi á RÚV, segir mig „siðblindur í meðvirkni“ og að ég sé „hætt að vera sjálfstæð persóna“.

Á vef mbl.is les ég það, að kona, sem ég sannanlega þekki ekki persónulega, segi, að hennar „verst geymda leyndarmál“ sé „hatur (sitt) á þeim hjónum“. Hún segir, að hún hafi á unglingsárum verið svívirt og auðmýkt heima í stofu foreldra

sinna. Og hún segir að þar hafi ég komið við sögu. Að ég hafi verið viðstödd, og aumkast yfir skíthælinn, sem þar er lýst, væntanlega af meðfæddri aumingjagæsku; og beðið stúlkuna að fyrirgefa honum. Trúlegt – eða hitt þó heldur!

Á ég að þurfa að segja þér og öðrum lesendum þessa blaðs, að þessi saga er, sem betur fer, hugarburður og heilaspuni. Ég hef aldrei – og mun aldrei – biðja gríða manni, sem hegðar sér eins og þarna er lýst. – Nú er „verst geymda leyndarmál“ söguberans – „hatur (hennar) á þeim hjónum“, eins og hún orðar það sjálf, ekki lengur leyndarmál. Hún hefur veitt hatri sínu útrás. Og hún áréttar það: „Mikið hataði ég þetta „fina“ líf okkar og fólksins í því.“ Hverjir lifðu þessu „fina lífi“, sem virðist hafa eittrað líf þessarar konu þegar á unglingsárum? Þrjátíu ár í heljargreipum haturs?

Upphaflega var þessi kona bara ein af ótal mörgum, sem veittu hatri sínu útrás – undir nafnleynd. Einnhverjum hjá mbl.is tókst að draga hana fram í sviðsljósið. Þess vegna er hægt að svara henni. En hvað með allar hinar, sem fela sig á bak við nafnleynd? Svo lengi sem þær þora ekki að standa við orð sín, hljóta þau að teljast „dauð og ómerk“.

En um leið og ég virði fyrir mér hina afskræmdu ásýnd hatursins, spyr ég sjálfa mig: Hvers vegna þessi iðandi ormagarður af hatri? Lífi ég í þjóðfélagi sem er sjúkt? Þarf þetta þjóðfélag áfallahjálp? Og hvar er hennar að leita?



**RENAULT**  
Passion for life

## Sparneytnir sportjeppar KADJAR, KOLEOS & CAPTUR



Renault Kadjar  
Verð frá: 4.290.000 kr.



Renault Koleos  
Verð frá: 6.250.000 kr.



Renault Captur  
Verð frá: 3.650.000 kr.

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is





# ALVÖRÐU

## LÝKUR NÚNA



**25-40%  
AFSLÁTTUR**

### af allri málningu

Verðdæmi:  
Deka Projekt 10L, Gljástig 10. St.A  
Verð nú **4.793** kr.  
Verð áður **6.390** kr.

Lutool rafhlöðuborvél  
24V Li-Ion  
Verð nú  
**8.704**  
Áður **10.880** kr.



**20%  
AFSLÁTTUR**

### Geymslubox og kassar. Margar stærðir.

Verð nú frá **218** kr.



**25%  
AFSLÁTTUR**

Verðdæmi: Plastkassi 52L m/hjólum og loki  
Verð nú **1.343** kr. Verð áður **1.790** kr.

## BLÖNDUM ALLA HEIMSINS LITI



**30%  
AFSLÁTTUR**

Deka Projekt 5 3 lítrar (stofn A)  
**1.743** kr.  
Áður **2.490** kr.



**25%  
AFSLÁTTUR**

Aqua 25 innimálning á bað.  
4 lítrar (stofn A)  
**3.143** kr.  
Áður **4.190** kr.



**MIKID  
ÚRVAL**

**20%  
AFSLÁTTUR**

Rafmangshitablásarar  
2kW. til 15kW  
Verð nú frá kr.  
**5.592**



**40%  
AFSLÁTTUR**

Rafmangshitablásari  
2Kw Verð nú  
**1.592**  
Áður **1.990** kr.

Tu-RWL0430W  
LED vinnuljós 30W m/  
hleðslubatteríi Verð nú  
**5.994**  
Áður **9.990** kr.



Vatnseld úlpa.  
Verð nú:  
**9.592** kr.  
Áður **11.990** kr.

Spandy 1200W Cyclone  
pokalaus heimilsryksuga  
**4.395**  
Áður **8.790** kr.



**20%  
AFSLÁTTUR**

DRIVE  
Bílskýrsryksuga  
fyrir vatn & ryk  
20 lítra tankur  
1200 Wött  
**7.996** kr.  
Áður **9.995** kr.



**20%  
AFSLÁTTUR**

### af öllum Supacell LED perum

Verð frá **236** kr.

Síðerma varmbolur.  
Verð nú:  
**3.992** kr.  
Áður **4.990** kr.



**20%  
AFSLÁTTUR**

### Delta vinnuföt - mikið úrval af flottum vönduðum fötum



**50%  
AFSLÁTTUR**

Lutool Combo Kit allt settið aðeins  
**11.243**  
Áður kr. **14.990**



**25%  
AFSLÁTTUR**

Skrúfvél 12V

Stingsög - Sverðsög 12V

Fjölnotatæki  
300W

**30%  
AFSLÁTTUR**

Olíufylltur  
rafmagnsofn  
2000W

Verð nú  
**5.943**  
Áður **8.490** kr.

**35%  
AFSLÁTTUR**

Oulin Florens  
eldhústæki

Verð nú  
**7.729**  
Áður **11.890** kr.

**40%  
AFSLÁTTUR**

IDO Seven D með  
hæglokandi setu

**29.934**  
Áður **49.890** kr.

Einnig til  
vegghengt

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is		

Afslættir gilda til 9/2/2019 aðeins á auglýstar vörur og á meðan birgðir endast.



# UM HELGINA!

# SAALA



**Harðparket,  
vínilparket,  
viðarparket**

**Allt að 50%  
AFSLÁTTUR**

Verðdæmi:

8mm Harðparket Smoke Eik. Verð nú **770 kr/m<sup>2</sup>** 50% afsáttur  
12mm Harðparket Eik hvítuð. Verð nú **1.718 kr/m<sup>2</sup>** 25% afsláttur  
14mm Parket Eik hvítuð Natural. Verð nú **1.995** 50% afsláttur

**20 -40%  
AFSLÁTTUR**

**Flísar  
MIKIÐ ÚRVAL**



**Frá kr.  
950 pr.  
m<sup>2</sup>**

Ceraviva Cementi ljós 60x60 Verð nú **2.392 kr/m<sup>2</sup>**

Prestige hvítar 30x75 Verð nú **2.094 kr/m<sup>2</sup>**

Veggflísar 10x30 Ral 9016 hvít mött Verð nú **1.614 kr/m<sup>2</sup>**

Veggflísar 15x15 dökk grá mött Verð nú **950 kr/m<sup>2</sup>**

**CERAVID**



3-6 lítra  
hnappur

**CERAVID SETT**  
WC - kassi, hnappur  
og hæglokandi seta.  
Þýsk gæðavara  
**29.168**  
Áður kr. 38.890

**25%  
AFSLÁTTUR**

Skál:  
„Scandinavia  
design“

**20%  
AFSLÁTTUR**

**Lavor**  
háþrýstidælur  
130-180 bör  
Verð nú frá:  
**9.992** kr.

**MIKIÐ  
ÚRVAL**



**25%  
AFSLÁTTUR**

LuTool gráðukútsög  
254mm blað  
**20.168**  
Áður kr. 26.890

Sög með 305mm blaði  
**26.918**



Sög á  
mynd m.  
305mm  
blaði

**20%  
AFSLÁTTUR**

**Snjóskóflur og  
snjósköfur í miklu  
úrvali**  
Verð frá **1.584** kr.



**20%  
AFSLÁTTUR**

Oulin og Bolego stálvaskar  
Margar gerðir  
Verð frá  
**3.294**

**30-40%  
AFSLÁTTUR**



Tower Nano sturtuset  
Verð nú:  
**9.592**  
Áður kr. 11.990

Gua-543-1 vegghengdur vaskur,  
1mm stál, einnig fánlegur í borð  
**7.794**  
Áður kr. 12.990

**40%  
AFSLÁTTUR**



**20%  
AFSLÁTTUR**

Egematur Aria  
**3.996**  
Verð áður 4.995



**25%  
AFSLÁTTUR**

**Guoren-BO** Hitastýrt  
sturtutæki með niðurstút.  
kr. **9.743** Verð áður 12.990



**25%  
AFSLÁTTUR**

Bíla & gluggabvottakústur,  
gegn um rennandi 116>180cm,  
hraðtengi með lokun  
**2.018**  
Áður kr. 2.690



**Álþröppur og stigar fyrir heimilið  
og fagmenn. Verð nú frá  
3.992** kr.

**20%  
AFSLÁTTUR**



Trappa Pro 6 þrep.  
Verð nú:  
**11.920**  
Áður kr. 14.990



# Kom ekkert annað lið til greina

Landsliðskonan Dagný Brynjarsdóttir samdi fyrir jól við eitt besta lið Bandaríkjanna, Portland Thorns. Hún hefur áður leikið með félaginu og þegar tilboðið barst frá Portland kom ekkert annað lið til greina.

**FÓTBOLTI** Það er komið á hreint hvert næsta félag landsliðskonunnar Dagný Brynjarsdóttur er eftir að Rangæingurinn skrifaði undir tveggja ára samning við Portland Thorns, eitt sterkasta félagslið Bandaríkjanna. Henni barst samningur frá Portland undir lok síðasta árs og skrifaði hún undir skömmu fyrir jól en það var loksins staðfest af hálfu félagsins á mánudaginn.

„Ég skrifaði undir á Þorláksmessu en félagið vildi ekki tilkynna þetta strax. Það voru margir að spyrja hvað tæki við og ég sagðist alltaf bara vera að fara aftur út eftir áramót.“

Dagný er öllum hnútum kunnug í Portland eftir að hafa leikið í tvö ár með félaginu. Þá lék hún með Florida State-háskólaliðinu þar sem hún var í öðru sæti yfir bestu leikmenn tímabilsins þegar lið Florida vann meistaratiðinn árið 2014.

Dagný sneri aftur á heimaslóðir sumarið 2014 og lék með Selfossi í tvö ár með stuttu stoppi hjá Bayern München þar sem hún varð þýskur meistari áður en hún hélt til Portland árið 2016.

„Ég fékk tilboð frá Portland og vissi af áhuga toppliða í Svíþjóð en þegar Portland sýndi áhuga kom ekkert annað til greina. Ég var í viðræðum um nýjan samning þegar ég varð ólétt og félagið hefur verið í reglulegu sambandi allan þennan tíma svo að ég vissi að þau vildu fá mig aftur,“ segir Dagný og heldur áfram:

„Að mínu mati er þetta einn af stærstu klúbbum heimsins og það er erfitt að segja nei við slíku tilboði. Leikmennirnir, aðstæðurnar og starfsfólkið er allt upp á tíu sem auðveldaði ákvörðunina. Ég hef átt gott samband við þjálfara liðsins, Mark Parsons. Hann vissi að ég væri ólétt á undan mörgum í fjölskyldunni því mér fannst ég þurfa að koma hreint fram og við höfum verið í reglulegu sambandi síðustu mánuði.“



Dagný varð meistari vestanhafs í síðasta leik sínum með liði Portland Thorns. PORTLAND THORNS/CRAIG MITCHELLDYER

**Það var áhugi frá toppliðum í Svíþjóð en eftir tilboð frá Portland kom ekkert annað til greina.**

Dagný Brynjarsdóttir

Hún reyndi að fylgjast með úrslitum úr leikjum Portland en tímamismunur upp á átta tíma var ekki að hjálpa Dagnýju.

„Ég fylgdist miknið með liðinu. Ég reyndi að horfa á leiki á austurströndinni, horfði á úrslitaleikinn. Leikir á vesturströndinni henta ekki fjölskyldulífinu á Íslandi vel,“ segir Dagný létt í lundu.

Portland bauð Dagnýju að koma fyrir út og er verið að vinna í vegabréfsáritun en komi til þess að hún verði í íslenska landsliðshópnum sem fer til Algarve fer hún út í byrjun mars.

„Leikmennirnir hittast í lok febrúar, þeir sem eru ekki í landsliðsverk efnum. Portland bauð mér að koma aðeins fyrir og það er allt tilbúið úti nema vegabréfsáritunin sem er verið að vinna í. Ég hef verið í reglulegu sambandi við Jón Þór og við tókum stöðuna með Portland á ný þegar Jón er búinn að velja hópinn fyrir Algarve. Ef ég fer til Algarve fer ég út til Portland strax eftir það en ef ég er ekki valin fer ég út á næstu dögum,“ segir Dagný sem er spennat að komast út á völlinn á ný.

Síðasti leikur hennar var gegn

Tékklandi í undankeppni HM haustið 2017.

„Það er komin mikil spennan að komast út á völlinn á ný. Ég æfði allan desember með meistaraflokki Selfoss án þess að fara í tæklingar. Svo kom smá bakslag undir lok desember en þegar landsliðið var á Spáni byrjaði ég aftur á æfingum og þá á fullu, með tæklingum,“ segir Dagný og heldur áfram:

„Þetta hefur verið þolinmæðisvinna, bæði líkamlega og andlega, að vinna í því að komast aftur í mitt besta stand. Það koma stundum verkir en það er ekkert sem truflar og ég er að vinna í því með sjúkrapjálfa mínum að komast aftur á réttan stað. Við tókum eitt skref í einu.“

kristinnpall@frettabladid.is

## Nýjast

Olís-deild kvenna



**Haukar - Stjarnan 25-25**

**Haukar:** Maria Pereira 9, Berta Rut Harðardóttir 5, Hekla Rún Ámundadóttir 3, Karen Helga Diönuadóttir 3, Ragnheiður Sveinsdóttir 2, Ramune Pekarskyte 1, Vilborg Pétursdóttir 1, Alexandra Lif Arnarsdóttir 1. **Stjarnan:** Stefania Theodórsdóttir 6, Pórey Anna Ásgeirsdóttir 5, Kristín Guðmundsdóttir 3, Rákel Dögg Bragadóttir 3, Hanna Guðrún Stefánsdóttir 3, Þórhildur Gunnarsdóttir 3, Elisabet Gunnarsdóttir 1, Dagný Huld Birgisdóttir 1.

**Fram - HK 31-20**

**Fram:** Ragnheiður Júlíusdóttir 7, Karen Knútsdóttir 6, Steinunn Björnsdóttir 6, Pórey Rósa Stefánsdóttir 4, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 2, Lena Margrét Valdimarsdóttir 2, Harpa María Friðgeirsdóttir 1, Hildur Þorgeirsdóttir 1, Unnur Ómarsdóttir 1, Elva Þóra Arnardóttir 1.

**HK:** Diana Kristín Sigmarsdóttir 7, Berglind Þorsteinsdóttir 4, Elna Ólöf Guðjónsdóttir 3, Elva Arinbjarnar 2, Ragnheiður Ragnarsdóttir 2, Þórunn Friðriksdóttir 1, Eva Hrunn Harðardóttir 1.

Enska bikarkeppnin



**Brentford - Barnet 3-1**

**Newport - M'brough 2-0**

**QPR - Portsmouth 2-0**

**Wolves - Shrewsbury 3-2**

## Toppslagur í Keflavík í kvöld

**KÖRFUBOLTI** Það er sannkallaður toppslagur í Domino's-deild kvenna í kvöld þegar Valsliðið heimsækir Keflavík í Sláturhúsið. Valsliðið mætir fullt sjálfstrausts til leiks til Keflavíkur enda Valskonur búnar að vinna átta leiki í röð. Alls hefur Valur unnið níu af tíu leikjum liðsins síðan Helena Sverrisdóttir samdi við Val í nóvember.

Keflavík getur náð sex stiga forskoti á Val og stigið stórt skref í átt að deildarmeistaratiðlinum með sigri í kvöld. –kpt

# ENDURNÝJADU TENGLIN MEÐ KODIAQ OG KAROQ.

LEIÐMÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU  
5



ŠKODA

**KODIAQ OG KAROQ. FYRIR FÓLKIÐ ÞITT OG NÁTTÚRUNA.**

Það er mikilvægt að vera í góðum tengslum við fólkitt sitt og náttúruna. Hvort sem þú velur margverðlaunaðan KODIAQ eða glænýjan og snjallan KAROQ gerir þú hvort tveggja. Komdu og prófaðu jeppabræðurna frá ŠKODA. Hlökkum til að sjá þig!

ŠKODA KODIAQ 4x4 frá:  
**5.790.000 kr.**

ŠKODA KAROQ frá:  
**4.690.000 kr.**



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is  
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílaskrá Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

www.skoda.is




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 6. febrúar 2019

5. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



  
**ROLEX**

OYSTER PERPETUAL  
DATE 34



  
**MICHELSEN**  
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík  
511 1900 - www.michelsen.is



Það á ekki að vera hlutverk Samkeppnis-efirlitsins að segja fyrirtækjum að selja þetta eða selja hitt.

## Ekkert svigrúm fyrir bolabrogð

Samkeppniseftirlitið verður oft vettvangur átaka um ólíka hagsmuni fyrirtækja. Útilokar að stjórnendur eftirlitsins stundi bolabrogð og telur orðræðu um það til þess fallna að einangra Samkeppniseftirlitið frá atvinnulífinu. Erlend samkeppnisyrivöld fylgdust vel með áformum Icelandair og WOW air um samruna. » 8-9



### »2 Evrópskur sjóður kaupir í Marel fyrir 2 milljarða

Vogunarsjóðurinn Teleios Capital hefur eignast 0,77 prósentu hlut í Marel. Kom fyrst inn í hluthafahóp félagsins í byrjun síðustu viku. Fjárfestir einkum í skráðum fyrirtækjum í Norður-Evrópu.

### »4 Eignasala Heimavalla gæti tekið fjögur ár

Búist er við því að Heimavöllum verði slitið ef tillaga um afskráningu félagsins úr Kauphöll verður samþykkt. Tafsamt gæti orðið að selja fasteignir félagsins, sér í lagi á Suðurnesjum. Greinandi segir andstöðu verkalyðsfélaga gagnvart leigufélögum óskiljanlega.

### »10 Færðist of mikið í fang

Greinendur telja að stjórnendur flugfélagsins Norwegian hafi lagt of ríka áherslu á vöxt. Félagið hafi færst of mikið í fang. Ekki eru allir sannfærðir um að milljarða króna innspýting muni duga til.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

  
**OAKLEY**

Oakley bretta- og skídagleraugu, margar gerðir.



Oakley bretta- og skíðahjálmar, margir litir.



**Optical Studio**  
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK





## Allir sjóðirnir nema Gildi nýttu sér kaupréttinn

Allir lífeyrissjóðir í hluthafahópi framtakssjóðsins Horns II, að undanskildum Gildi lífeyrissjóði, samþykktu að ganga inn í kaup Kólfs á hlut sjóðsins í Hvatningu, sem fer með tæplega 40 prósentu hlut í Bláa lóninu. Auk Gildis ákváðu tveir hluthafar, sem fara báðir með óverulegan eignarhlut í framtakssjóðnum, að hverfa úr hópi eigenda ferðaþjónustufyrirtækisins, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Tilkynnt var um það í nóvember í fyrra að samkomulag hefði náðst um kaup Kólfs, sem er í meiri hlutaeigu Gríms Sæmundsen, forstjóra Bláa lónsins, á 49,45 prósentu hlut Horns II í Hvatningu. Var hluthöfum framtakssjóðsins, sem er í rekstri Landsbréfa, veittur kaupréttur á sama gengi til loka janúar á þeim hlutum sem voru undir í viðskiptunum.

ViðskiptaMoggin greindi fyrst frá því í liðinni viku að Gildi lífeyrissjóður, sem heldur á ríflega 18 prósentu hlut í Horni II, hefði ákveðið að ganga ekki inn í kaupin en samkvæmt heimildum



Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa lónsins

blaðsins tengdist ástæðan „verulegum annmörkum á skjalagerð sem tengist fjárfestingunni“, eins og það var orðað.

Eins og greint hefur verið frá í Markaðinum í byrjun desember er Bláa lónið verðmetið á um það bil 50 milljarða króna í umræddu samkomulagi Kólfs og Horns II.

Auk Gildis lífeyrissjóðs er Lífeyrissjóður verslunarmanna stærsti hluthafi Horns II með rúmlega 18 prósentu hlut. Landsbankinn fer með 7,7 prósentu hlut í sjóðnum, Söfnunarsjóður lífeyrissjóðs 5,9 prósentu hlut og VÍS með 5,4 prósentu hlut.

Þeir hluthafar í framtakssjóðnum sem ákváðu að halda í eignarhlut sinn munu gera það í gegnum nýtt félag sem verður stofnað um hlut þeirra og Kólfs í Hvatningu. – hae, kj



Arni Oddur Þórðarson er forstjóri Marel en stjórnendur vinna nú að því að skrá félagið tvihiða í erlenda kauphöll.

## Vogunarsjóður kaupir í Marel fyrir 2 milljarða

Evrópski sjóðurinn Teleios Capital hefur eignast 0,77 prósentu hlut í Marel. Kom fyrst inn í hluthafahóp félagsins í byrjun síðustu viku. Fjárfestir einkum í skráðum fyrirtækjum í Norður-Evrópu með markaðsvirði undir þremur milljörðum dala.

Fjárfestingasjóður í stýringu evrópska vogunarsjóðsins Teleios Capital, sem er með höfuðstöðvar í Sviss, hefur fest kaup á hlut í Marel fyrir um tvo milljarða íslenskra króna. Þannig átti sjóðurinn Teleios Global Opportunities rúmlega 5,22 milljónir hluta í Marel, sem jafngildir um 0,77 prósentu eignarhlut, samkvæmt lista yfir alla hluthafa félagsins í gær og Markaðurinn hefur séð.

Sjóðurinn kom fyrst inn í hluthafahóp Marel í byrjun síðustu viku þegar hann keypti samanlagt fjórar milljónir hluta á genginu 402 eftir lokun markaða á þriðjudag, en það var verðbréfafyrirtækið Fossar markaðir sem hafði umsjón með viðskiptunum.

Vogunarsjóðurinn, sem var stofnaður árið 2013, var með eignir upp á samtals um einn milljarð Bandaríkjadala, jafnvirði um 120 milljarða króna, í stýringu síðastliðið haust en sjóðurinn fjárfestir einkum í skráðum evrópskum félögum.

Núverandi eignarhlutur Teleios Capital skilar sjóðnum ekki á opinberan lista yfir tuttugu stærstu hluthafa Marel. Einu erlendu fjárfestarnir á þeim lista eru bandaríska fyrirtækið MSD Partners, sjötti stærsti hluthafi félagsins með 3,6

# 278

milljarðar króna er núverandi markaðsvirði Marel.

prósentu eignarhlut, og fjárfestingasjóðurinn Smallcap World Fund, sem er í stýringu American Funds, níundi stærsti hluthafi Marel með tveggja prósentu hlut.

Gengi bréfa Marel hefur hækkað um meira en tíu prósent það sem af er þessu ári og stóð í 407,5 krónum á hlut við lokun markaða í gær. Markaðsvirði félagsins, sem er hið langstærsta í Kauphöllinni, er því núna um 278 milljarðar króna.

Í frétt Financial Times, sem birtist í september í fyrra, kemur fram að Teleios Capital fjárfesti í félögum með markaðsvirði upp á þrjú milljarða dala eða minna. Þá horfi sjóðurinn einkum til fyrirtækja í Norður- og Norðvestur-Evrópu sem fái litla umfjöllun á meðal greinenda og séu því almennt lítt þekkt hjá alþjóðlegum fjárfestum.

Árleg ávöxtun Teleios hefur að meðaltali numið 17,6 prósentum frá 2014. Í fyrra bærust yfirtökutilboð í fjögur fyrirtæki – SodaStream,

Fenner, Hogg Robinson og Cambian Group – sem sjóðurinn hafði fjárfest í, að því er fram kom í umfjöllun Financial Times.

Skömmu áður en evrópski vogunarsjóðurinn festi kaup á samtals rúmlega tveggja milljarða króna hlut í Marel hafði félagið Vogun, sem er í eigu Hvals, fjárfest í Marel fyrir um milljarð króna. Keypti félagið 2,55 milljónir hluta, eða sem nemur tæplega 0,4 prósentu eignarhlut, í Marel um miðjan síðasta mánuð.

Stærsti hluthafi Marel er Eyrir Invest með tæplega 28 prósentu hlut. Þá eiga íslenskir lífeyrissjóðir samanlagt um 38 prósentu hlut. Stjórnendur Marel vinna nú að því að skrá félagið tvihiða í erlenda kauphöll en til skodunar er skráning í Amsterdam, Kaupmannahöfn eða London. Líklegt er að niðurstaðan verði kynnt á aðalfundi í mars.

Marel mun birta uppgjör sitt fyrir árið 2018 eftir lokun markaða á morgun, miðvikudag, en hagfræðideild Landsbankans gerir ráð fyrir því að tekjur félagsins aukist um 42 milljónir evra og verði samtals 1.170 milljónir evra. Þá áætla deildin að EBITDA muni nema samtals 218,2 milljónum evra borið saman við tæplega 192 milljónir evra á árinu 2017. hordur@frettabladid.is

## Borgun tapaði rúmlega milljarði

Borgun tapaði rúmlega milljarði króna í fyrra, samkvæmt heimildum Markaðarins. Til samanburðar hagnaðist fyrirtækið um 350 milljónir króna árið 2017 og árið áður nam hagnaður af reglulegri starfsemi um 1,6 milljörðum króna. Það ár hagnaðist Borgun um 6,2 milljarða króna vegna sölu á hlut í Visa Europe.

Sæmundur Sæmundsson, framkvæmdastjóri Borgunar, vildi ekki staðfesta fjárhæðina í samtali við Markaðinn, fyrr en hluthafar hefðu verið upplýstir um gang mála. Hann segir að reksturinn gangi samkvæmt áætlun. Borgun starfi á ólíkum mörkuðum, það standi að



Sæmundur Sæmundsson, framkvæmdastjóri Borgunar.

útgáfu greiðslukorta á Íslandi og sé í færsluhirðingu á Íslandi, í Bretlandi, Króatíu, Ungverjalandi, Tékklandi og Slóvakíu. „Vöxturinn í færsluhirðingu er erlendis,“ segir hann. Markaðshlutdeildin á Íslandi sé 52 prósent.

Sæmundur segir að sex starfsmönnum hafi verið sagt upp um mánaðamótin. Fyrirtækið eigi

í harðri samkeppni og þurfi að straumlinulaga reksturinn.

Fram kom í Markaðnum í síðasta mánuði að Íslandsbanki hafi ákveðið að hefja að nýju söluferli á 63,5 prósentu hlut sínum í Borgun. Alþjóðlega ráðgjafarfyrirtækið Corestar Partners annast sölu. Bankinn fékk Corestar Partners í september 2016 til ráðgjafar við að móta framtíðarstefnu um hlut sinn í Borgun.

Minnihlutaeigendur Borgunar horfa jafnframt til þess að selja hlut sinn í fyrrihuguðu söluferli. Eignarhaldsfélagið Borgun, sem er samlagsfélag í eigu meðal annars Stálskipa og Einars Sveinssonar fjárfestis, á 32,4 prósentu hlut í Borgun. – hæ, hvj

### MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFEÐLAG 365 miðlar ehf., Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5000

Ritstjóri Hörður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is



## TIL SÖLU VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUFYRIRTÆKI

Verslun ásamt skerpingarverkstæði, sem þjónustað hefur byggingariðnaðinn í 35 ár er til sölu.

Reksturinn er tvískiptur, Innflutningur, sala á sagarblöðum, fræsistöðnum og öðrum verkfærum fyrir tré- og málmíðnaðinn annars vegar og hins vegar skerping á sagarblöðum og ýmsum bitverkfærum fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Fyrirtækið hefur ávallt verið leiðandi á sínu sviði og hefur yfir að ráða fullkomnum tölvustýrdum skerpingarvélum fyrir flestar gerðir sagarblaða og verkfæra.

Velta fyrirtækisins var um 40 milljónir á síðasta ári og felast talsverðir stækkunarmöguleikar í auknum innflutningi.

Allur núverandi rekstur er til sölu ásamt vélum, vörubirgðum og viðskiptasamböndum. Í dag starfa tveir starfsmenn hjá fyrirtækinu.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 564 2488 OG skarpur@simnet.is



# VINSÆLUSTU LÚXUSBÍLAR Á ÍSLANDI 2018

## VOLVO XC60 AWD HANNÆÐUR FYRIR ÞIG

Volvo XC60 AWD er sannarlega einstakur bíll. Hann var valinn heimsbíll ársins 2018 af World Car Awards og öruggasti billinn hjá Euro NCAP árekstrarprófunarstofnuninni. Hann var einnig valinn jeppi ársins 2018 af Bandalagi íslenskra bílblaðamanna og hefur hlotið fjölda annarra verðlauna.

Volvo XC60 AWD er skandinavísk nútímahönnun að innan og utan og sænsk gæðaframleiðsla beint frá Gautaborg sem byggð er á náttúrulegum gæðaefnum sem gera hverja ökuferð að einstakri upplifun.

XC60 AWD dísil verð frá: 7.490.000 kr.  
XC60 AWD T8 tengitvinn verð frá: 8.790.000 kr.

## VOLVO XC90 AWD OKKAR SÝN Á LÚXUS

Volvo XC90 AWD hefur verið hlaðinn lofi frá því hann kom fyrst á markað sem endurspeglast í meira en 65 alþjóðlegum verðlaunum. Hann var kynntur sumarið 2015 á Íslandi og valinn Bíll ársins á Íslandi 2016 og skömmu síðar Jeppi ársins í Bandaríkjunum. Honum hefur hlotnast fjöldi annarra verðlauna m.a. öruggasti billinn og öruggasti stóri jeppinn af Euro NCAP og hlaut Top Safety Pick af Bandarísku umferðaröryggisstofnuninni (IIHS).

Volvo XC90 AWD er skandinavískur lúxus beint frá Gautaborg hlaðinn búnaði og þægindum.

XC90 AWD dísil verð frá: 8.990.000 kr.  
XC90 AWD T8 tengitvinn verð frá: 10.690.000 kr.

## VOLVO XC40 AWD TÍMAMÓTABÍLLINN

Það eru breyttir tímar. Meira er ekki lengur allt. Volvo XC40 AWD hefur allt sem þú þarft. Engu er ofaukið. Framúrstefnuleg hönnunin og nýstárleg tæknin gera þennan jeppa alveg einstakan. Svo einstakan að hann var valinn Bíll ársins í Evrópu 2018 og að auki fékk hann fimm stjörnur í árekstrarprófunum Euro NCAP. Skandinavískur lúxus í nýstárlegum búningi.

XC40 AWD dísil verð frá: 6.490.000 kr.  
XC40 AWD bensín verð frá: 6.990.000 kr.

**Komdu og skoðu þessa vinsælu verðlaunajeppa  
í nýjum glæsilegum sýningarsal Volvo að Bíldshöfða 6**



**V O L V O**

Volvo á Íslandi | Brimborg

[volvocars.is](http://volvocars.is)

Brimborg Reykjavík | Bíldshöfða 6 | Sími 515 7000 | Brimborg Akureyri | Tryggvabraut 5 | Sími 515 7050



# Eignasala Heimavalla gæti tekið fjögur ár

Búist er við því að Heimavöllum verði slitið ef tillaga um afskráningu félagsins úr Kauphöll verður samþykkt. Tafsamt gæti orðið að selja fasteignir félagsins, sér í lagi á Suðurnesjum. Greinandi Capacent segir andstöðu verkalýðsfélaga gagnvart leigufélögum óskiljanlega.

Kristinn  
Ingi Jónsson  
kristinningi@frettabladid.is



Gert er ráð fyrir því að íbúðaleigu-félagið Heimavellir verði leyst upp og eignir þess seldar í skömmtum ef hluthafar félagsins samþykkja að taka það af hlutabréfamarkaði. Þetta herma heimildir Markaðarins.

Fram kom í máli fulltrúa verðbréfafyrirtækisins Arctic Finance á fundi með hluthöfum Heimavalla að það gæti tekið þrjú til fjögur ár að selja allar eignir leigufélagsins, sem eru um 1.900 talsins, til þess að mögulegt yrði að slíta félaginu. Tímáfrestast er talið að það yrði að selja íbúðir félagsins á Suðurnesjum en þær voru um 840 talsins í lok september í fyrra.

Snorri Jakobsson, greinandi hjá ráðgjafarfyrirtækinu Capacent, segir að ef það kæmi til upplausnar félagsins myndi það draga mjög úr framboði á leiguhúsnæði og stuðla að herra leiguverði. Andstaða verkalýðsfélaga gagnvart leigufélögum líkt og Heimavöllum sé í því ljósi óskiljanleg.

Af samtölum Markaðarins við hluthafa og aðra þá sem þekkja vel til innan Heimavalla að dæma er óvíst hvort margir hluthafar samþykki að ganga að tilboði sem fjárfestingafélagið Sigla og fjárfestingasjóður í rekstri Alfa Framtaks hafa gert í hlutabréfi í leigufélaginu á genginu 1,3 krónur á hlut.

Til samanburðar jafngilti bókfært eigið fé Heimavalla genginu 1,7 í lok þriðja fjórðungs síðasta árs og miðað við nýlegar sölur leigufélagsins á fasteignum í sinni eigu samsvarar upplausnarvirði félagsins gengi í kringum 2. Er það ríflega 50 prósentum herra en gengið í tilboði Siglu og Alfa Framtaks.

Hlutabréfaverð er í Heimavöllum, sem er stærsta íbúðaleigufélag landsins, hefur hækkað um ríflega 2,5 prósent frá því að greint var frá bréfi sem nokkrir stærstu hluthafar félagsins skrifuðu stjórn þess síðasta föstudag en í bréfinu fara hluthafarnir, sem eru félög í eigu Finns Reyrs Stefánssonar, Steinunnar Jónsdóttur og Tómasar Kristjánssonar, fram á að stjórnin boði til hluthafafundar þar sem kosið verði um afskráningu félagsins úr Kauphöll.


## Vilja frekari upplýsingar

Viðmælendur Markaðarins telja nokkuð skorta á að umræddir hluthafar geri markaðinum grein fyrir



Heimavellir voru í maí í fyrra fyrsta íbúðaleigufélagið til þess að fara á hlutabréfamarkað. Stórir hluthafar vilja nú afskrá félagið en þeir telja skráninguna ekki hafa skilað væntum ávinningi fyrir hluthafa og félagið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Skipting eignasafns Heimavalla í lok september 2018



■ Höfuðborgarsvæðið  
■ Austurland  
■ Norðurland  
■ Suðurland  
■ Suðurnes  
■ Vesturland

fyrirætlanum sínum, svo sem um mögulega eignasölu og upplausn félagsins, fari svo að hlutabréf Heimavalla verði tekin úr viðskiptum í Kauphöllinni. Einn viðmælandi bendir þannig á að erfitt sé fyrir hluthafa íbúðaleigufélagsins að taka afstöðu til tilboðsins og tilloðu þeirra um afskráningu fyrr en áform þeirra skýrist frekar.

Af þessum sökum liti óvissa auk þess viðskipti með hlutabréfi

Heimavöllum þessa dagana. Gengi bréfanna stóð í 1,22 krónum á hlut eftir lokun markaða í gær en það fór lægst í 1,08 krónur á hlut í nóvember síðastliðnum. Til samanburðar voru bréfin tekin til viðskipta í Kauphöll á útboðsgenginu 1,39 krónur á hlut í seinni hluta maí-mánaðar í fyrra.

Forsvarsmenn félaganna Gana, Snæbóls og Klasa, sem eiga samantlagt ríflega 18,9 prósent hlut í Heimavöllum, skrifuðu stjórn félagsins umrætt bréf en þar segir að það sé mat hluthafanna að skráning félagsins hafi ekki skilað væntum ávinningi fyrir hluthafa og félagið.

Einn viðmælandi í hluthafahópi Heimavalla veltir því fyrir sér hvort hluthafarnir hafi fengið fyrirheit frá fasteignafélögum eða öðrum leigufélögum, svo sem Almenna leigufélaginu, um að kaupa hluta af eignasafni Heimavalla í kjölfar afskráningarinnar. Þess má geta að Sigla, sem er í eigu Gana og Snæbóls, er fjórði stærsti hluthafi Regins og þá er Tómas jafnframt stjórnarformaður fasteignafélagsins.

Snorri segir tillöguna um afskráningu ekki hafa komið á óvart. „Eins og við höfum itrekað bent á er upplausn félagsins í raun eina vitið. Það felast töluverð hagnaðartækifæri í þessu fyrir hluthafa sem geta fengið eignirnar á útsöluverði,“ nefnir hann.

„Staðan er hins vegar að mörgu

leyti ótrúlega sorgleg.“ bætir Snorri við og bendir á að upplausn félagsins muni að öðru óbreyttu draga mjög úr framboði á leiguhúsnæði og stuðla þannig að herra leiguverði. „Leigufélög hafa átt gríðarlega erfitt uppdráttar á Íslandi og ég skil ekki þessa miklu andstöðu verkalýðsfélaga gagnvart þeim. Slik andstaða skilar sér í engu öðru en samdrætti á framboðnu leiguhúsnæði og herra leiguverði. Hvaða hagsmuni eru verkalýðsleiðtogar að verja með því?“

Snorri nefnir einnig að lífeyris-sjóðirnir, stærstu fjárfestarnir á íslenskum hlutabréfamarkaði, hafi ekki sýnt Heimavöllum mikinn áhuga. Félagið hafi mögulega ekki hentað þeirra eignasafni vel enda hafi sjóðirnir fremur viljað lána beint til sjóðfélaga á undanförunum árum. Markaðurinn hafi að öðru leyti ekki verið tilbúinn fyrir leigufélagin.

## Afskráning rædd í fyrra

Óhætt er að segja að skráning Heimavalla á hlutabréfamarkað hafi valdið vonbrigðum. Hlutabréfin lækkuðu strax í verði á fyrsta viðskiptadegi og náðu sér aldrei á strik eftir það. Verðlækkunin undanfarna mánuði hefur gert það að verkum að bókfært virði eigin fjár leigufélagsins hefur haldist umtalsvert herra en markaðsvirði þess. Nemur munurinn tæplega fimm

Leigufélög hafa átt gríðarlega erfitt uppdráttar á Íslandi og ég skil ekki þessa miklu andstöðu verkalýðsfélaga gagnvart þeim.

Snorri Jakobsson,  
greinandi hjá  
Capacent



milljörðum króna miðað við bókfært virði eigin fjár Heimavalla í lok septembermánaðar, sem var rúmum 18,7 milljarðar króna, og núverandi markaðsvirði félagsins, sem er um 13,7 milljarðar króna.

Lækkunarhrinin hefur reynt á þolinmæði hluthafa Heimavalla sem keyptu margir hverjir sig fyrst inn í félagið árið 2017 þegar markaðsvirði þess nam meira en 16 milljörðum króna.

Eins og greint hefur verið frá í Markaðinum kom það til tals í hópi stærstu hluthafa Heimavalla strax í kjölfar skráningar leigufélagsins síðasta sumar hvort réttast væri – í ljósi áður nefndrar stöðu – að leysa félagið upp og selja eignir. Var sá möguleiki meðal annars ræddur á hluthafafundi Heimavalla snemma sumars.

Greinendur bentu einnig á þennan möguleika en í verðmati sem ráðgjafarfyrirtækið Capacent sendi frá sér um mitt sumar var tekið fram að „virði eigna félagsins endurspeglast ekki í markaðsverði, ef marka má meðalfermetravæð á starfssvæðum félagsins.“

Því væri ekki óeðlilegt að eigendur félagsins myndu spyrja sig hvort það sé ekki hagstæðast að leysa félagið upp og selja eignir.“

Nokkrir hluthafar lýstu á þessum tíma vilja til þess að skoda þann kost gaumgæfilega en aðrir vildu biða og sjá hvernig reksturinn og hlutabréfaverðið þróaðist. Bundu þeir í því sambandi sérstaklega vonir við að hagstæð endurfjármögnun félagsins yrði til þess fallin að auka tiltrú fjárfesta á félaginu.


Þá heyrðust einnig þær raddir í hluthafahópnum að ólíklega tækist að hámarka virði eignasafnsins með því að setja allar fasteignir félagsins, hátt í tvö þúsund talsins, á markað. Það myndi leiða til of mikillar framboðsaúkningar á markaði sem hefði þegar sýnt ýmis merki kólnunar.

## Fasteignafélögin eru ódýrari en á hinum Norðurlöndunum

Íslensku fasteignafélögin eru töluvert ódýrari en þau á hinum Norðurlöndunum þegar litið er til verðkennitalna. Horft til rekstrarhagnaðar að teknu tilliti til heildarvirðis, það er hlutafjár og skulda, eru íslensku félögin rúmlega 20 prósent ódýrari. Eiginfjárlutfall íslensku fasteignafélaganna er um 32 prósent samanborið við um 50 prósent hjá norrænu fasteignafélögum. Þetta kemur fram í greiningu Capacent.

Að mati Capacent eru fasteignafélögin vanmetin á markaði. Markaðsgengi Reita er 72,8 en Capacent metur það á 96 krónur á hlut, gengi Eikar er 8,55 á markaði en verðmatsgengið er 11,3 og markaðsgengi Regins er 21,5 en verðmatið hljóðar upp á 25,3.

Af fasteignafélögum þremur í



Reitir greiða hæstu fasteignagjöldin í Kauphöllinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# 20%

óðyrari eru íslensku fasteignafélögin en þau norrænu

Kauphöll á sviði atvinnuhúsnæðis er Eik með hæsta leiguarðsemi. Meðal-leiguarðsemi Eikar frá árinu 2014 hefur verið 6,4 prósent, Reita 5,8 prósent og Regins um 5,7 prósent. Leiguarðsemi félaganna hefur lækkað á undanförunum árum, einkum vegna hærri fasteignagjalda, að því er fram kemur í greiningunni.

Leigutekjur Reita greiða hraðast upp virði fjárfestingareigna eða á 12,2 árum, það tekur 12,6 ár hjá Eik og 14,6

ár hjá Regin. Út frá þessu má draga þá ályktun að hæst leiga sé greidd að meðaltali af eignum Reita miðað við undirliggjandi verðmæti eignanna. „Hér verður þó að hafa í huga að 10 prósent tekna Eikar eru af hótellekstri og teljast ekki til leigutekna. Einhverjum þykir ef til vil skrytið að Reitir hafi hagstæðasta leigumargfaldarann þegar leiguarðsemi félagsins er mun lægri en Eikar. Ástæða þess virðist liggja í hærri rekstrar-kostnaði Reita. Hér vegur þungt að fasteignagjöld Reita af fasteignamati eru hæst meðal fasteignafélaganna og hærri en hjá Eik,“ segir í greiningunni. Samkvæmt útreikningum Capacent er virði yfirfæranlegs skattalegs taps hjá Reitum 5,3 milljarðar króna, 1,4 milljarðar hjá Eik og 0,5 milljarðar hjá Regin. – hvj



# STAFRÆNA BYLTINGIN HELDUR ÁFRAM

## REYKJAVÍK INTERNET MARKETING CONFERENCE

RIMC, ráðstefna um stafræna  
markaðssetningu, verður haldin  
í 16. sinn þann **5. apríl** nk. á Grand  
Hótel Reykjavík.

Fyrirlesarar sýna dæmi um hvernig netið hefur  
breytt öllu markaðsstarfi og það sem hæst ber í  
stafrænni markaðssetningu, hvort sem það snýr  
að heimi snjalltækja, samfélagsmiðla, leitarvéla  
eða annarra stafrænna markaðsleiða.

**Uppselt hefur verið á RIMC ráðstefnuna ár eftir ár.  
Misstu ekki af þessu tækifæri og tryggðu þér miða  
í tíma.**

Níu frábærir fyrirlesarar með fjölbreytta  
þekkingu og reynslu úr faginu.

Aðalfyrirlesararnir fjórir koma frá **Legó**,  
**Ikea**, **Google** og **Shopify**.

**Forsöluverð** til 10. febrúar: 29.900 kr.



Luis Navarrete Gómez



Hana Abaza



Krista Seiden



Arnoldo Cabrera



Upplýsingar og miðasala á [RIMC.is](http://RIMC.is)





# Höfuðstöðvar líklega fluttar til Ameríku

Bandaríkin eru stærsti markaður Tempo og stærsti hluthafinn er þaðan. Munu áfram reka dótturfélög í Reykjavík og Montreal í Kanada. Starfsmönnum í Montreal hefur fjölgað hratt vegna styrkingar krónu en þar eru laun lægri. Þar eru margir háskólar og greiðari aðgangur að starfskröftum.

Helgi Vífill  
Júliusson  
helgivi@frettabladid.is



Það er mjög líklegt að höfuðstöðvar Tempo verði fluttar til Bandaríkjanna. Þar er okkar stærsti markaður og eigendur meirihluta félagsins eru í Los Angeles. Við munum áfram reka öflug dótturfélög í Reykjavík og Montreal í Kanada,“ segir Ágúst Einarsson, framkvæmdastjóri Tempo, í samtali við Markaðinn.

Fjárfestingafélagið Diversis Capital keypti 55 prósent hlut í Tempo af Origo, sem áður átti hugbúnaðar-fyrirtækið að fullu, í nóvember fyrir 34,5 milljónir dollara, jafnvirði 4,2 milljarða króna. Eigendurnir munu sameiginlega leggja Tempo til tveir milljónir dollara, jafnvirði 241 milljónar króna. Jafnframt hafa þeir lýst yfir vilja til að styðja við innri og ytri vöxt félagsins á næstu árum, eftir því sem tækifæri gefast. Diversis Capital tilefnir þrjá í stjórn Tempo en Origo tvo.

„Þeir fara með meirihluta í félaginu og vinna mjög náið með okkur á mörgum sviðum. Þeir horfa til tækifæra í innri vexti – við teljum að hann verði áfram um 30-35 prósent á ári – og mögulega að yfirtaka önnur fyrirtæki. Við fáum stuðning til að hrada vextinum enn frekar en verið hefur,“ segir Ágúst.

Origo leitaði að meðfjárfesti í tvö ár og hitti Ágúst yfir 100 fjárfestinga-sjóði staðsetta í Evrópu og Bandaríkjunum í því skyni. „Hugmyndin var að sjóðurinn væri ekki of stór til þess að við myndum fá næga athygli og stuðning frá honum. Sjóðurinn þurfti að vera sérhæfður á þeirri syllu sem við störfum á og hafa sýnt fram á góðan árangur. Síðast en ekki síst þurfti starfsfólk okkar og þeirra að smella saman. Þetta allt fengum við frá Diversis Capital. Við erum stærsta fjárfesting þeirra og þeir eru afar áhugasamir um reksturinn,“ segir hann.



„Reksturinn á síðasta ári var alveg frábær. Hann hefur aldrei verið eins góður,“ segir Ágúst Einarsson, framkvæmdastjóri Tempo. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Þeir horfa til tækifæra í innri vexti – við teljum að hann verði áfram um 30-35 prósent á ári – og mögulega að yfirtaka önnur fyrirtæki.**

## Tíu ára saga

Ágúst segir að fyrir tíu árum hafi fámenn teymi innan TM Software, sem var í eigu Nýherja og sameinaðist síðar í Origo, smíðað einfaldan hugbúnað til að sinna tímaskráningum sem fyrst og fremst hafi verið notaður af starfsmönnum. „Við fórum síðar að skima eftir tækifærum og höfum samstarf við Atlassian. Þeirra hugbúnaður, sem snýr að vinnu- og verkefnastjórnun, er í skýinu. Önnur hugbúnaðarfyrirtæki geta þróað viðbætur, eins og við höfum gert.

Á þeim tíma var Atlassian lítið og ungt fyrirtæki en veltan hefur vaxið um 40-50 prósent á hverju ári og við höfum fylgt þeim vexti. Tekjur Tempo hafa vaxið um 30-35 prósent á ári. Þær hafa vaxið úr engu í að vera 22 milljónir dollara, jafnvirði 2,6 milljarða króna, á síðasta

ári. Starfsmenn eru orðnir rúmlega 100 í þremur löndum.

Nær alla tekjurnar eða 99 prósent koma erlendis frá en við erum með 13 þúsund viðskiptavinum. Atlassian er með með 134 þúsund viðskiptavinum en þar af eru 65 þúsund sem nota Jira og geta þar af leiðandi notað okkar hugbúnað.

Á undanförunum tveimur árum höfum við verið að undirbúa að tengjast fleiri kerfum á borð við Jira til að vaxa enn frekar. Það eru færri en tíu slík kerfi sem rökrétt væri fyrir okkur að vera í. Við endurskrifuðum vöruna fyrir Amazon Web Services (AWS) og getum því auðveldlega sótt í önnur kerfi sem eru í skýinu.“

## Keyptu lítið fyrirtæki í Montreal Hefur Tempo áður ráðist í yfirtöku?

„Við yfirtökum lítið fyrirtæki í Montreal í Kanada fyrir þremur árum. Það var grunnurinn að uppbyggingunni þar í landi. Starfsmenn þar eru orðnir um 50.“

## Til hvernig fyrirtækja er horft varðandi yfirtöku?

„Þrjár tegundir fyrirtækja koma til greina. Í fyrsta lagi fyrirtæki sem myndi auka markaðshlutdeild okkar hjá Jira. Í öðru lagi fyrirtæki sem myndi hrada vegferð okkar við

að byggja upp viðskipti í öðru kerfi því þá þurfum við ekki að byrja frá grunni. Í þriðja lagi kemur til greina að kaupa áhugaverða gervigreindartækni sem eykur sjálfvirkni.“

## Er engin hættu á að Atlassian hætti að vaxa svona hratt?

„Atlassian er metið af rannsóknarfyrirtækjum það allra besta í þessum geira. Um er að ræða nýja kynslóð af hugbúnaði í skýinu sem skákar keppinautnum. Við höfum mikla trú á áframhaldandi vexti hjá þeim.“

## Nánast hundaheppni

Var það ígrunduðuð stefnumiðuð ákvörðun að hefja samstarf við Atlassian eða hundaheppni?

„Það má alveg segja að þetta hafi nánast verið hundaheppni. Fyrir tíu árum var Atlassian lítið fyrirtæki frá Ástralíu en okkur þótti varan spennandi. Það hefur verið frábært að vinna með þeim. Þeim vegnar vel og eiga meðal annars hlut í og eru í nánú samstarfi við Slack sem margir þekkja.“ Slack er spjallforrit fyrir vinnustaði og er metið á 767 milljarða króna.

## Hvernig hefur rekstur Tempo gengið samhliða miklum vexti?

„Reksturinn á síðasta ári var alveg frábær. Hann hefur aldrei verið eins góður. Ég vil ekki gefa upp hver

hagnaðurinn var en EBITDA, hagnaður fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta, sem hlutfall af tekjum var um tíu prósent.“

## Hver er lykkillinn að því?

„Við höfum verið varkár þegar kemur að vextinum og gætt þess að ráða ekki starfsfólk nema tryggst sé að auknar tekjur séu handan við hornið. Auk þess hefur okkur auðnast að velja réttu verkefnum sem hafa skilað góðri afkomu.“

Krónan er sterk og laun hér á landi eru há, hefur ekki reynst dýrt að hafa Íslendinga á launaskrá í alþjóðlegri samkeppni?

„Þetta var erfitt á árinu 2017 en krónan hefur veikst að undanförunum sem hefur bætt stöðuna. En það er einmitt ástæðan fyrir því að starfsmönnum hefur fjölgað hratt í Montreal. Þar kostar minna að framfleyta fjölskyldu og launin eru lægri. Því til viðbótar eru þar margir háskólar og því er greiður aðgangur að öflugum starfsfólki á meðan það er harðar barist um starfsfólk á Íslandi.“

Aðspurður segir Ágúst að í Kanada fái 25 prósent endurgreiðsla af kostnaði við rannsóknir og þróun án þaks en hérlendis sé hlutfallið 20 prósent og þak. Fyrir liggur frumvarp um að hækka þakið í 600 milljónir úr 300 milljónum króna.

## Greinendur spá að Ícelandair verði rekið með sex milljarða tapi

Að meðaltali vænta greinendur þess að Ícelandair Group verði rekið með 49,5 milljóna dollara tapi, jafnvirði sex milljarða króna, á fjórða ársfjórðungi. Það er 9,5 milljónum dollara, jafnvirði 1,1 milljarða króna, meira tap en á sama tíma fyrir ári. Arion banki spáir því að tapið muni nema 51,4 milljónum dollara en IFS og Landsbankinn eru samstigi og reikna með 48,6 milljóna dollara tapi. Ícelandair Group mun birta afkomu sína á fimmtudag.

Að meðaltali er reiknað með að tekjur fyrirtækisins aukist um 9,6 prósent á milli ára á fjórðungnum og þær muni nema 320 milljónum dollara.

Að meðaltali reikna greinendur með að EBITDA, afkoma fyrir fjár-

9,6%

tekjuvöxtur á milli ára er það sem greinendur reikna með.

magnsliði, afskriftir og skatta, verði neikvæð um 23,8 milljónir dollara. Til samanburðar var EBITDA félagsins neikvæð um 16,9 milljónir dollara á sama tíma fyrir ári. Arion er svartsýnastur og reiknar með að tapið á þann mælikvarða verði 23,6 milljónir dollara en Landsbankinn er bjartsýnastur og gerir ráð fyrir 22,8 milljóna dollara tapi. IFS spáir því að EBITDA verði neikvæð um 25,1 milljón dollara. – hvj

## Korta ræður tvo stjórnendur

Korta hefur ráðið tvo stjórnendur. Sigtryggur A. Árnason tók við sem framkvæmdastjóri upplýsingatækni og Andrea R. Þorlákssdóttir hefur verið ráðin sem forstöðumaður áhættustýringar, samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu.

Sigtryggur hefur 20 ára reynslu úr hugbúnaðargeiranum meðal annars við að leiða hugbúnaðararkitektúr, tæknilega sýn fyrirtækja og teymi í fjölþjóðlegu umhverfi. Hann var áður framkvæmdastjóri yfir R&D og hugbúnaðararkitekt á heildarlausn Novomatic Lottery Solutions (NLS) þar sem hann leiddi innleiðingu nýrrar tækni og betrubætur á hugbúnaði NLS. Áður tók hann þátt í að leiða þróun hugbúnaðar fyrir Landsbankann í Lúxemborg og OZ.

» Kvika banki er stærsti einstaki hluthafi Korta með yfir 50 prósent eignarhlut.

Andrea hefur mikla reynslu af greiðslumiðlun eftir að hafa starfað hjá Borgun í yfir 17 ár. Eftir að hafa byrjað í þjónustu við viðskiptavinum, vann Andrea í endurkröfudeild áður en hún flutti sig yfir í að þróa ferla fyrir erlend netviðskipti hjá Borgun. Síðustu átta

ár hefur hún einblint á áhættustýringu og eftirlit með seljendum, búið til og þróað ferla ásamt því að starfa að innleiðingu nýrra eftirlitskerfa.

Jakob Már Ásmundsson, fyrrverandi forstjóri Straums fjárfestingarbanka, var ráðinn forstjóri færsluhirðingarfyrirtækisins í desember. Samhliða var hlutafé fyrirtækisins aukíð um 1.050 milljónir króna. Forstjórinn lagði til um 80 milljónir króna. Kvika banki er stærsti einstaki hluthafi félagsins með yfir 50 prósent eignarhlut. – hvj



Andrea R. Þorlákssdóttir.

Sigtryggur A. Árnason.



Þú finnur draumastarfið á

# Job.is



Sölu- og markaðsstörf



Heilbrigðisþjónusta



Iðnaðarmenn



Upplýsingatækni



Verslun og þjónusta



Veitingastaðir



Kennsla



Ferðapjónusta



Stjórnendur

**GLÆNÝ OG  
FERSK STÖRF  
Í HVERRI VIKU**



# Job.is





Páll Gunnar hefur áhyggjur af því að orðræða um að geðþótti liggi að baki ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins sé til þess gerð að fæla fyrirtæki frá því að hafa samskipti við SKE. FRÉTTABLAÐID/EYÞÓR

# Hlutverkið ekki fallið til vinsælda

Samkeppniseftirlitið tók veigamiklar ákvarðanir í samrunamálum á síðasta ári. Páll Gunnar Pálsson, forstjóri eftirlitsins, segir stofnunina oft vera vettvang á taka um ólíka hagsmuni. Erlend samkeppnisyfirvöld fylgdust vel með samrunaáformum Icelandair og WOW air.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson  
tfh@frettabladid.is



Síðustu tvö ár hefur verið afar mikið að gera í samrunamálum, ekki einvörðungu hvað varðar fjölda mála heldur einnig umfang. Allmargir þessara samruna hafa varðað aukna samþjöppun og á mikilvægum mörkuðum. Í slíkum tilvikum skiptir miklu máli að standa vörð um samkeppni og hagsmuni almennings,“ segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, í samtali við Markaðinn. Vísar hann meðal annars til þeirra stóru samruna á smásölumarkaði sem Samkeppniseftirlitið samþykkti í fyrra með ströngum skilyrðum.

Skemmst er þó að minnst þess þegar tilkynnt var um fyrirhugaða yfirtöku Icelandair á WOW air í byrjun nóvember. Samruninn var umfangsmikill og flókinn, og tíminn var naumur.

„Erfiðleikar í flugrekstri íslensku flugfélaganna, sér í lagi hjá WOW air, kölluðu á mjög skjót viðbrögð og Samkeppniseftirlitið brást mjög skjótt við. Nær öllum öðrum verkefnum var ýtt til hliðar og gagnaöflun gekk greiðlega svo rannsóknin var langt á veg komin þegar fyrirtækin hættu við,“ segir Páll Gunnar.

Samrunaáform íslensku flugfélaganna vörðuðu ekki einungis íslensk yfirvöld. „Sameiningin hefði haft talsvert vægi á nokkrum

## Finna má betri útfærslur á viðmiðum

Samkeppniseftirlitið fær fjölda mála á hverju ári á sitt borð enda ber að tilkynna um samruna ef farið er yfir ákveðin viðmið. Sem stendur þarf að tilkynna um samruna ef samanlögð heildarvelta er 2 milljarðar eða ef hið minnsta tvö fyrirtæki eru með 200 milljóna króna veltu. Þessum viðmiðum var síðast breytt árið 2008 en Páll Gunnar segist opin fyrir því að finna betri útfærslur til að Samkeppniseftirlitið geti einbeitt sér að stærri málum. „Það er eðlilegt að huga reglulega að því hvort þetta séu réttu veltumörkin eða ekki. Samkeppnis-

áfangastöðum í nágrannalöndum og í samkeppni yfir Atlantshafið og því fylgdust erlend samkeppnisyfirvöld vel með málinu þótt formleg rannsókn hafi ekki verið hafin annars staðar en hér. Það gleymist oft í umræðu um líklega niðurstöðu málsins segir hann að það sé ekki ábyrgt að slá því föstu hver endanleg niðurstaða hefði orðið, fyrst ekki kom til hennar. „Aðilar málsins gerðu sér hins vegar augljóslega grein fyrir því að það væri eðli máls samkvæmt á brattann að sækja að fá svo veigamikinn sam-

eftirlitið setur sig ekki upp á móti því að veltumörkin séu hækkuð svo fremi sem almannahagsmuna sé gætt. Keppikeflið hlýtur að vera að tryggja almannahagsmuni með sem skilvirkustum hætti. Staðreyndin er sú að það eru dæmi um markaði sem skipta heilmiklu máli fyrir almennig en eru kannski ekki veltumiklir. Öðru hvoru koma slík mál á okkar borð. Ef veltumörk eru hækkuð þarf að tryggja að eftirlitið geti a.m.k. brugðist við slíkum aðstæðum með því að kalla eftir samruna-tilkynningu.“

runa samþykktan án íhlutunar.“

## Vilja ekki stýra mörkuðum

Rannsókn samruna gengur þannig fyrir sig að Samkeppniseftirlitið hefur rannsókn eftir að fyrirtækin sem eiga í hlut senda inn tilkynningu með tilheyrandi gögnum og að sögn Páls Gunnars er gríðarlega mikilvægt að vandað sé til verka þegar samruninn er tilkynntur. Það geti oft ráðið úrslitum um hversu skjótt sé leyst úr málinu.

„Það hendir of oft að samruna-tilkynningin sé ekki fullnægjandi. Það er slæmt fyrir meðferð málsins, ekki síst í stærri málum,“ segir hann. „Við ætlum okkur að draga lærdóm af undanfarinni samrunahrinu með það í huga að skýra ferla okkar og

kröfur sem eru settar á samruna-aðila til þess að greiða fyrir meðferð málanna.“

Þá segir Páll Gunnar að samruna-aðilar geti snúið sér til Samkeppniseftirlitsins áður en tilkynningin er send. Það geti oft verið gagnlegt til þess að unnt sé að ræða málin og auðvelda málsmeðferðina í framhaldinu. Upphafsskrefin skipti miklu máli.

Í framhaldi af samrunatilkynningunni hefur Samkeppniseftirlitið 25 virka daga til að meta hvort ástæða sé til frekari rannsóknar. Ef sú er raunin er II. fasi rannsóknar virkjaður og hefur eftirlitið 70 virka daga til að komast að endanlegri niðurstöðu. Telji eftirlitið líkur á að samruninn skaði samkeppni er frummatið um það sett fram í andmælaskjali og samrunaáðilum þannig gefið tækifæri til að bregðast við frummatinu.

„Eftir það eru í flestum tilvikum komin fram fullnægjandi gögn í málinu sem gerir eftirlitinu kleift að taka ákvörðun. Í öllu þessu ferli hafa samrunaáðilarnir kost á því, annað hvort strax í upphafi eða síðar, að koma fram með tillögum að skilyrðum sem fela í sér að samrunaáðilarnir skuldbinda sig til ákveðinna aðgerða sem koma eiga í veg fyrir samkeppnishindranir vegna samrunans,“ segir Páll Gunnar.

Sem kunnugt er birtir Samkeppniseftirlitið ákvarðanir í tveimur stórum samrunamálum á árinu. Annars vegar vegna samruna Haga og Olís, og hins vegar N1 og Festar. Báðum samrunamálum lauk með

Það er vandfundin stofnun í íslensku stjórnkerfi sem þarf að standa skil gjörða sinna með sama hætti og Samkeppniseftirlitið

þeim hætti að fyrirtækjunum voru sett ströng viðtæk skilyrði um sölu á eignum og um háttsemi félaganna. Samkeppniseftirlitið leggur áherslu á það að tillögur um slík skilyrði komi frá samrunaáðilunum sjálfum.

„Samkeppniseftirlitið vill ekki stýra mörkuðum. Við reynum hins vegar að útskýra helstu ályktanir okkar þegar þær verða til og þau áhyggjuefni sem við okkur blasa. Það er síðan hlutverk samrunaáðila að leggja fram tillögur að úrlausnum svo að samruninn geti gengið fram. Það er einfaldlega þannig að það er ekki gott þegar opinber stofnun tekur stjórn á atburðarás í atvinnulífinu. Ég held að fæstum hugnist það þegar upp er staðið. Betra er að fyrirtækin sem eiga í hlut greiði sem kostur er úr málinu,“ segir Páll Gunnar.

„Þegar ferlinu er lokið tekur maður stundum eftir kvörtunum um að gott hefði verið að vita fyrr



# LÍFIÐ

MIDVIKUDAGUR 6. FEBRÚAR 2019

## Heimili



Fram undan er risahelgi í tónlistarlífi Gunnars Óla-sonar. Heima fyrir reka Gunnar og Rakel, un-usta hans, vefverslunina Búðin Decor sem Rakel og systir hennar byrjuðu með fyrir jólin. Þau umvefja sig fallegum munum á heimili sínu. ➔6

### LÍFIÐ ER Á FRETABLADID.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, tísku, menningu, heilsu og margt fleira.



# Öll hreyfing skiptir máli

Lífshlaupið hefst í dag í tólfta sinn. Markmið þess er að hvetja alla landsmenn til að hreyfa sig daglega. Öll hreyfing sem nær minnst þrjátíu mínútum telst með og allt er betra en ekkert. Skráning fer fram á [www.lifshlaupid.is](http://www.lifshlaupid.is). ➔2



Sólveig

Gísladóttir

solveig@frettabladid.is



## Framhald af forsiðu →

Lífshlaupið – landskeppni í hreyfingu, verður ræst í tólfta sinn í dag. Lífshlaupið er heilsu- og hvatningarverkefni Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands sem höfðar til allra aldurs- hópa og geta allir landsmenn tekið þátt, hver á sínum forsendum.

„Við hvetjum vinnustaði, skóla og einstaklinga til að taka þátt og nota þannig tækifærið til að efla líkama og sál með því að hreyfa sig daglega,“ segir Hrönn Guðmundsdóttir, sviðsstjóri almenningsíþróttasviðs hjá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands.

## Hugmynd verður að veruleika

Forsaga Lífshlaupsins er að árið 2005 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, starfshóp til þess að fara yfir íþróttamáli í landinu með það að markmiði að móta íþróttastefnu. Starfshópurinn setti fram hugmyndir um mótun íþróttastefnu Íslands í skýrslunni: Íþróttavæðum Ísland, aukin þátttaka, breyttur lífsstíll. Í skýrslunni er að finna leiðir fyrir alla hópa þjóðfélagsins, óháð aldri, búsetu, fjárhag eða öðrum þáttum til að stunda íþróttir og hreyfingu með einum eða öðrum hætti sér til heilsuþótar. Á sama tíma setti vinnuhópurinn af stað vinnu við vef sem ÍSÍ var afhentur haustið 2006. Síðan þá hefur almenningsíþróttasvið ÍSÍ, ásamt samstarfsaðilum, mótað verkefnið.

## Tvö hundruð þúsund þátttakendur

„Í Lífshlaupinu eru landsmenn allir hvattir til þess að huga að daglegri hreyfingu og auka hana eins og kostur er, það er í frítíma, í vinnu, í skóla og við val á ferðamáta,“ segir Hrönn og bendir á að í ráðleggingum frá Embætti landlæknis um hreyfingu er börnum og unglingum ráðlagt að hreyfa sig í minnst 60 mínútur á dag og fullorðnum í minnst 30 mínútur á dag. „Allt telur og er betra en ekkert.“

Frá upphafi hafa um 200 þúsund manns tekið þátt í Lífshlaupinu. Árlega taka í kringum 15 til 20 þúsund starfsmenn vinnustaða og nemendur í grunn- og framhaldsskólum þátt.

## Auðvelt að taka þátt

Það er afar einfalt að taka þátt í Lífshlaupinu. „Til þess að skrá sig og sinn vinnustað eða skóla og svo lítið er farið inn á [www.lifshlaupid.is](http://www.lifshlaupid.is) og þar í Mímar síður. Auðvelt er að nota sama aðgang ár frá ári. Eins, ef maður hefur tekið þátt í Hjólað í vinnuna, má nota sama aðgang og notaður er þar,“ lýsir Hrönn. Hún bendir á að þeir sem haldi utan um skráningu á daglegri hreyfingu sinni með smáforritunum Strava og Runkeeper geti nú auðveldlega fært upplýsingar úr forritunum og yfir á Lífshlaupssíðuna.

## Góður árangur og skemmtileg stemning

Fjölmarginir hafa notað Lífshlaupið til að gera breytingu á lífsstíl sínum. „Við heyrum alltaf reglulega af fólki sem hefur náð að finna sér hreyfingu við hæfi eða hefur fundið sinn takt í hreyfingu með þátttöku í Lífshlaupinu og með því að skrá og halda utan um sína hreyfingu á vefnum okkar. Okkur þykir afar vænt um að heyra slíkar sögur. Þær gefa okkur byr undir báða vængi og hvetja okkur áfram til að halda verkefninu á lofti og breiða út boðskap þess. En annars er ávinningur Lífshlaupsins



Frá upphafi hafa um 200 þúsund manns tekið þátt í Lífshlaupinu.



Dagur B. Eggertsson spreytir sig í dekkjahlaupi.



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Lára L. Blöndal forseti ÍSÍ, Lilja D. Alfreðsdóttir menntamálaráðherra og Þuríður Öttarsdóttir skólastýra ásamt nemendum í Vættaskóla-Borgum sem tóku þátt í að setja Lífshlaupið formlega.

Í Lífshlaupinu eru landsmenn allir hvattir til þess að huga að daglegri hreyfingu og auka hana eins og kostur er, það er í frítíma, í vinnu, í skóla og við val á ferðamáta.

klárlega sá að starfsfólk keppist við að hreyfa sig við hvert tækifæri.“ Hrönn segir líka dæmi um að skemmtilegur keppnisandi myndist á vinnustöðum og oft séu til dæmis hádegin nýtt til að brjóta upp daginn til að keppa í hinum og þessum greinum eins og tröppuhlaupi, reiptogi, armbeygjum eða öðru skemmtilegu.

## Myndaleikur og verðlaun

Í Lífshlaupinu getur fólk tekið þátt í myndaleik. „Það gerir fólk með því að senda okkur skemmtilegar myndir í gegnum heimasíðuna, í gegnum Instagram með því að merkja þær #lifshlaupid, í gegnum

Í ráðleggingum frá Embætti landlæknis um hreyfingu er börnum og unglingum ráðlagt að hreyfa sig í minnst 60 mínútur á dag

Við heyrum alltaf reglulega af fólki sem hefur náð að finna sér hreyfingu við hæfi eða hefur fundið sinn takt í hreyfingu með þátttöku í Lífshlaupinu.

Í Lífshlaupinu getur fólk tekið þátt í myndaleik. Það gerir fólk með því að senda skemmtilegar myndir í gegnum heimasíðuna, í gegnum Instagram með því að merkja þær #lifshlaupid, í gegnum Facebook-síðu Lífshlaupsins eða bara með því að senda tölvupóst á [lifshlaupid@isi.is](mailto:lifshlaupid@isi.is).



Facebook-síðuna okkar eða bara með því að senda tölvupóst á [lifshlaupid@isi.is](mailto:lifshlaupid@isi.is). Við drögum úr innsendum myndum tvisvar sinnum og verðlaunum svo bestu myndina í lok átakstímabilsins.“

Einnig er í gangi skráningarleikur á meðan á keppninni stendur en þeir sem skráðir eru til

leiks og eru með skráða hreyfingu eiga möguleika á því að vinna glæsilega vinninga frá Skautahöllinni, Klifurhúsinu, Rush Iceland, Lemon, World Class og MS.

Nánari upplýsingar á [www.lifshlaupid.is](http://www.lifshlaupid.is)





# SMÁRA TIVOLI

**LOKAR 28. FEBRÚAR**

Nú er síðasti séns að koma  
og skemmta sér með okkur  
í SMÁRTÍVOLÍ  
því við erum að loka.

Sleggjan, klessubílarnir, 7D Bío með nýjum myndum,  
leiktæki, spilakassar, það er allt á útopnu

**Skemmtun og fjör fyrir alla fjölskylduna!**

**SKEMMTU ÞÉR MEÐ OKKUR OG KOMDU Í FJÖRÐ  
– VIÐ LOKUM 28. FEBRÚAR**

Opnunartími:  
Mán- mið 14-20  
Fimmtudaga 14-21  
Föstudaga 14-23  
Laugardaga 12-23  
Sunnudaga 13-20



**SKEMMTUN FYRIR ALLA!**

[www.smarativoli.is](http://www.smarativoli.is) / Sími 534 1900 / Smáralind



# Smávinir fagrir og svangir

Það er rómantískt og uppörvandi að vakna við fuglasöng að morgni og ekki nema sjálfsagt að launa glaðan morgunsönginn með kraftmiklu fuglafóðri þegar landið er ísi og snævi þakið.

Þórdís Lilja  
Gunnarsdóttir  
thordisg@frettabladid.is



Í frosthörkum og fannfergi eiga fuglar í erfiðleikum með að finna sér mat. Fita er einkar vinsæl hjá fuglum á köldum vetrardögum og þá er gott að væta brauð og haframjól í matarolíu því olían er góð í frosti og gefur fuglunum aukna orku. Fita er það fóður sem hentar flestum fuglum vel í kuldu og má blanda matarolíu, tólg eða smjöri við afganga og korn. Einnig þarf vatn að vera aðgengilegt fuglum.

Farfuglar sem koma langt að þurfa vatn og orku til að lifa af. Sem dæmi um fóður má nefna brauð, epli, fitu, kjötsag og matarafanga handa þröstum, störum og hröfnun, sólblómafræ eða páfagaufkafræ handa auðnutittlingum, kurlaðan maís og hveitikorn handa snjótittlingum.

## Tittlingar og finkur

Snjótittlingar, auðnutittlingar og finkur eru minnstu smáfuglarnir. Þeir eru frættur sem best er að



Það er djúpt á fæðu og vatni fyrir svanga fugla þegar snjór hefur lagst yfir allt.

gefa á fóðarpöllum eða húspökum. Barrfinkur og auðnutittlingar éta svo gjarnan úr hangandi fóðurdöllum. Snjótittlingar kjósa helst að eta sólblómafræ af jörðinni, mulið maískorn eða finkukorn þó þeir éti líka af fóðarpöllum, en sem fóðurrull má nota skordaðan planku á milli greina í trjám.

## Prestir og starar

Skógarprestir, svartþrestir og starar eru algengir vetrarfuglar í gördum. Að jafnaði éta þessar tegundir skordýr og önnur smádýr en ber á haustin. Í vetrarhörkum leita þeir í æti sem menn bera út í garð og eru sérlega sólgirnir í feitmeti eins og kjötsag og mör.



Epli, kornmeti og fita eru í afhaldi.

Einnig þiggja þeir ávexti svo sem epli, perur og rúsínur. Brauðmeti, sérstaklega blandað með matarolíu eða öðru feitmeti, er einnig vel þegið í vetrarkuldu. Best er að koma þessum kræsingum fyrir á fóðurrull eða hengja upp í tré. Epli og perur er gott að skera í tvennt og stinga upp á greinar-enda einn til tvo metra frá jörðu.

## Hrafnar

Sumir gefa hrafnum, sérstaklega þegar snjór er yfir öllu og erfitt að finna æti. Hrafinn hættir sér ekki inn í þrönga garða en ef sámilega rúmt er um hann þá étur hann um það bil allt sem býðst og er sérstaklega sólginn í fitu. Krummi nælir sér einnig í brauðbita og ávexti.

## Erlendir gestir

Ýmsar erlendar fuglategundir halda sig stundum vetrarlangt á Íslandi og eru þá oftast en ekki háðar matargjöfum til að lifa af. Dæmi um slíka gesti eru gráþröstur, söngþröstur, mistilþröstur, silkitoppa, glóbrystingur og hettusöngvari.

Erlendu þrestirnir hafa svipaðar matarvenjur og skógarþrestir og éta feitmeti, ávexti og brauð hvort sem er af jörðu niðri eða af fóðurbretti. Silkitoppur eru sérhæfðar berjaætur og éta einkum ávexti svo sem epli og perur. Glóbrystingar vilja helst fá brauðbita eða kjötsag. Helst kjósa þeir að matast innundir runnum eða grenigreinum. Hettusöngvarar éta feitmeti en einnig ávexti. Með stöðugri fóðrun er hægt að halda þeim á lífi yfir veturinn. Þeir eru einkum skordýraætur en éta þó lítil ber á haustin. Þeir leita sér að æti í trjám og runnum en fara sjaldan niður á jörðina. Best er því að gefa þeim á fóðurrulla eða sletta kjötsagi eða mör inn í runna eða á greinar grenitrjáa. Þeir þola illa samkeppni við stærri fugla og því er síðari aðferðin góð. Heimild: fuglavernd.is

LÍÐUR AÐ ÚTSÖLULOKUM,  
VERÐHRUN  
60%-70% AFSLÁTTUR

BERNHARD  
LAXDAL  
SÍGILD KÁPUBÚÐ



# BYRJADU DAGINN MEÐ FRÉTTABLAÐINU

Lestu Fréttablað dagsins í snjalltækinu þínu, hvar og hvenær sem er!



• Þú sækir appið frítt í App Store eða Google Play.

• Opnar blað dagsins.

• Lest þegar þér hentar!

Sæktu Fréttablaðsappið frítt!

Download on the  
App Store



GET IT ON  
Google Play



# Netverslanir bæta flóruna á verslunarmarkaðinum

Fram undan er risahelgi í tónlistarlífi Gunnars Ólasonar en hann spilar á þrennum tónleikum. Heima fyrir reka Gunnar og Rakel, unnusta hans, vefverslunina Búðin Decor sem Rakel og systir hennar byrjuðu með fyrir jólin og umvefja þau sig fallegum munum úr Búðinni á heimilinu sínu.

Benedikt Bóas  
Hinriksson

benediktboas@frettabladid.is



Rakel er algjör fagurkeri og ef ég hefði valið allt innbú hefði það ekki orðið nærri því jafn flott. Ég valdi tvo hluti inn á heimilið, annars vegar stóru kerta-stjakana og hins vegar sófaborðin. Annars er þetta hennar,“ segir Gunnar Ólason, söngvari Skítamóral, en heimili hans í Hafnarfirði er nú einnig orðið að lager fyrir netverslun unnustu hans, Rakelar Fjeldsted Jóhannesdóttur, sem finnst undir nafninu budin-decor.is

Þar má finna ýmsar fallegar vörur fyrir heimilið, allt frá kerta-stjökum að olíuarni, ljósakrónum og ýmsum skrautmunum. „Þetta er alfarið hugafóstur hennar og systur hennar, Guðrúnar Fjeldsted Jóhannesdóttur, og fór í gang fyrir jólin. Þetta hefur gengið vonum framur enda vandaðar vörur á góðu verði. Heimasiðan er aðgengileg og það minnkar alltaf á lagernum. Lagerinn er reyndar á tveimur stöðum eins og staðan er í dag en það gengur hratt á hann svo það er að ganga vel,“ segir hann.

Vinir og kunningjar hafa notið þess að koma til þeirra og skoða vörurnar á heimili þeirra í Hafnarfirði. Sumir hafa meira að segja gengið út með nokkra hluti. „Þetta er á vefnum eins og staðan er og það er vettvangurinn núna en maður veit aldrei hvað framtíðin



Gunnar og Rakel saman á góðri stund að sumarlagi.



Skítamóral hefur skemmt landanum í fjöldamörg ár og mun gera það áfram á laugardaginn með risaballi með Á móti sól í Hlégarði í Mosfellsbæ.



Gítarinn er á sínum stað sem og glæsilegur plötuspilari.



Það eru margir flottir speglar til sölu hjá Rakel, stórir sem smáir.



Fjölmargar myndir eru til í Búðinni Decor. Þessi kallast In the light.



Strákarnir í Á móti sól spila með Skítamóral á laugardaginn.

Húsið er annálað fyrir að halda góð böll og getur tekið mikið af fólki.

Gunnar Ólason

ber í skauti sér. Sjálfur er ég farinn að versla mjög mikið á netinu og held að þetta sé framtíðin. Það er enn þá þörf fyrir verslanir, netverslanir eru bara frábær viðbót við flóruna.“ segir hann.

## Risahelgi fram undan

Gunnar er ekki að fara í mikla afslöppun um helgina en hann mun syngja og spila á þrennum tónleikum. Hann byrjar hjá Einarri Bárðar, en sá er að fagna 20 ára útgáfuafmæli sínu á Selfossi á föstudag og í Bæjarbíói í Hafnarfirði á laugardag. Eftir tónleikana á laugardag verður brunað upp í Mosfellsbæ þar sem verður farið úr sparigallanum og í djammfötin þar sem Skítamóral og Á móti sól munu telja í sveitaball af dýrari gerðinni.

„Maður skiptir um ham á leiðinni og tekur bindið af, já, eða setur það bara á hausinn,“ segir hann og hlær.

„Hersingin í kringum tónleika Einars verður á Rás 2 á föstudagsmorgun þar sem fólki verður gefinn smá forsmekkur af því sem koma skal.“ Einar ætlar að fagna

útgáfu plötunnar Myndir með sögustund og „singalong“ tónleikum í Hvíta húsinu á Selfossi föstudagskvöldið 8. febrúar og svo í Bæjarbíói í Hafnarfirði, laugardagskvöldið 9. febrúar, ásamt fríðu föruneyti. Í vor voru einmitt 20 ár frá því lagið „Farin“ kom út með hljómsveitinni Skítamóral en það er hennar allra vinsælasta lag og sló í gegn nánast á einni nóttu.

Eftir tónleikana á laugardag keyrir Gunnar upp í Hlégarð þar sem sveitaball af gamla skólanum verður haldið. „Við höfum gert þetta einu sinni áður og það heppnaðist mjög vel en var ekkert í líkingu við þetta. Húsið er annálað fyrir að halda góð böll og getur tekið margt fólk. Við tvískiptum

þessu trúlega þó það eigi eftir að ákveða hvort byrja og hvort enda. En það er oftast þannig að fyrra bandið kemur fram undir lokin og gerir eitthvert húllumhæ. Úr verður gott parti. Þetta er einn vettvangur þar sem fólk getur upplifað nostalgiuna og þeir sem hafa ekki kynnst þessu áður fá að sjá um hvað málið snýst. Þeir sem þekkja ekki þessa menningu, sem er svo nauðsynlegt að þekkja, verða bara að mæta á staðinn.

Sunnudagurinn mun svo fara í að eyða tíma með fjölskyldunni. „Það verður vaknað snemma, það eru tvær litlar vekjaraklukkur á heimilinu og ein stór og því engin miskunn þó að pabbi hafi verið að spila um kvöldið,“ segir hann.

NÝ SENDING AF VORVÖRUM



ÚTSALA  
50%  
AFSLÁTTUR

Tískan

Skipholti 21, 105 Reykjavík  
Sími 551 0770 | www.tiskan.is

B/A/S/L/E/R MaxMara BRAX



## BORGARBÍLASALAN

580 8900 • borgarbilasalan.is



### VINNUPJARKURINN!!!

'09 VW TRANSP.VINNUFLOKKA. EK 179 Þ.KM, DÍSEL, SJÁLFSK. VERÐ 1.980Þ #481439. S: 580 8900



### SKRIDDREKI Í SNJÓNUM!!

'15 TESLA MODEL S 85D 4X4. EK 69 Þ.KM, RAFMAGN, SJÁLFSK. VERÐ 8.480Þ #454455. S: 580 8900



### RÚSSNESKI IÐNJÖFURINN!

'17 M.BENZ G350 DESINO. EK 36 Þ.KM, DÍSEL, SJÁLFSK. VERÐ 18.800Þ #454520. S: 5808900

Borgarbilasalan  
Funahöfða 1, 110 Reykjavík  
Sími: 580 8900

## 567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS

### BÍLAHÖLLIN

BÍLAKJARNINN VÍÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



MERCEDES-BENZ B 180 cdi. Árgæð 2013, ekinn 93 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 7 girar. TILBOÐ 1.980.000 Ásett verð 2.480.000 Ár eftir að ábyrð frá óskju. Rnr.213443.



TOYOTA Rav4 sport hybrid awd 50% rafmagn. Árgæð 2018, Nyr, bensín, sjálfskiptur. TILBOÐ 5.490.000. kostar nyr í umboði 6.710.000 Rnr.116595.



MAZDA Cx-3 optimum awd. Árgæð 2017, ekinn 82 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 girar. Verð 2.990.000. Rnr.213368.

## 567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS

### BÍLAHÖLLIN

BÍLAKJARNINN VÍÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



LAND ROVER Discovery 4 s. Árgæð 2012, ekinn 103 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 girar. Verð 4.690.000. eigum líka 2011 árg hse Rnr.213431.



JEEP Grand cherokee limited 25th anniversary. Árgæð 2018, ekinn 35 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 8.980.000. Rnr.213424.



MERCEDES-BENZ M1 250 bluetec 4matic. Árgæð 2013, ekinn 73 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 7 girar. Verð 5.480.000. Umboðsbíll 1 eigandi Rnr.116718.

## 567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS

### BÍLAHÖLLIN

BÍLAKJARNINN VÍÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



LAND ROVER Range rover sport hse sdv6. Árgæð 2014, ekinn 69 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 girar. Verð 8.990.000. Umboðsbíll 7 Manna Rnr.213427.



FORD F350 king ranch. Árgæð 2018, ekinn 18 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð án vsk 8.450.000. Einn með öllu!!! Rnr.213088.



VW Golf highline stw. Árgæð 2016, ekinn 121 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.590.000. Ásett verð 1.990.000 Rnr.116661.

## 567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS

### BÍLAHÖLLIN

BÍLAKJARNINN VÍÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



VW Polo comfortline. Árgæð 2015, ekinn aðeins 64 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 7 girar. Verð 1.490.000. Rnr.213447.

Nýja bilahöllin  
Eirhöfða 11, 110 Rvk.  
Sími: 567 2277  
www.nyja.is

### Bílar til sölu



### TILBOÐ.

Til sölu fallegur Toyota Hilux VX árg. 2017. ek. 37þ. Perlu hvítur 33 t br.leðuráklæðing, beisl, heitklæð, gluggahl, húðhlíf, hjólafest V 6.6m stg. s: 8942460.

### Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diskur og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfjinnur ehf. 892 7852

### Varahlutir

## Startarar & alternatorar

í bíla, báta og vinnuvélar



## Bílaraf

Flatahrauni 25 - Hafnarfröi

Sími 564 0400  
www.bilaraf.is

## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

### Nudd

### NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Nýlegir Toyota

# Land Cruiser 150 GX

## Árgæð 2018\*

✓ Bílar í ábyrgð ✓ Góð endursala ✓ Tökum bíla uppí ✓ Til í ýmsum litum ✓ Allt að 90% lánamöguleikar



## Komið og reynsluakið

Búnaður bíla á mynd getur verið frábrugðin sölubílum.

VERÐ FRÁ:  
**7.490**  
ÞÚSUND stgr.

Erum einnig með 33" breytta  
VERÐ FRÁ:  
**7.990**

### Búnaður:

- Bakkmyndavél
- Leiðsögugerfi
- Hiti í sætum
- Hraðastillir
- Samllitir speglar og hurðahúnar
- ...og margt fleira.

\*Eknir á bílinu 40-55 þúsund km.

586 1414

stora@stora.is • stora.is  
facebook.com/storabilasalan  
Kletthálsi 2 • 110 Reykjavík



kaffi á könnunni  
opið mán-fös 10-18  
lau 12-15

2017-2018 Fyrirmyndaryfiriræki í rekstri

Viðskiptablaðið Keldan

STÓRA BÍLASALAN  
...á verði fyrir þig!



## Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun -  
Bónleysing Flutningsþrif - Þrif  
eftir iðnaðarmenn þvegillinn.  
is - Stofnað 1969 Traustir og vanir  
menn.

## VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili,  
húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum  
verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur  
og stofnun fyrirtækja. Fagleg  
vinnubrögð á sanngjörnu verði.  
Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511  
2930.

## Málara

## MÁLARAR.

Faglærðir Málara. Tökum að okkur  
alla almenna málingarvinnu.  
Sanngjarnt verð. S. 696 2748 /  
loggildurmalari@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl.,  
fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra  
stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj.  
Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is  
flytja@flytja.is

## Húsviðhald

## HÚSAVIÐGERÐIR

## ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI

- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

☎ 788 8870  
eind@eind.is

*Eind ehf*

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK  
- FLOTUN - SANDSPARSL -  
MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi  
fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar  
fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingabjónusta ehf.

S. 893 6994

Tek að mér allt alm. viðhald  
húsa, s.s. málun, múrun, flísa- &  
parketlagning og trésmíði. S. 616  
1569

Keypt  
& Selt

## Til sölu



Humar, Ferskur Lax, Rísarækjur  
og fleira góðgæti úr hafinu.  
Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR  
Í SJÁVARFANGI. WWW.  
HUMARSALAN.IS S. 867 6677

## Óskast keypt

KAUPUM GULL -  
JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verzlun okkar  
Laugavegi 61 Jón & Óskar  
jonogoskar.is s.552-4910

## Til bygginga

HARÐVIÐUR TIL  
HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR  
Á: VIDUR.IS

Vatnasklæðning, panill, pallaefni,  
parket, útihurðir, ofl. Gæði á  
góðu verði. Nýkomnar Eurotec  
A2 harðviðarskrúfur. Penofin  
harðviðarolia. Indus ehf.  
Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi  
í sínum 660 0230 og 561 1122.

## Húsnæði

## Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570  
FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116  
REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR  
990 FM

165 og 285 fm bil með allt að 9 m  
lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð  
malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir  
Sverrir í s. 661 7000

## Geymsluhúsnæði

## WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum  
verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS  
SÍMI 555-3464

Parftu þitt pláss? Við erum með nóg  
af því. Allt að 20% afsláttur. www.  
geymslur.is

## Atvinna

## Atvinna í boði

VERKAMAÐUR /  
BYGGINGARVINNA

Heimaas óskar eftir að ráða  
verkamann í byggingarvinnu.

Nánari uppl. í s. 8636399 Styrmir

styrmir@heimaas.is merkt  
"atvinna"

GEFÐU  
VATN

gjofsemgefur.is  
907 2003



Náðu meiri árangri  
í samningaviðræðum

Námskeið í samningatækni



HAGVANGUR

hagvangur.is



hvernig sáttatillögurnar ættu að vera. En það er býsna meinlegur misskilningur á ferlinu. Það á ekki að vera hlutverk Samkeppniseftirlitsins að segja fyrirtækjum að selja þetta eða selja hitt og á endanum kemur kannski í ljós að viðskiptin standa ekki undir sér. Samruna- aðilar þurfa sjálfir að móta skilvörðin.“

#### Eftirlitið oft vettvangur átaka

Á síðasta ári lét Páll Gunnar þau orð falla að forstjórastaðan hjá Samkeppniseftirlitinu væri ekki til vinsælda fallin. Spurður um frekari útskýringar segir hann að málin sem eftirlitið fær á sitt borð séu oft þess eðlis að miklir fjárhagslegir hagsmunir séu undir.

„Það er oft mikil undirliggjandi hagsmunabaráttan innan atvinnulífsins sem lítur stundum út eins og barátta milli Samkeppniseftirlitsins og atvinnulífsins. Þegar nánar er skoðað þá eru hagsmunir í atvinnulífinu ekki einsleitir. Stór og rótgróin fyrirtæki vilja skapa hluthöfum sínum eins góðan arð og kostur er, en síðan er flóra af öðrum nýjum og smærri fyrirtækjum sem oft telja sig mæta samkeppnishindrunum vegna hinna stóru. Samkeppniseftirlitið verður oft vettvangur átaka um ólíka hagsmuni þessara fyrirtækja. Það hlutverk er augljóslega ekki til vinsælda fallið.“ segir Páll Gunnar.

„Þegar ég segi að við séum ekki vinsæl þá er ég alls ekki að kveinka mér undan því. Oftast nær fer þetta vel fram þó að stundum finnst manni að samtök í atvinnulífinu gangi býsna hart fram og stilli sér upp aðeins of nálægt einstökum málum á meðan þau eru til rannsóknar. Manni þætti kannski að betur færi á að samtökin létu fyrirtækin, sérstaklega þau stærri, um að reka sín mál.“

*Eins og þú nefnir eru oft miklir fjárhagslegir hagsmunir í samrunamálum. Hafa komið upp mál þar sem haft er í hótunum við starfsmenn Samkeppniseftirlitsins eða þeim boðnar mútugreiðslur?*

„Nei, ég held að Samkeppniseftirlitið hafi það orðspor að menn vita að það mun ekki ganga. En stundum tekur maður eftir að það er lagður þrýstingur með öðrum hætti, ekki bara á Samkeppniseftirlitið heldur einnig á löggjafann, hvað varðar þær lagaheimildir sem Samkeppniseftirlitið hefur og svo framvegis.“

Þá vikur víðtalinu að heimild Samkeppniseftirlitsins til að skjóta úrskurðum áfrýjunarnefndar samkeppnismála til dómstóla. Samtök atvinnulífsins hafa gagnrýnt þessa heimild og segja hana nánast einsdæmi í íslenskri stjórnsýslu. Það sé óviðunandi fyrir fyrirtæki að þurfa að verjast málflutningi Samkeppniseftirlitsins fyrir dómi með tilheyrandi kostnaði þrátt fyrir að hafa fengið endanlega og jákvæða niðurstöðu á stjórnsýslustigi.

„Þetta er einmitt eitt dæmið um hagsmunabaráttu af því tagi sem ég nefndi áður og um þann þrýsting sem er stundum lagður á stjórnvöld. Þessi heimild var lögfest árið 2011, en fram að því hafði Samkeppniseftirlitið ekki kost á því að bera úrskurði áfrýjunarnefndar undir dómstóla heldur var það einvörðungu fyrirtækið, sem hafði oft á tíðum sætt íhlutun Samkeppniseftirlitsins, sem gat farið áfram með málið fyrir dómstóla. Þetta skapaði ójafnvægi í meðferð samkeppnismála og dró úr réttaröryggi almennings, einfaldlega vegna þess að eftirlitið átti þess ekki fullan kost að reka hagsmuni almennings fyrir dómstólum.“

Páll Gunnar segir að nokkur dæmi séu um að önnur stjórnvöld hafi sambærilega heimild. Samkeppniseftirlitið hafi hins vegar beitt þessari heimild með varfærnislegum hætti. Henni sé einvörðungu beitt í mikilvægum og fordæmisgefandi málum. „Þessi heimild snýst fyrst og fremst um að almannahagsmunir séu virtir að jöfnu við hagsmuni fyrirtækjanna sem í hlut eiga. Einungis þannig verður til umhverfi þar sem samkeppnisrétturinn fær



Samruni N1 og Festar, sem rekur Krónuna, var samþykktur með ströngum skilyrðum, meðal annars um sölu eigna.



#### Það er ekki gott þegar opinber stofnun tekur stjórn á atburðarrás í atvinnulífinu

að þróast með eðlilegum hætti fyrir dómstólum. Það er mjög mikilvægt að fá fullnaðarúrlausn dómstóla í mörgum málum.“

#### Hefur áhyggjur af orðræðunni

*Stundum hefur verið gefið í skyn, ýmist með beinum eða óbeinum hætti, að óskynsamlegt sé fyrir fjárfesta eða stjórnendur að gagnrýna Samkeppniseftirlitið vegna þess að það geti komið í bakið á fyrirtækinu þegar mál þess kemur á borð eftirlitsins. Hvernig bregstu við ummælum af þessu tagi?*

„Ef þú horfir á söguna sést að fyrirtæki og stjórnendur þeirra hafa verið algjörlega óhrædd við að gagnrýna Samkeppniseftirlitið. Aukinheldur hafa verið settir upp verkferlar, m.a. að erlendri fyrirmynd, sem gera það að verkum að andmælaréttur fyrirtækja er virtur með óvenjulega ýtarlegum hætti í þessum málaflokki, miðað við aðra málaflokka. Til dæmis með útgáfu sérstaks andmælaskjals til að tryggja það að aðilar geti tjáð sig, kæruleið til áfrýjunarnefndar o.s.frv.“ segir Páll Gunnar.

„Það er vandfundin stofnun í íslensku stjórnkerfi sem þarf að standa skil gjörða sinna með sama hætti og Samkeppniseftirlitið og þetta útilokar það að stjórnendur stofnunarinnar stundi einhverjara bolarbrögð. Það er einfaldlega ekkert svigrúm til þess,“ segir Páll Gunnar.

Hann hefur áhyggjur af því að orðræða um að geðþótti liggja að baki ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins sé til þess gerð að fæla fyrirtæki frá því að hafa samskipti við eftirlitið. Ýmsum kunni að hugnast að einangra stofnunina frá atvinnulífinu. „Samkeppniseftirlitið vill þvert á móti eiga í góðum samskiptum við atvinnulífið. Okkar dyr standa opnar fyrir þá sem vilja ræða við okkur og svo verður áfram.“

Stóraukin netverslun hefur og mun áfram gjörbreyta neysluhegðun fólks. Það felur í sér miklar áskoranir fyrir smásölumarkaðinn. Samkeppniseftirlitið hefur verið gagnrýnt fyrir að taka ekki nógu mikild tillit til þeirra markaðsbreytinga sem hafa ört átt sér stað á síðustu árum. Páll segir að eftirlitið sé óhrætt við að breyta fyrri afstöðu sinni ef leitt er í ljós að breytingar hafi orðið á mörkuðum.

„Fyrirtæki sem eru í samrunaferli halda því oft til haga að markaðir séu að breytast. Að það sé til að mynda miklu meira aðhald frá netverslun. Þetta eru gild sjónarmið sem Samkeppniseftirlitið þarf að skoða í hverju máli fyrir sig. Eftirlitið tekur að sjálfsögðu tillit til sjónarmiða af þessu tagi þegar forsendur eru til þess,“ segir Páll Gunnar.

„Það er stundum þannig að aðstæður hafa breyst og Samkeppniseftirlitið breytir afstöðu sinni. En stundum sýnir rannsókn málsins að það hefur ekki orðið sú breyting sem aðilar málsins héldu fram. Það er hins vegar eðlilegt að gera þá kröfu til Samkeppniseftirlitsins að hafa vakandi auga fyrir breytingum en hlutverk okkar er að komast að réttari niðurstöðu á þeim tíma sem afstaðan er tekin. Ef breytingar hafa ekki enn orðið þá er ekki hægt að atlast til þess að Samkeppniseftirlitið breyti fyrri afstöðu.“

#### Þrýstingur á samþjöppun

*Þú tókst við störfum sem forstjóri Samkeppniseftirlitsins árið 2005. Hefur samkeppnislandslagið breyst mikið síðan þá?*

#### Draga úr óþarfri regluþyrði

Á næstu misserum munu íslensk stjórnvöld í samstarfi við Efnahags- og framfarastofnunina OECD framkvæma samkeppnismat á ferðaþjónustu og byggingariðnaði. Samkeppnismatið hefur þann tilgang að greina og meta regluverk með tilliti til þess hvort það kunni að hamla samkeppni. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið mun hafa umsjón með verkefninu í samvinnu við Samkeppniseftirlitið. „Þetta er aðferð til að greina hvort gildandi reglur og lög, eða þau sem eru í undirbúningi, hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Ef sú er raunin er leitað leiða til að finna aðrar hagfelldari útfærslur. Aðferðafræðin hefur reynt vel í mörgum löndum, en Ástralíu hafa t.d. beitt þessari aðferð um langt skeið og telja að hún sé einn grunnur hagsældar þar landi,“ segir Páll Gunnar.

„Samkeppnismatið er m.a. til þess fallið að draga úr óþarfri regluþyrði sem er slævandi fyrir samkeppni og getur skapað hindranir fyrir nýja aðila til að koma inn á markaði.“ Þá telur Páll Gunnar að samkeppnismatið hafi beina skírskotun í umræðuna um kjarasamninga þar sem eitt keppikeflið er að draga úr kostnaði við byggingu á húsnæði.

„Já, ýmislegt hefur breyst til betri vegar á mörgum sviðum. Það hefur t.d. tekist að ryðja úr vegi ýmsum aðgangshindrunum á mikilvægum mörkuðum, eins og á fjarskiptamarkaði, flugmarkaði, fjármálamarkaði, smásölu á lyfjum o.fl. En samkeppnismál eru stöðugt viðfangsefni. Það er ekki þess að vænta að við verðum einhvern tímann komin á þann stað að Samkeppniseftirlitið verði óþarft. Þetta er lítið land þar sem miklir hagsmunir eru undir og fáir keppinautar á mörgum mikilvægum mörkuðum. Enn er talsvert í land að neytendur njóti ávaxta virkrar samkeppni með fullnægjandi hætti,“ segir Páll Gunnar. Þá telur hann fram að virk samkeppnismál séu ekki einkamála Samkeppniseftirlitsins.

„Það þurfa margir fleiri að koma að því að stuðla að virkri samkeppni. Önnur stjórnvöld þurfa að koma að þessum málaflokki, og einnig fyrirtækin sjálf og samtök þeirra. Þau bera mikla ábyrgð á því að skapa eins góða samkeppnismenningu og unnt er. Það er víða óunnid verk í því.“

*Hefurðu fundið fyrir auknum þrýstingi á samþjöppun á síðustu árum?*

„Það hefur verið heilmikill þrýst-

**Stundum finnst manni að samtök í atvinnulífinu gangi býsna hart fram og stilli sér upp aðeins of nálægt einstökum málum**

ingur á að leyfa samruna og einnig á að Samkeppniseftirlitið heimili samstarf keppinauta til að skapa meiri stærðarhagkvæmni. Við getum t.d. nefnt fjármálamarkaðinn í því sambandi. Það er skiljanlegt að fyrirtæki í litlu hagkerfi sem upplifa sig lítil á alþjóðavettvangi leitist við að ná meiri stærðarhagkvæmni. Þá er hlutverk Samkeppniseftirlitsins að komast að niðurstöðu um að hvaða marki samstarfið sé skynsamlegt fyrir almannahagsmuni og að hvaða marki það geti skaðað samkeppni.“

*Hefur Samkeppniseftirlitið verið mótfallid sameiginlegri nýtingu á innviðum í fjármálakerfinu?*

„Staðreyndin er sú að bankarnir eiga nú þegar í talsverðu samstarfi og Samkeppniseftirlitið hefur að mörgu leyti greitt götu þess. Reiknistofa bankanna er glögg dæmi um það og nýjasta dæmið er að Samkeppniseftirlitið veitti bönkunum undanþágu frá samkeppnislögum til að reka sameiginlegt seðlaver. Það er hins vegar gríðarlega mikilvægt að samstarf af þessu tagi slævi ekki samkeppni milli bankanna. Mín tilfinning er sú að þegar fyrirtæki vilja ná meiri stærðarhagkvæmni með auknu samstarfi liggja vandinn ekki hjá Samkeppniseftirlitinu heldur í því að finna ásættanlegar lausnir,“ segir Páll Gunnar og bætir við að bankarnir hafi ekki alltaf sömu sýn á samstarf.

„Það er mikilvægt að hafa í huga að bankarnir hafa í sumum tilfellum ólíka styrkleika. Einn banki er betri á einu sviði en annar. Þeir hafa því oft mismikinn hag af því að hefja samstarf. Þetta snýst ekki bara um samkeppnisreglurnar eða afstöðu Samkeppniseftirlitsins, heldur ekki síður um eðlilega hvata í samkeppni. Bankarnir vilja því hver um sig gera betur en hinir og sjá þá ekki hag sinn í að fara í samstarf.“

*Hver er afstaða Samkeppniseftirlitsins til hins víðtæka eignarhalds lifeyrissjóðanna sem eiga í sumum tilvikum töluverðan hlut í keppinautum á sama markaði?*

„Þessa þróun má m.a. rekja til þess að bankarnir þurftu að losa sig við miklar eignir eftir hrun og lifeyrissjóðirnir höfðu aðeins kost á því að fjárfesta innanlands. Við vöktum snemma máls á því að þessi þróun gæti orðið óheppileg fyrir samkeppni hér á landi, þ.e.a.s. að hópur stofnanafjárffesta, sem eru oft á tíðum lifeyrissjóðir, ættu veigamikinn hlut í fleiri en einum keppinaut á sama markaði. Það hafa vaknað spurningar um hvort taka þurfi á þessu á grundvelli samkeppnislaga og eitt af því sem Samkeppniseftirlitið hefur gert er að taka þetta til rannsóknar í samrunamálum þar sem eignarhaldið er með þessum hætti,“ segir Páll Gunnar og vísar til þeirra samruna sem áður voru nefndir, þ.e. samruna Haga og Olís annars vegar og samruna N1 og Festar hins vegar.

*Hefur Samkeppniseftirlitið áhyggjur af því að sjóðirnir hegði sér eins og ein blokk á markaðinum?*

„Það er eitt af því sem samkeppnisfyrirvöld þurfa að hafa vakandi auga með. Við höfum tekið þessa umræðu við lifeyrissjóðina og þeir vilja ekki kannast við svona háttsemi. Það er augljóslega brýnt að ræða þessi mál áfram og vonandi vinnur tíminn með okkur nú þegar gjaldþrýstingurinn hafa verið aflögð. Aðstæður lifeyrissjóða hafa breyst og það verður spennandi að sjá hver þróunin verður.“



# Norwegian færðist of mikið í fang

Greinendur telja að stjórnendur laggjaldaflugfélagsins Norwegian hafi lagt of ríka áherslu á vöxt. Félagið hafi færst of mikið í fang. Ekki eru allir sannfærðir um að milljarða króna innspýting inn í félagið muni duga til. Rekstrartapið nam 4 milljörðum norskra króna 2018.

Kristinn  
Ingi Jónsson  
kristinningi@frettabladid.is



Þegar Bjørn Kjos, forstjóri Norwegian, greindi frá stórhuga áformum norska laggjaldaflugfélagsins um að hefja flug yfir Atlantshafið árið 2012 fór skjálfti um gervallan flugheiminn. Nú hyggst félagið hins vegar hverfa aftur til upprunans.

Hlutabréfaverð í norska flugfélaginu, sem Kjos stofnaði árið 1993, hefur fallið um sextíu prósent frá því í apríl í fyrra vegna ótta fjárfesta um að félagið hafi, eftir linnulausan vöxt á síðustu árum, færst of mikið í fang. Fregnir síðustu viku af fyrirhuguðu neyðarútbóði flugfélagsins, til þess að tryggja að það geti staðið við skilmála skuldabréfa sinna, staðfestu þennan ótta.

„Eins og Þjóðverjar segja, þá er Norwegian að reyna að leika of mörg dýr í dýragarðinum á sama tíma,“ segir greinandinn Philipp Goedeking í samtali við Financial Times.

Hann bendir á að Norwegian hafi – allt á sama tíma – boðið upp á ódýrar flugferðir á milli áfangastaða í Evrópu og yfir Atlantshafið og reynt um leið að festa sig í sessi sem flaggskip Noregs í flugi. „En án stærðarhagkvæmni gengur það ekki upp. Það virkaði aldrei,“ bætir Goedeking við.

Hlutabréf í Norwegian snarhækkðu um næstum því 400 prósent í verði frá því í byrjun árs 2012 þar til í apríl árið 2016 þegar fjárfestar fóru fyrst að efast um að ör vöxtur flugfélagsins væri sjálfbær til langframa.

Tilkynning flugfélagsins í síðustu viku, um að ráðist yrði í forgangsréttarútbóði fyrir þrjú milljarða norskra króna, jafnvirði 42 milljarða íslenskra króna, en sú upphæð er á við meira en hálf markaðsvirði félagsins, kom því fáum fjárfestum og greinendum í opna skjöldu.

„Heilt á litid er þetta alls ekki óvænt hlutfjárútgáfa,“ segir Kenneth Sivertsen, greinandi hjá norska verðbréfafyrirtækinu Pareto.



Norwegian hyggst ráðast í forgangsréttarútbóði fyrir allt að þrjú milljarða norskra króna, 42 milljarða íslenskra króna, til að geta staðið við skilmála skuldabréfa félagsins og skjóta styrkari stöðum undir fjárhag sinn. NORDICPHOTOS/GETTY

## IAG seldi sig út

Nokkur flugfélög hafa á síðustu árum sýnt kaupum á norska laggjaldaflugfélaginu áhuga við mikinn fögnuð fjárfesta sem telja margir hverjir að yfirtaka á norska félaginu sé besta leiðin til þess að forða því frá gjaldþroti.

International Airlines Group (IAG), móðurfélag British Airways, lýsti sem kunnugt er yfir áhuga á Norwegian í fyrra og keypti 4,6 prósent hlut í norska félaginu með það fyrir augum að ganga til yfirtökuviræðna við stjórn þess.

Norwegian, sem tókst að hrista upp í evrópskum flugmarkaði með því að bjóða upp á afar lág fargjöld á löngum flugleiðum, hefur gert stjórnendum IAG lífið leitt um nokkurt skeið og hefði síðarnefnda félagið því getað losað sig við erfiðan keppinaut með yfirtöku á Norwegian.

En eftir því sem óveðursskýin í rekstri norska félagsins hafa hrann-

ast upp hefur áhuginn á félaginu farið dvínandi. Stjórnendur IAG sögðust í liðinni viku hafa hætt við áformin um yfirtökuviræður og selt allan hlut sinn í Norwegian með þeim afleiðingum að hlutabréfaverðið í norska flugfélaginu hriðföll um tuttugu prósent. Gengi bréfanna hélt áfram að falla daginn eftir, þegar tilkynnt var um forgangsréttarútbóðið, og nam lækkunin fjórtán prósentum í lok dags.

## Arðsemi í stað vaxtar

Í stuttu máli ganga áform Norwegian, sem stjórnendurnir kynntu í liðinni viku, út á að selja frá sér flugvélar, fresta afhendingu nýrra véla og ná að öðru leyti fram sparnaði upp á allt að tveimur milljörðum norskra króna. Lét Kjos hafa eftir sér í norskum fjölmöldum að flugfélagið ætlaði nú að leggja áherslu á arðsemi í stað vaxtar.

„Norwegian hefur gengið í gegnum tímabil mikils vaxtar. Við

munum nú byggja upp sterkan efnahagsreikning sem getur styrkt frekari þróun félagsins,“ nefndi Kjos.

Greinendur sem Financial Times ræddi við segja það skýrt traustleikamerki að fjárfestirinn John Fredriksen, ríkasti maður Noregs, hafi ákveðið að taka þátt í útbodinu. Til viðbótar við hann hafa stærstu hluthafarnir, forstjórinn Kjos og stjórnarformaðurinn Bjørn Kise, skuldbundið sig til þess að kaupa hlutabréf fyrir samanlagt 343 milljónir norskra króna. Þá hafa aðrir hluthafar Norwegian jafnframt samþykkt að kaupa bréf fyrir um 267 milljónir norskra króna.

Ekki eru þó allir sannfærðir um að innspýtingin muni duga Norwegian til þess að lifa af fram á næsta áratug. Daniel Roeska, greinandi hjá Bernstein, bendir á að hlutfjárútkningin hafi verið nær óhjákvæmileg.

„Það er engin leið að þeir hefðu lifað fyrsta ársfjórðung af og því var þetta ekki valkostur heldur nauð-

Við munum nú byggja upp sterkan efnahagsreikning sem getur styrkt frekari þróun félagsins.

Bjørn Kjos, forstjóri Norwegian



syn. Annars hefðu skuldabréfin lent í greiðslufalli í lok mars.

Ég tel ólíklegt, ef félagið á að lifa af til loka árs 2020, að þetta verði síðasta hlutfjárinnspýtingin sem það mun þurfa á að halda,“ segir Roeska.

## Milljarðatuga rekstrartap

Sivertsen hjá Pareto segir að bráðabirgðauppgerð Norwegian fyrir síðasta ár, sem félagið greindi frá í síðustu viku, hafi verið „þetra á kostnaðarhliðinni en við gerðum ráð fyrir“.

Tölurnar voru hins vegar ekki fagar. Rekstrartap flugfélagsins nam ríflega 3,8 milljörðum norskra króna, 54 milljörðum íslenskra króna, á árinu borið saman við hagnað upp á 59 milljónir norskra króna árið 2017 og 3,1 milljarð norskra króna árið 2016.

Í ljósi versnandi fjárhagsstöðu norska félagsins er sameining við annað og stærra flugfélag því, að margra mati, enn besti kosturinn í stöðunni fyrir hluthafa Norwegian. Goedeking bendir til að mynda á að IAG geti snúið aftur síðar meir og fengið félagið á lægra verði en áður hefur boðist. Annar mögulegur kaupandi er þýska flugfélagið Lufthansa sem myndi gjarnan vilja, að sögn viðmælanda Financial Times, eignast verðmæt afgreiðslustæði norska flugfélagsins á Gatwick-flugvelli í nágrenni Lundúna, aðalflugvelli IAG.



Bill Gross, betur þekktur sem kóngur skuldabréfanna. NORDICPHOTOS/GETTY

## Bill Gross hættur störfum

Bill Gross, sem var eitt sinn þekktur sem kóngur skuldabréfanna, hefur ákveðið að láta af störfum hjá eignastýringarfyrirtækinu Janus Henderson og einbeita sér þess í stað að því að stýra eigin eignum og góðgerðastofnum.

Fimm ár eru síðan Gross stýrði stærsta skuldabréfasjóði heims hjá Pimco, eignastýringarfyrirtæki sem hann stofnaði árið 1971, en eignir sjóðsins námu tæplega 300 milljörðum dala þegar mest var. Gross hætti hins vegar í skyndi hjá Pimco árið 2014, vegna ósættis við samstarfsfélag og gekk þá til liðs við Janus Henderson.

Eignir í stýringu hjá sjóði Gross

hafa dregist verulega saman undanfarin ár og fóru nýverið undir einn milljarð dala. Ávöxtun sjóðsins var neikvæð um 3,9 prósent í fyrra borið saman við 1,2 prósent neikvæða ávöxtun hjá sambærilegum sjóðum.

„Ég hef þekkt Bill í 23 ár. Bill er einn af bestu fjárfestum allra tíma og það hefur verið mér mikill heiður að starfa við hlið hans,“ sagði Dick Weil, forstjóri Janus Henderson.

Auðkýfingurinn George Soros var á meðal þeirra sem lögðu traust á Gross þegar hann skipti um vinnustað fyrir fimm árum. Þegar síga tók á ógæfuhliðina í rekstri sjóðsins árið 2015 dró Soros hálfan milljarð dala úr sjóði Gross. – ksj

## Blankfein fær ekki bónusinn strax

Bandaríski fjárfestingarbankinn Goldman Sachs hefur ákveðið að fresta því að greiða fyrirverandi bankastjóranum Lloyd Blankfein og tveimur öðrum fyrirverandi stjórnendum bankans bónusa vegna rannsóknar yfirvalda á fjármála-hneykslinu í kringum fjárfestingarsjóðinn 1MDB.

Í tilkynningu frá stjórn fjárfestingarbankans kom fram að ákvarðanir er varða bónusgreiðslurnar yrðu ekki teknar „fyrir en frekari upplýsingar eru tiltækar“ um rannsókn málsins.

Embætti ríkissaksóknara í Malasíu ákærði í desember Goldman Sachs og tvo bankamenn fyrir auðunarbrot í tengslum við fjárfestingarsjóðinn sem var sem kunnugt er í eigu malasíska ríkisins. Bandaríski fjárfestingarbankinn þáði 600 milljónir dala í þóknarir fyrir að hafa séð um 6,5 milljarða dala sölu á skuldabréfum 1MDB en megnið af andvirði skuldabréfasöluunnar rann meðal annars til malasíska embættis- og stjórnmalamanna í gegnum flókinn vef mútugreiðslna og peningabættis.

Tim Leissner, fyrirverandi með-eigandi Goldman Sachs, hefur játað sök sína í málinu en bankinn hefur hins vegar þrúfaldlega neitað sök. Þá hefur bankinn verið krafinn um



Lloyd Blankfein, fyrirverandi bankastjóri Goldman Sachs. NORDICPHOTOS/GETTY

» Embætti ríkissaksóknara í Malasíu ákærði í desember síðastliðnum Goldman Sachs og tvo bankamenn í tengslum við malasíska fjárfestingarsjóðinn 1MDB.

greiðslu sekta upp á þrjú milljarða dala fyrir að hafa komið að stórfelldum fjárdrætti sem er talinn nema allt að 2,7 milljörðum dala.

Auk Blankfeins mun Goldman Sachs fresta bónusgreiðslum til Mike Evans, sem sat meðal annars í stjórn bankans, og Michaels Sherwood, fyrirverandi yfirmanns alþjóðamála hjá bankanum. Í tilfellum Blankfeins og Evans nema greiðslurnar um sjö milljónum dala. – ksj





## Tilnefningarnefndir – gagn eða ógagn?



**Þórunn Jónsdóttir**  
doktor í stjórnarhátum og formaður nefndar um endurskoðun Leiðbeininga um stjórnarhætti



**Til þess að gefa hluthöfum aukio svigrúm mætti þó vel hugsa sér að tilnefningarnefnd legði til fleiri en eina mögulega samsetningu á stjórn og léti hluthöfum eftir að velja þar á milli.**

Markmið tilnefningarnefnda er að stuðla að því að stjórn búi í heild yfir nægilegri þekkingu og reynslu sem nýtist fyrirtækinu til framdráttar. Skiptar skoðanir virðast vera meðal hluthafa um ágæti tilnefningarnefnda og hafa helst verið viðráðar áhyggjur af því að ákvörðunarréttur hluthafa, hvað varðar val á stjórnarmönnum, sé með þessu fyrirkomulagi skertur. Þó að leiðbeiningar um stjórnarhætti kveði skýrt á um að tilnefningarnefnd gegni einungis ráðgefandi hlutverki gagnvart aðalfundi og að umboðið til að kjósa stjórn liggja eftir sem áður hjá hluthöfum, hefur það stjórnarmíð heyrst að erfitt eða nánast ómögulegt sé fyrir hluthafa að kjósa andstætt tilnefningum nefndarinnar. Þessar áhyggjur eru skiljanlegar og mikilvægt að strax í upphafi verði tilhögunin þannig að gagnsemi tilnefningarnefnda verði sem mest, án þess að það verði á kostnað jafnræðis hluthafa eða hluthafalýðræðis.

Meðal ávinninga tilnefningarnefndar er að koma á fót skýru og gagnsæju ferli fyrir tilnefningu í stjórn félags. Hefðbundið vinnulag við tilnefningu stjórnar hefur gjarnan verið tilviljunarkennt. Sem dæmi má nefna að hluthafar, sem eiga nægilegt atkvæðamagn til að „koma manni að í stjórn“ fara ekki að huga að kandidötum þegar þeir fá spurnir af því að sá sem þeir studdu síðast sækist ekki eftir endurkjöri. Þá eru fjölmörg dæmi um að á elleftu stundu uppgötvist að ekki náist að uppfylla lögbundin kynjahlutföll stjórnarinnar. Einnig er lenska að hluthafar finni hver í sínu lagi frambærilega kandidata, en þegar á hólminn er komið kemur á daginn að hópinn skortir breidd eða tiltekna þekkingu eða reynslu sem skiptir viðkomandi fyrirtæki miklu máli. Síðast en ekki síst er gjarnan leitað í þröngan hóp eftir stjórnarkandidötum og vettvang hefur skort fyrir hæfa aðila til að gefa kost á sér til stjórnarstarfa.

Tilnefningarnefndir geta bætt ferlið til muna með því að eiga samtalið við hluthafa og auglýsa sem víðast eftir hæfum einstaklingum. Þó samtalið við hluthafa í tilnefningarferlinu sé alla jafna af hinu góða þurfa tilnefningarnefndir að varast að takmarka samráð sitt við stærstu hluthafana. Sú hefð hefur skapast að stærstu hluthafarnir velji að kjósa tiltekna einstaklinga sem

sína fulltrúa í stjórn. Slik ráðstöfun fer í bága við grunnskilgreiningu á hlutafelagaforminu þar sem stjórnarmenn fara með umboð allra hluthafa og öllum stjórnarmönnum ber að gæta hagsmuna þeirra allra óháð því hvaðan þeir fá stuðning sinn. Því er mikilvægt að skapa aðgengilegan vettvang fyrir alla hluthafa til að koma á framfæri við tilnefningarnefnd stjórnarmíðum er varða kröfur til stjórnarmanna, sem og að gefa þeim kost á að tilnefna frambærilega einstaklinga.

Sem áður segir ber tilnefningarnefnd að ganga úr skugga um að þeir sem mælt er með til stjórnarsetu búi sem heild yfir nægilegri þekkingu og reynslu. Því er ekki nægilegt að nefndin gangi úr skugga um að þeir einstaklingar sem mælt er með hafi hver um sig eitthvað til brunns að bera, heldur ber nefndinni skylda til að tryggja sem hagfelldasta samsetningu stjórnar fyrir fyrirtækið. Af þessu leiðir að tilnefningarnefnd þarf í tillögum sínum að mæla með ákveðnum hóp eða tiltekinni samsetningu. Ekki nægir að gefa álit á því hvort einstaklingar teljist hæfir til stjórnarsetu. Í fljótu bragði virðist því eina færa leiðin að tilnefna jafn marga einstaklinga og fjöldi stjórnarsæta sem um ræðir. Sú leið gefur þó þeim hluthöfum sem leggja mikið upp úr því að fara að tilmælum nefndarinnar afar takmarkaða valkosti. Til þess að gefa hluthöfum aukio svigrúm mætti þó vel hugsa sér að tilnefningarnefnd legði til fleiri en eina mögulega samsetningu á stjórn og léti hluthöfum eftir að velja þar á milli.

Þegar upp er staðið er það ávallt á forræði hluthafafundarins að velja stjórn. Hluthafar eiga áfram að hafa það frelsi að kjósa hvern sem er, eða hafna hverjum sem er. Ef hluthafar velja annan kost en þann sem tilnefningarnefnd mælir með verður svo að vera. Skýru ferli og vel rökstuddum tillögum frá tilnefningarnefnd er fyrst og fremst ætlað að auka gagnsæi, auðvelda aðkomu allra hluthafa og þannig auka líkur á því að hluthafar taki upplýsta ákvörðun þegar þeir beita atkvæðisrétti sínum á hluthafafundi. Það er því lyklatríði að störf tilnefningarnefnda þróist á þann veg að sá ávinningur náist.



## Samkeppnisumhverfi fjármálakerfisins

12. febrúar á Grand Hótel Reykjavík

**Dagsetning/tími:** Þriðjudaginn 12. febrúar kl. 08.30-10.00. Morgunverður hefst kl. 08.00.

**Staðsetning:** Gullteigur, Grand Hótel Reykjavík

**Skráningu lýkur:** 8. febrúar

Í desember síðastliðnum kom út Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið þar sem ljósi var varpað á ýmsa þætti er varða stöðu og þróun fjármálakerfisins. Á fundinum verður samkeppnisumhverfi fjármálakerfisins til umræðu, m.a. í ljósi mikilla tæknibreytinga, nýs regluverks og fyrirhugaðra breytinga á eignarhaldi banka í eigu ríkisins.

### FRAMSGUMENN:

**Unnur Gunnarsdóttir**, forstjóri Fjármálaeftirlitsins

**Gylfi Zoega**, prófessor í hagfræði og meðlimur í peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands

**Krísturinn Tinna Gunnarsdóttir**, hagfræðingur hjá Oliver Wyman og einn höfunda Hvítbókar um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið

Pallborðsumræður verða að loknum ávörpum þar sem Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, bætist í hópinn. Fundarstjóri er Fanney Birna Jónsdóttir.

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku eigi síðar en 8. febrúar næstkomandi til [fme@fme.is](mailto:fme@fme.is)

### Morgunverðarfundir í tilefni 20 ára afmælis Fjármálaeftirlitsins

Fjármálaeftirlitið emfir á næstunni til morgunverðafunda með fyrirlestrum og umræðum um áhugaverð málefni tengd fjármálakerfinu. Tilefnið er að Fjármálaeftirlitið hefur starfað í tuttugu ár.



**FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ**  
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND



## FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Lifandi fréttamiðill með nýjustu fréttum allan sólarhringinn ásamt ítarlegri umfjöllun um málefni líðandi stundar.

Kristjana Guðbrandsdóttir,  
Fréttamaður



# Innflutningur er púlsmælir hagkerfisins

## Svipmynd

Ottó Sigurðsson

### Nám:

Stúdentspróf frá Fjölbautaskóla Garðabæjar  
B.Sc. Business administration, University of Louisiana at Lafayette.

### Störf:

Forstöðumaður fyrirtækjasölu Vodafone 2011-2013  
Forstöðumaður innflutningsdeildar Samskipa 2013-2017  
Forstöðumaður fyrirtækjapjónustu VÍS 2017-2018  
Framkvæmdastjóri innflutningssviðs Samskipa 2018-

### Fjölskylduhagir:

Giftur Karen Lilju Sigurbergsdóttur. Eigum þrjú börn, Breka 11 ára, Anitu 8 ára og Ómar eins og hálfars.

Ottó Sigurðsson sneri aftur til Samskipa síðasta haust þegar hann tók við stöðu framkvæmdastjóra innflutningssviðs. Hann keppti á tímabili sem atvinnumaður í golfi en segir forgjöfina stíga hægt upp á við.

#### Hvernig er morgunrútin þín?

Morgunrútin er nokkuð breytileg, en ég vakna 5.30 tvisvar í viku og fer í þjálfun ásamt einvala liði hjá meistara Gauja í Sporthúsinu. Hina dagana er ég vaknaður um 7 og vek krakkana, oftast skutla ég á morgnana og konan sækir seinnipartinn. Ég á það til að taka með mér kaffi í bílinn og nýt þess að rúlla í vinnuna með góða tónlist til að koma mér í gírinn fyrir daginn.

#### Hver eru þín helstu áhugamál?

Mér þykir afar skemmtilegt að fylgjast með krökkunum í sínum íþróttum, en við reynum að mæta á alla viðburði því tengda og má kalla það eitt helsta áhugamál mitt. Ég var atvinnumaður í golfi og því verður það alltaf hluti af mínum áhugamálum þó svo ég spili nú ekki mikið og forgjöfin stíga hægt upp á við. Veidið hefur algjörlega heillað mig síðustu 4-5 sumur og ég reyni að veiða mikið yfir sumartímann. Ég nýt tímans á bakkanum þar sem maður nær að slaka á og hlaða batteri. Konan kom með mér í fyrsta sinn í veiðitúr á síðasta ári og er markmiðið að reyna að gera þetta að fjölskylduáhugamáli.

Hver er bókin sem ert að lesa eða last síðast?

Síðasta bók sem ég las heitir „5 Dysfunctions of a Team“. Mér fannst hún afar skemmtileg og þægileg bók sem vekur mann til umhugsunar um teymi og teymisvinnu. Þessa dagana er ég að lesa „Shoe Dog“, bók sem fjallar um Phil Knight, stofnanda Nike, en hún lofar einnig góðu.

Ef þú þyrftir velja allt annan starfsframa, hvað yrði fyrir valinu?

Ég reyndi fyrir mér sem atvinnumaður í golfi á sínum tíma, en það var alltaf æskudraumurinn. Það er hins vegar afar harður heimur



Ottó segir atvinnumennsku í golfi hafa verið æskudrauminn á sínum tíma. Það hafi hins vegar verið harður heimur og ekki fyrir alla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Við erum eins konar púlsmælir á efnahagsástandið, því það er ákveðin fylgni milli hagvaxtar og innflutnings

og ekki fyrir alla. Ætli ég myndi ekki velja eitthvað tengt kennslu í íþróttum.

Hvað er það áhugaverðasta við það að starfa í atvinnugreininni?

Það er án efa fólkið og fyrirtækin sem ég fæ að kynna í gegnum starf mitt hjá Samskipum sem alþjóðlegu fyrirtæki. Við flytjum jú allt milli himins og jarðar bæði til landsins og frá. Ég hef því haft tækifæri til að kynna gríðarlega mörgu fólki í mismunandi atvinnugreinum og starfsemi ýmissa fyrirtækja.

Það sem er einnig mjög áhugavert er að við erum eins konar púlsmælir á efnahagsástandið hverju sinni, því það er ákveðin fylgni milli hagvaxtar og innflutnings. Þegar það hægir á efnahagnum hérlendis þá erum við oftast ekki með fyrstu aðilum til að finna fyrir því.

Hverjar eru helstu áskoranirnar í starfinu?

Helstu áskoranir mínar tengjast því að nýta flutningsnet okkar sem allra best og finna hagkvæmar lausnir fyrir viðskiptavinum okkar. Það má einnig segja að mikil samkeppni á markaðnum er stöðug áskorun. Annars leggjum við okkur fram við að hugsa í lausnum og að koma auga á tækifærin sem felast í öllum áskorunum.

Hverjar eru helstu áskoranirnar í rekstrarumhverfinu í dag?

Við finnum vel fyrir ákveðnu óvissuástandi í þjóðfélaginu sem tengist kjaraviðræðum undanfarna vikna. Við sjáum samdrátt í ákveðnum atvinnugreinum þegar kemur að innflutningi til landsins. Það skilar sér í áskorunum hvað varðar nýtingu á þeim miklu fjárfestingum félagsins sem eru m.a. bundnar í skipum okkar og tækjum.

Hvaða breytingar sérðu fyrir þér í atvinnugreininni á komandi árum og í hverju felast helstu sóknartækifærin?

Að mínu mati munu gámaflutningar í sjálfru sér ekki breytast mikið næstu árin. Stærstu breytingarnar gætu snúið að kröfum neytenda um minna kolefnisfótspor en þar standa gámaflutningar vel og Samskip enn betur en samkeppnin með sitt viðskiptamódel og kolefnisreiknivélar.

Smásendingar munu aukast með aukinni netverslun einstaklinga og munum við fylgjast vel með þeirri þróun áfram. Sóknartækifæri hjá okkur munu m. a. felast í enn frekari nýtingu á gríðarlega stóru flutningsneti okkar innan Evrópu. Einnig má segja að stafræn þróun innan geirans sé á fullri ferð og þar erum við hjá Samskipum að stíga stór skref næstu árin til að geta fullnýtt krafta félagsins til hagræðingar fyrir okkur og viðskiptavinum.

Hvar sérðu þig eftir tíu ár?

Ég sé mig áfram í starfi sem ég hef brennandi áhuga á og veitir mér ánægju á hverjum degi. Ef guð og lukkan lofa þá munu fjölskylda og vinir vera ánægðir og heilsuhraustir. Ég verð aftur kominn með 0 í forgjöf og verð búinn að veiða eins og einn eða tvo tuttugupundara.

## Með allt niður um sig en 2.600 milljarða hagnað



Björn Berg Gunnarsson  
fræðslustjóri Íslandsbanka

Mark Zuckerberg, forstjóri Facebook, hefur varla haft tíma fyrir margt annað á síðasta ári en að slökkva elda og biðjast afsökunar. Hvert hneykslismálið rak annað og verðmæti fyrirtækisins lækkaði um fjórðung.

Það á eftir að koma í ljós hvaða áhrif versnandi ímynd fyrirtækisins mun hafa á tekjumöguleika þess í framtíðinni en þrátt fyrir allt sem gekk á hefur reksturinn aldrei verið betri en á liðnu ári. Notendum fjölgandi og á síðasta ársfjórðungi skilaði hvert og eitt okkar fyrirtækinu fimmtungi hærri tekjum en ári áður. Fjárfestar tóku tíðindunum vel og eftir skarpar hækkanir það sem af er ári eru Zuckerberg og félagar langt komnir með að rétta úr kútnum.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar MMR síðastliðið sumar nota 93% Íslendinga Facebook reglulega

Á árinu sem halda mætti að endanlega hefði verið gengið frá orðspori Facebook jókst hagnaðurinn um 40%.

og 45% Instagram, sem er í eigu þess fyrrnefnda. Þetta er fjöldinn þrátt fyrir háværar raddir um að það séu allir að hætta á Facebook. En hvað þarf til að við tökum það skref? Hvenær vega gagnalekar, falsfréttir, sala persónuupplýsinga og pólitísk misnotkun þyngra en þægindin og skemmtunin sem fylgir því að hlaða upp rafrænni útgáfu af sjálfum sér á miðil sem allir nota? Það virðist eitt-hvað langt í það og á meðan er myljandi hagnaður af rekstrinum.

Auglýsingatekjur skila 98% tekna en hagnaður síðasta árs nam um 2.600 milljörðum íslenskra króna,

sem jafngildir þreföldum heildartekjum íslenska ríkisins. Svona eru persónuupplýsingar okkar og viðvera á miðlinum nú mikils virði. Á árinu sem halda mætti að endanlega hefði verið gengið frá orðspori Facebook jókst hagnaðurinn um 40%. Á meðan svo er má spyrja hvort raunverulegur vilji sé til að gera þær breytingar á vinnubrögðum fyrirtækisins sem krafist er af löggjafanum og almenningi. En batnandi fyrirtækjum er best að lifa og hver veit nema Zuckerberg meini það næst þegar hann biðst afsökunar á stærðarinnar skandal.



% 8.535

% 1.3323

% 8.535


# MARKADURINN.IS

## NÝR VEFUR FYRIR VIÐSKIPTALÍFIÐ

% 1.3323

% 8.535

**30 DAGA  
PRUFUÁSKRIFT  
+ TVÆR SKÝRSLUR  
AÐ EIGIN VALI!**



% 9.42

% 8.535

535

## PRÓFAÐU FRÍTT Í ÞRJÁTÍU DAGA OG FÁÐU TVÆR FRÍAR SKÝRSLUR AÐ EIGIN VALI.

- INNLENDAR OG ERLENDAR VIÐSKIPTAFRÉTTIR
- GENGI HLUTABRÉFA OG GJALDMIDLA
- ÁVÖXTUN SJÓÐA OG SKULDABRÉFA
- HVAÐ ER Á DÖFINNI Í VIÐSKIPTALÍFINU
- KAUP Á ÁRSSKÝRSLUM OG UPPLÝSINGUM ÚR HLUTHAFASKRÁ



## Skotsilfur



### Bara afskráningar

Ef fram fer sem horfir verður árið 2019 árið þar sem aðeins verða afskráningar úr Kauphöllinni en engar nýskráningar. Stórir hluthafar í Heimavöllum vilja sem kunnugt er taka leigufélagið af markaði og í ljósi afar dræms gengis félagsins frá skráningu síðasta sumar verður að teljast líklegt að aðrir hluthafar leggi blessun sína yfir þá ráðagerð. Að mati kunnugra kæmi ekki á óvart að fleiri skráð félög kysu að fara sömu leið. Eitt er ljóst að **Páll Harðarson** og félagar í Kauphöllinni eiga mikið verk fyrir höndum að efla tiltrú fjárfesta á markaðinum.



### Óvenjuleg hækkun

Það sætti tíðindum á föstudag þegar hlutabréf í Heimavöllum snarhækkðu um fjögur prósent í verði – daginn eftir að tilkynnt var um starfslok forstjórans **Guðbrands Sigurðssonar** – enda eru viðskipti með bréf í leigufélaginu alla jafna fremur daufleg, veltan lítill og nokkur prósent verðhækkunir afar sjaldséðar. Ýmsar sögur fóru á kreik um daginn en færst bjuggust hins vegar við því að eftir lokun markaða yrði tilkynnt um að hluthafar hefðu farið fram á afskráningu félagsins. Og eins og skiljanlegt er ruku bréfin aftur upp þegar markaðir voru opnaðir á nýjan leik á mánudag.



### Rekur bensínstöðvarnar

Fastlega er búist við því að kaup Einars Arnar Ólafssonar, fjárfestis og fyrrverandi forstjóra Skeljungs, á fimm eldsneytisstöðvum, ásamt vörumerkinu Dælunni, af N1 gangi endanlega í gegn á allra næstu vikum þegar samþykki Samkeppniseftirlitsins liggur fyrir. Heimildir Markaðarins herma að Einar Örn hafi fengið félaga sinn **Jón Pál Leifsson**, fyrrverandi markaðsstjóra Skeljungs, til þess að stýra rekstri Dælunnar en þeir störfuðu saman hjá Skeljungi á árunum 2009 til 2014.W



## Verður forstjóri Ryanair til næstu fimm ára



Michael O'Leary skrifaði í byrjun vikunnar undir fimm ára samning við írsku lágjaldflugfélagið. Hlutverk hans mun breytast lítilega því hann verður héðan í frá forstjóri Ryanair-samsteypunnar sem mun reka fjögur dótturflugfélög sem til stendur að setja á stofn. Uppskiptingunni er ætlað að bæta reksturinn sem hefur verið þungur. Félagið tapaði 19,6 milljónum evra, jafnvirði 2,7 milljarða króna, á fjórða fjórðungi. NORDICPHOTOS/GETTY

## Græna lauman í skattamálum?



**Ásdís Kristjánsdóttir** forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins

Það er bæði eðlileg og jákvæð forgangsröðun að skattheimta þjóni loftslagsmarkmiðum. Slíkir skattar, oft kallaðir grænir skattar, eru hannaðir með það að leiðarljósi að hvetja til breyttrar hegðunar en ekki til tekjuöflunar fyrir hið opinbera. Enda er það almennt svo að skili þeir tilætluðum árangri munu þeir skila takmörkuðum skatttekjum horft til framtíðar. Það er því mikilvægt að ríkissjóður sé ekki háður tekjustreymi grænna skatta til fjáröflunar á almennum útgjöldum.

Árið 2017 skiluðu grænir skattar 47 milljörðum króna í tekjum til ríkissjóðs. Undir þá samtölu falla skattar sem hafa tengsl við koltvísyringslosun vegna notkunar tækja sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti, einna helst ökutækja; vörugjald á ökutæki, vörugjald af bensini, bifreiðagjald, eldsneytisgjald, kílómetragjald og kolefnisgjald. Megin-

þorri þessara skattstofna var þó upphaflega hugsaður til fjármögnunar á vegakerfinu en sérstaka bensín-gjaldið, oliugjaldið og kílómetragjaldið tilheyrðu áður mörkuðum tekjum Vegagerðarinnar, þ.e. fyrir tilkomu laga um opinber fjármál (nr. 123/2015). Á Íslandi hefur innheimta grænna skatta þannig ekki aðeins verið rökstudd með vísan í þann samfélagslega ávinning sem skattarnir eiga að hafa í för með sér, heldur einnig tekjuþarfar ríkissjóðs til fjármögnunar vegakerfisins svo dæmi séu tekin. Það vekur þó athygli að þrátt fyrir aukna áherslu á græna skattlagningu þá virðist ekki vera haldið nákvæmt bókhald yfir framlög ríkisins á móti slíkri skattlagningu til verkefna sem m.a. tengjast samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda eða bættra loftgæða almennt. Er það áhyggjuefni.

**Ekki allt vænt sem vel er grænt** Í stjórnsáttmála ríkisstjórnarinnar er komið inn á mikilvægi þess að heildarendurskoðun eigi sér stað á gjaldtöku í samgöngum, grænum sköttum og skattaivilnunum þannig að skattheimtan þjóni loftslagsmarkmiðum. Með umhverfismál í deiglu getur þó skapast hvati til að sveipa nýja skatta grænni hulu, jafnvel þótt þeir leiði í raun ekki til

**Með umhverfismál í deiglu getur þó skapast hvati til að sveipa nýja skatta grænni hulu, jafnvel þótt þeir leiði í raun ekki til umhverfsvænni hegðunar.**

umhverfsvænni hegðunar af hálfu neytenda eða fyrirtækja. Það má finna dæmi þess á Norðurlöndunum þar sem nýir skattar hafa verið innleiddir og kynntir sem grænir skattar en hafa í raun ekki verið annað en hrein tekjuöflun fyrir hið opinbera.

Frá árinu 2010 hefur fjöldi vistvænna bifreiða hér á landi meira en tólfaldast og á innheimta ríkisins á grænum sköttum líklega stóran þátt í þeirri þróun. Á sama tíma hafa tekjur ríkisins af eldsneytis- og vörugjöldum á hverja bifreið dregist saman um 46% á föstu verðlagi. Fjárþörf vegakerfisins hefur aftur á móti ekki dregist saman heldur aukist ef eitthvað er. Augljóst er að ekki er unnt að treysta á grænt tekjustreymi, sem er í raun tímabundið, til að fjármagna vegaframkvæmdir

til framtíðar. Þess þá heldur ef áform stjórnvalda ganga eftir um orkuskipti í vegasamgöngum þar sem nýskráningar dísil- og bensín-bifreiða verða óheimilar eftir 2030.

Í ljósi þeirra breytinga sem nú eru að eiga sér stað þarf að endurhugsa hvernig vegakerfið er fjármagnað. Umræða um veggjöld er því eðlileg í ljósi þessa. Mikilvægt er þó tryggja að ef til nýrrar gjaldtöku eða skattlagningar kemur þá verði um leið tekjur vegna grænna skatta nýttar til þess að lækka aðra almenna skatta þannig að heildaráhrifin á tekjur ríkissjóðs verði hverfandi. Jafnvel mætti lækka álagningu á umhverfsvæna starfsemi sérstaklega en þannig væri ýtt enn frekar undir umhverfisvitund almennings og fyrirtækja, eins og þegar er gert með lækkan virðisaukaskatts á rafmagns-, vetnis- og tengiltvinnbifreiðum.

Græn skattlagning er eðlileg forgangsröðun af hálfu stjórnvalda en um leið mikilvægt að stjórnvöld birti opinberlega áætlanir sínar um ráðstöfun grænna skatttekna, sér í lagi hyggi stjórnvöld á frekari álagningu grænna skatta. Það stuðlar bæði að auknu gagnsæi skattkerfisins og tryggir að skattar sem lítið eiga skylt við umhverfið séu ekki sveipaðir grænni hulu.

## Bótavæðing atvinnulífsins

### SKOÐUN

**Þorsteinn Friðrik Halldórsson**



Fjölmiðlunarfyrirtæki hafa ríkari tilvistarrétt en önnur fyrirtæki að mati menntamálaráðherra. Þann skilning má leggja í frumvarpsdrög ráðherra um að heimila styrkveitingar í formi endurgreiðslu á hluta ritstjórnarkostnaðar einkarekinna fjölmiðla. Fá önnur fyrirtæki eiga kost á slíku.

Það er ekkert launungarmál að rekstur fjölmiðla hefur gengið bröguglega síðustu ár. Frumvarpsdrögin eru hins vegar enn eitt dæmi um það þegar stjórnmalamenn telja að þeir geti afgreitt vandamál með því einu að kasta í það peningum. Þetta er í annað sinn frá áramótum sem menntamálaráðherra gerist sekur um slíkt því um miðjan janúar lagði ráðherra til að sérstakir styrkir yrðu veittir kennaranemum til að leysa úr kennaraskorti.

Þá er þetta frumvarp einnig dæmi um það þegar stjórnmalamenn gera úlfalda úr mýflugu. Hér er fjölbreytt

flóra fjölmiðla miðað við stærð landsins og engar horfur á að miklar breytingar verði á því. Fjölmiðillinn Stundin hefur sýnt að taprekstur er ekki náttúrulögmál hjá smærri fjölmiðlum. Á hverjum degi eru hundruð fréttu flutt úr ólíkum áttum. Svo hefur verið og svo verður áfram. Horfurnar eru ekki svo slæmar að við þurfum að taka áhættuna sem fylgir því að gera fjölmiðla fjárhagslega háða ríkisvaldinu.

Fjölmiðlamarkaðurinn er ekki eini atvinnugeirinn sem glímur við kostnaðarhækkunir. Hinn sértæki vandi fjölmiðla snýr fremur að

tekjuöflun á tímum tækniþróunar. Meðalið sem lagt er til er því ekki í samræmi við sjúkdóminn. Ráðherra hefði betur gert einkareknum miðlum kleift að fanga mikla hlutdeild RÚV á auglýsingamarkaði.

Þó þarf engan að undra að ráðherra hafi valið styrkveitingu frekar en að draga úr umsvifum RÚV. Ákvörðunin er í algjöru samræmi við þá hvata sem stýra ákvörðunum embættismanna til hins verra. Ákveði ráðherra að kippa tekjustöðum undan ríkisstofnun hættir hann á að stýggja starfsmenn stofnunarinnar. Það getur reynt

ráðherra ansi hvítleitt, hvað þá þegar ríkisstofnunin er fjölmiðill.

Auðveldara er að veita styrki í formi endurgreiðslu á kostnaði. Tekjutap ríkisins vegna endurgreiðslunnar dreifist á alla landsmenn og enginn finnur fyrir því. Enginn stýggist en ávinningurinn skiptist á milli fárra fyrirtækja sem kunna þessu nýja fyrirkomulagi vel.

Fjölmiðlunarfyrirtæki landsins munu laga reksturinn að nýja fyrirkomulaginu. Það verður hægara sagt en gert fyrir eftirmann ráðherra að afnema þessar styrkveitingar ef viljinn er á annað borð fyrir hendi.



# Miklu meira en bara ódýrt

## Bílrúðusköfur

Verð frá kr. 395



1.285

Silikon spray



685

Lásasprey



995

Dekkjáhreinsir



685

De-icer



695

Hálkubroddar



frá 2.995

Teygjanlegt reipi, 4 Tonn



495

Rassapotur



frá 3.895

Startkaplar



2.485

Dráttartóg  
2tonn 4m



995

Rúðuvökvi

## Snjóskóflur

Verð frá kr. 2.995



## Snjósköfur

Verð frá kr. 2.985

# Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, [vl@verkfaeralagerinn.is](mailto:vl@verkfaeralagerinn.is)

Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



## Stjórnar- maðurinn



## Vitlaust vandamál

Lilja Alfreðsdóttir menntamála-  
ráðherra kynnti á dögnum  
fjölmiðlafrumvarp sitt. Helstu  
nýmælin eru þau að fjölmiðlar  
geta átt von á endurgreiðslu 25%  
ritstjórnarkostnaðar úr ríkissjóði.  
Hver fjölmiðill fær að hámarki 50  
milljónir en áætlað er að heildar-  
kostnaður nemi 300 til 400 millj-  
ónum. Svo virðist sem hindranir  
til að eiga rétt á endurgreiðslu  
séu fremur lágar. Prentmiðlar  
skulu koma út að minnsta kosti 48  
sinnum á ári, en vefmiðlar miðla  
nýju efni daglega. Varla er hægt  
að segja annað en að auðvelt sé að  
uppfylla síðarnefnda skilyrðið.

Það er nefnilega himinn og haf  
á milli þess að halda úti fréttas-  
stofu í hefðbundinni mynd með  
tilheyrandi yfirbyggingu og  
kostnaði, eða að skrifa stöku  
fréttir eða skoðanagreinar á netið.  
Varla verður sagt að hér á landi séu  
reknar fleiri en þrjár fréttastofur  
í einkaeigu. Hjá Sýn, Morgun-  
blaðinu og Fréttablaðinu. Það er  
heldur ekki svo að þeir sem halda  
út þessum fréttastofum græði á tá  
og fingri á kostnað minni keppi-  
nauta. Þetta eru stórir vinnu-  
staðir sem veita umgjörð utan  
um rótgróin vinnubrögð og sinna  
almannaþjónustuhlutverki. Slíkt  
kostar og með tilkomu nýmiðla  
eins og Facebook og YouTube, auk  
áframhaldandi dekurs við RÚV,  
hefur rekstrarumhverfið orðið  
sífelld erfiðara. Einkaaðilar standa  
ekki í slíku til lengdar.

Viðfangsefnið ætti að vera að  
spyrja sig hvort áfram sé æskilegt  
að reknar verði öflugar fréttastof-  
ur á Íslandi. Einyrkjar og blogg-  
ar verða alltaf í einhverri mynd, og  
ekki verður séð að sérstök vöntun  
hafi verið á slíku framtaki síðustu  
ár. Þvert á móti. Því virðist sem  
Lilja hafi misskilið vandamálið  
með frumvarpi sínu. Ef henni væri  
alvara með að viðhalda starfsemi  
öflugra fréttastofa ætti hún að  
einblína á að styrkja þá miðla sem  
halda úti öflugri starfsemi.

Langstærsta búbótin fyrir þá  
miðla væri auðvitað ef ríkið hætti  
áratugadekri sínu við RÚV sem  
á ári hverju tekur ekki bara á  
fimmsta milljarð af skattborgurun-  
um, heldur bætir um betur og selur  
auglýsingar fyrir rúmlega tvo til  
viðbótar. Ef Lilju væri alvara með  
að styðja einkamiðla myndi hún  
byrja á því að taka RÚV út af aug-  
lýsingamarkaði. Með því mætti  
berja í mestu markaðsbrestina.

## Ragnar Jónasson til Arion banka

Ragnar Jónasson, sem hefur starfað sem  
yfirlögfræðingur GAMMA Capital  
Management frá árinu 2015, hefur  
ráðið sig yfir til Arion banka. Þar  
mun hann taka til starfa á fjárfest-  
ingabankasviði bankans, samkvæmt  
heimildum Markaðarins.

Ragnar, sem er jafnframt stunda-  
kennari við lagadeild Háskólans í  
Reykjavík, var forstöðumaður skrifstofu



Ragnar  
Jónasson.

slitastjórnar Kaupþings á árunum 2009  
til 2015. Þar áður var hann forstöðu-  
maður lögfræðiráðgjafar Arion banka,  
þá Nýja Kaupþings, frá 2008 til 2009.  
Samhliða störfum sínum í fjármála-  
geiranum hefur Ragnar fengist við  
ritstörf og þýðingar en útgáfuréttur  
á spennuskáldsögum hans hefur verið  
seldur til fjölda landa á undanföllum  
árum. – hae

05.02.2019

Kerfið sem Bolli Héðinsson  
taldi að þyrfti að afnema er í  
raun grundvöllur fyrir því að  
sjávarútvegurinn getur  
greitt milljarða króna á  
hverju ári í veiðigjald og  
aðra skatta.

Heiðrún Lind Marteinsdóttir,  
framkvæmdastjóri Samtaka  
fyrirtækja í sjávarútvegi



## Verðmæti

Hámarkaðu árangurinn þinn  
og verðmæti með því að nýta þér  
fjölbreytta þekkingu og víðtæka  
reynslu PwC á öllum sviðum rekstrar

Hafðu samband því þinn árangur er mikils virði.

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar



# Rufu 43 ára einokun KR og Víkings

BH varð um helgina deildarmeistari karla í borðtennis. Hafnarfjarðarliðið rauf þar með 43 ára einokun KR og Víkings í efstu deild. Fram undan er úrslitakeppni fjögurra liða um Íslandsmeistaratitilinn. BH er félag á uppleið og á Íslandsmeistarann í einliðaleik karla.

**BORÐTENNIS** „Þetta er ansi langur tími. Fyrst var keppt í efstu deild karla 1973 og fyrstu þrjú árin vann Örninn. Svo tók við sigurganga KR á árunum 1976-94 og ég er nokkuð viss um að faðir minn hafi verið í öllum þeim liðum. Frá 1995 til 2007 vann Víkingur alltaf en síðan þá hafa Víkingur og KR skipst á að vinna,“ sagði Pétur Marteinn Urbancic Tómasson í samtali við Fréttablaðið.

Pétur er hluti af liði BH sem tryggði sér um helgina sigur í Raflandsdeild karla í borðtennis. Þetta er í fyrsta sinn sem annað lið en KR eða Víkingur vinnur efstu deild í karlaflokki síðan 1975. Auk Péturs var sigurlið BH skipað bróður hans, Jóhannesi Bjarka Urbancic Tómassyni, Birgi Ívarssyni og Magnúsi Gauta Úlfarssyni. Þjálfari þeirra BH-inga er Tómas Ingi Shelton.

„Við erum 5-6 sem æfum með meistaraflokki karla og svo er slatti af krökkum í yngri flokkunum,“ sagði Pétur. Höfuðstöðvar BH eru í íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði en Pétur segir að félagið sé nánast búið að sprengja æfingadöðuna utan af sér. Það horfi þó til betri vegar í þeim efnum.

Bræðurnir Pétur og Jóhannes léku áður með KR sem og Tómas þjálfari þeirra. Magnús Gauti, sem er uppalinn hjá BH, er ríkjandi Íslandsmeistari í einliðaleik karla en hann varð fyrsti BH-ingurinn sem vinnur



Deildarmeistararnir í borðtennis sem voru krýndir um helgina. Frá vinstri: Stella Karen Kristjánsdóttir, Agnes Brynjarsdóttir, Nevena Tasic, Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson, Magnús Gauti Úlfarsson, Pétur Marteinn Urbancic Tómasson og Tómas Ingi Shelton (þjálfari BH). Á myndina vantar Þórunni Ástu Arnfinnsdóttur og Birgi Ívarsson. MYND/BTÍ

þann titil. Birgir hóf ferilinn hjá HK en færði sig síðan yfir í BH. Hann var fjarri góðu gamni um helgina þar sem hann er við æfingar hjá sænsku liði.

„Þetta eru nokkrar túrneringar og í hverri þeirra spilarðu tvo liðaleiki. Í heildina eru þetta tíu leikir en þú spilar tvisvar sinnum við öll liðin. Félögin skiptast á að halda túrn-

eringarnar,“ sagði Pétur um fyrirkomulag deildarkeppninnar.

BH-ingar unnu allar tíu viðureignir sínar í deildinni og fengu alls 20 stig, fjórum stigum meira en

Víkingur. KR varð í 3. sæti með tólf stig og HK í því fjórða með sex stig. Þessi lið komust í úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitilinn. Víkingur á þar titil að verja en liðið bar sigurorð af BH í úrslitunum í fyrra.

Í undanúrslitum í karlaflokki mætast BH og HK annars vegar og Víkingur og KR hins vegar. Kvennalið BH tók í fyrsta sinn þátt í efstu deild og endaði í 4. sæti. Þær mæta Víkingum í undanúrslitum. Víkingar urðu deildarmeistarar með 18 stig. Lið Víkings skipuðu þær Nevena Tasic, Stella Karen Kristjánsdóttir, Þórunni Ásta Arnadóttir og Agnes Brynjarsdóttir. Sú síðastnefnda er aðeins tólf ára gömul og er yngsti deildarmeistarinn í borðtennis hér á landi.

„Þetta var einu sinni sami titillinn, deildar- og Íslandsmeistaratitillinn, en þessu var breytt 2010. Þá var úrslitakeppninni bætt við,“ sagði Pétur. Hann hefur trú á því að BH nái að landa Íslandsmeistaratitilinum; þeim fyrsta í sögu félagsins.

„Ég er nokkuð bjartsýnn. Við förum í gegnum deildina án þess að tapa leik. Okkar leikmenn voru allir með góða tölfraði. Magnús Gauti tapaði t.a.m. ekki stökum leik,“ sagði Pétur en undanúrslitin fara fram 6. apríl og úrslitin þrettánda sama mánaðar í Strandgötu. [ingvithor@frettabladid.is](mailto:ingvithor@frettabladid.is)



## Nýr Dacia Duster



Gerðu virkilega góð kaup!

Staðalbúnaður í Comfort útgáfu er meðal annars: 16" álfelgur, leiðsögukerfi með Íslandskorti, þokuljós, miðstöð með loftkælingu, brekkuhemlun (eingöngu í 4x4), hraðastillir með hraðatakörkun, fjarlægðarskynjarar að aftan, neyðarhæmlunarhjálp, start/stopp búnaður, skyggðar rúður að aftan, hiti í framsætum. Aukalega í Prestige útgáfu: 17" álfelgur, Multiview 360° myndavélakerfi, sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, lykillaust aðgengi, leðuráklæði á sætum.

Verð frá:  
**3.690.000 kr.**

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
[www.bilas.is](http://www.bilas.is)  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
[www.bilak.is](http://www.bilak.is)  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
[www.bva.is](http://www.bva.is)  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
[www.ib.is](http://www.ib.is)  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)





# TÍMAMÓT

## Merkisatburðir

**60 f.Kr.** Fyrsti dagurinn sem við höfum frumheimildir um hvaða vikudagur var. Þá var sunnudagur samkvæmt veggjakroti í Pompeii en samkvæmt okkar tímatali var miðvikudagur.

**337** Júlíus fyrsti verður páfi.

**1481** Sixtus fjórði páfi svarar fyrirspurn frá Magnúsi Eyjólfssyni Skálholtsbiskípi og segir að leyfilegt sé að borða sel um föstutímam.

**1826** Stórbruni á Möðruvöllum í Hörgárdal.

**1951** Kanadíski herinn hefur þátttöku í Kóreustríðinu.



**1952** **Elisabet önnur** verður drottning Bretlands.

**1976** Forseti stjórnar flugvélaframleiðandans Lockheed játar því að fyrirtækið hafi greitt forsætisráðherra Japans þrjár milljónir dala í mútur.

**1977** Fjölbrotaskóli Vesturlands á Akranesi stofnaður.

**1981** Borgarastyrjöld hefst í Úganda.

**1987** Mary Gaudron verður fyrsta konan til að verða dómari við hæstarétt Ástralíu.

**1988** Alfred Jolson verður biskup kaþólsku kirkjunnar á Íslandi.

**1996** Flugvél Birgenair hrapar við strendur Dóminíska lýðveldisins. Allir um borð farast, 189 talsins.

**1999** Vinstri hreyfingin – grænt framboð stofnuð.

**2000** Rússar taka Grosni, höfuðborg Tsjetsjeníu.

**2016** Jarðskjálfti, 6,6 stig, riður yfir Taivan. 117 farast.



Áttati ára gömul mynd af Raffles-torgi í Singapúr. NORDICPHOTOS/GETTY

## Nútíma-Singapúr tvö hundruð ára

Tvær aldir eru liðnar frá því að Bretar fengu leyfi til að byggja höfn á eyinni Singapúr við Malasíu. Síðan þá hefur ásynd eyjarinnar breyst töluvert. Borgrikið sem þar reis minnst nýlendutímans en fagnar honum ekki.

Þennan dag fyrir nákvæmlega tveimur öldum undirrituðu breski ríkisstjórinn Stamford Raffles, ríkisstjórinn Abdu'r Rahman og Hussein Shah, soldáninn af Johor, sáttmála um að Bretar fengu að byggja upp höfn á eyinni Singapúr við Malasíu. Í skiptum fékk soldáninn 5.000 spænska pesóa árlega og malasíski ríkisstjórinn 3.000. Undirritun sáttmálans markaði upphaf yfirráða Breta yfir Singapúr og sömuleiðis fæðingu Singapúrs nútímans.

Singapúr var vissulega til í einhverri mynd fyrir komu Raffles. Eyjarinnar er fyrst getið svo vitað sé í kinnverskum skrifum frá þriðju öld. Árið 1299 stofnaði Sang Níla Utama konungsríki á eyinni, samkvæmt konungabók Malaja, Sulalatus Salatin. Eyjan varð

síðar hluti ríkis soldánsins af Johor en eftir að Portúgalar réðust á og brenndu byggð þar árið 1613 urðu áhrif Singapúrs engin.

Raffles kom til Singapúr þann 28. janúar árið 1819 og áleit eyjuna fullkominn stað fyrir nýja höfn. Eftir nokkrar samningaviðræður við ráðamenn á eyinni var svo komist að fyrrnefndu samkomulagi. Fimm árum síðar varð eyjan öll eign Breta.

Undir stjórn Breta breyttist ásynd Singapúr allsvakalega. Við komu Raffles bjuggu um þúsund á eyinni en tæpum fjórtíu árum síðar voru íbúar orðnir 80.000. Bretar héldu áfram fjárfestingum, byggðu upp herstöð og hafnir og tilheyrandi.

En eftir að Bretum mistókst að verja Singapúr gegn árásum Japana í seinni heimsstyrjöldinni jókst vilji heimamanna til að lýsa yfir sjálfstæði. Þótt Bretar hafi náð eyinni aftur á sitt vald varð ekki aftur snúið og fengu Singapúrar loks sjálfstjórn 1959. Singapúr sameinaðist Malasíu árið 1963 eftir þjóðaratkvæðagreiðslu. Það samband varði ekki lengi og var stofnun lýðveldis lýst yfir árið 1965.

Lee Hsien Loong forsætisráðherra sagði í nýársávarpi sínu fyrir rúmum mánuði að ríkið myndi minnst Raffles í ár. „Vegna hans varð Singapúr bresk

nýlenda, frjáls höfn og nútímaborg,“ sagði ráðherrann.

Singapúrska blaðið Straits Times hafði eftir Gene Tan, stjórnanda afmælishátíðarinnar, að ekki yrði leitast við að fegra söguna vegna afmælisins. Þannig verður til dæmis minnst á slæm lífskjör margra innfæddra og aðskilnaðarstefnu nýlendutímans.

South China Morning Post hefur tekið í sama streng í umfjöllun sinni. Til dæmis minnt á að ekki sé talað um að „halda upp á“ nýlendutímam heldur „minnast“ hans. Hins vegar tekur miðillinn fram að áhrif Breta á Singapúr hafi verið mun jákvæðari en víða annars staðar. Til að mynda hafi Bretar innleitt hugmyndina um að frjáls viðskipti séu jákvæð, réttarríkið og fjölmenningu.

Í dag stendur Singapúr ágætlega þrátt fyrir að þar séu litlar náttúruauðlindir. Ríkið skorar hátt á listum yfir opnustu hagkerfin, minnstu spillinguna, lægstu skattana og bestu ríkin til þess að stunda viðskipti. Kaupmáttur Singapúra er sá þriðji mesti í heimi samkvæmt Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Alþjóðabankanum og sá fimmti mesti samkvæmt bandarísku leyniþjónustunni. Þá er vert að nefna að íbúarnir þúsund sem Raffles minntist á eru nú orðnir um 5.600.000.

thorgnyr@frettabladid.is



Okkar ástkæri

**Ingi Gunnar Steindórsson**  
Hamraborg 26, Kópavogi,

lést 27. janúar á Landspítalanum. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 11. febrúar kl. 13.00.

**Laufey C. Steindórsson**  
**Perla Ýr**  
**Elísa Birta**

**Jóhanna og fjölskylda**  
**Dagný Gloria Berg Sigurðsson**  
**Sigurður Jósef Berg Sturluson**  
**Kristófer Berg Sturluson**  
**Rodney, Cherry Ann og fjölskylda**  
**Reynir Þór, Cherie og fjölskylda**  
**Lovisa og fjölskylda**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir, mágkona og amma,

**Kristrún Pálsdóttir**

Miðholti 11, Mosfellsbæ,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 31. janúar. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 8. febrúar kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Ljósið, endurhæfingu fyrir krabbameinsgreinda.

**Sigríður Ellen Arnardóttir**  
**Erna Sif Arnardóttir**  
**Arndís Arnardóttir**  
**Ásgerður Pálsdóttir**  
**Einildur I. Pálsdóttir**  
**Eyjólfur Pálsón**  
**Marta Pálsdóttir**

**Kári Björn Þorsteinsson**  
**Hlynur Ómarsson**  
**Sigurjón Jónsson**

**Páll Ásmundsson**  
**Ingibjörg Þóra Gunnarsdóttir**  
**Guðmundur Hannesson**

Guðni Freyr, Þorsteinn Ingi, Fannar Örn, Ómar Örn, Dagur Jan, Sara Líf og Camilla Rún



Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ásta Hallvarðsdóttir**

Vestursíðu 36, Akureyri,

lést á öldrunarheimilinu Lögmanshlíð 31. janúar. Útför hennar fer fram frá Glerarkirkju þriðjudaginn 12. febrúar kl. 10.30.

**Sigríður Halla Jónsdóttir**  
**Ragnheiður Jónsdóttir**  
**Sonja Rut Jónsdóttir**  
**Stefán Einar Jónsson**  
**Jóna Brynja Jónsdóttir**

**Klæmit Klein**  
**Gunnar Magnússon**  
**Kjartan Smári Stefánsson**  
**Steinunn Jóna Sævaldsdóttir**  
**Tómas Veigar Sigurðarson**  
og fjölskyldur.



Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Þóra C. Óskarsdóttir**

bókasafnsfræðingur,  
Sæbraut 8, Seltjarnarnesi,

verður jarðsungen frá Seltjarnarneskirkju föstudaginn 8. febrúar klukkan 15. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á að láta líknarfélög njóta þess.

**Magnús Arason**  
**Ragnheiður Aradóttir**  
**Óskar Ólafur Arason**

**Ari Ólafsson**  
**Áslaug Jónsdóttir**  
**Kári Steinar Karlsson**  
**Ingibjörg S. Sigurðardóttir**  
og barnabörn.



GRAL KYNNIR

# SVARTLYNG



ÞT. Mbl.



SJ. Frbl.

„Við viljum ekki anarkí –  
manstu?“

–Elsa Bjarnadóttir Schött, ráðuneytisstjóri

ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR

2. febrúar kl. 20:00

9. febrúar kl. 20:00

15. febrúar kl. 20:00




Miðasala á [tix.is](https://www.tix.is)



# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Austan 10-18 í dag, en heldur hvassari SA- og NV-til. Slydda eða rigning SA-til, dálítill snjókoma N-lands, en annars úrkomulítið. Vægt frost, en frostlaust með S- og V-ströndinni.



## Fimmtudagur



## Föstudagur



### LÉTT

3	9		2				
			7	5	6 9		
	5		8	4		7	
	9	3	4		8		5
4	8	1			3		9
		7		6		3	4
		8	5				
	3		1		9		5
1			8				

### MIDLUNGS

		1	9	2		5			
				9					4
2	5	7	3	4					
9				5	3				
	2	6							3
3						6			9
5		4		7		2			6
		1				7	4		
						8			

### PUNG

						7	3		
7			6					9	4
		1		4					6
		4		2	5			8	
6							9	5	
		5	3		9				
				7					
			8				4		
5	6						2		1

## Krossgáta

### LÁRÉTT

- högni
- lélegur
- í röð
- ríki í Afríku
- átt
- mismunur
- bak
- ókyrrð
- tínsla
- skráning

### LÓDRÉTT

- sárasótt
- rannsaka
- mælieining
- andin
- ódæll
- óbeinlínis
- lúka
- pípa
- tveir eins

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. fress, 5. ryr, 6. ab, 8. angóla, 10. na, 11. bil, 12. lend, 13. órói, 15. sófnun, 17. ritun, 18. sálun, 7. LÓDRÉTT: 1. fransk, 2. ryna, 3. erg, 4. sálin, 7. þaldinn, 9. óbeint, 12. löf, 14. röt, 16. un.

## Skák Gunnar Björnsson

Þór Valtýsson (1.901) átti leik gegn Stefáni Bergssyni (2.172) á Skákþingi Reykjavíkur.

40.... Hxe7! 0-1. Stefán gaf því 41. Hxe7 Df2+ 42. Kh1 Hxh4 er vonlaust. Hörðuvalla-, Sala- og Álfrólsskóli fögnuðu Íslandsmeistarátitlum á Íslandsmóti grunnskólasveita- stúlknaflökki sem fram fór á laugardaginn. Hannes Hlífar Stefánsson hefur fullt hús eftir fjórar umferðir á alþjóðlegu móti í Lissabon.

### Svartur á leik



www.skak.is: Hannes og Þröstur í Lissabon.

6	9	2	8	4	5	7	1	3
1	3	4	6	7	2	8	9	5
5	7	8	9	3	1	4	2	6
2	8	7	1	5	3	9	6	4
9	6	5	4	2	8	1	3	7
3	4	1	7	9	6	5	8	2
4	1	3	5	6	9	2	7	8
7	2	9	3	8	4	6	5	1
8	5	6	2	1	7	3	4	9

9	2	7	5	4	8	3	6	1
8	4	5	6	3	1	9	2	7
1	3	6	9	2	7	4	5	8
7	5	2	1	6	3	8	9	4
3	9	8	4	5	2	1	7	6
6	1	4	7	8	9	2	3	5
2	7	1	8	9	5	6	4	3
5	6	3	2	1	4	7	8	9
4	8	9	3	7	6	5	1	2


1	5	4	8	2	6	9	3	7
6	3	7	1	9	5	4	8	2
8	9	2	3	4	7	5	1	6
2	8	6	5	1	9	7	4	3
9	7	5	4	3	8	6	2	1
3	4	1	7	6	2	8	9	5
4	2	8	6	5	3	1	7	9
5	1	9	2	7	4	3	6	8
7	6	3	9	8	1	2	5	4

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri nju reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus



## Gelgjan



## Barnalán



# VELDU GÆÐI!

## 3 TEGUNDIR AF SÚRDEIGSBRAUÐUM

**BJÖRNSBAKARI**  
Sími: 561 1433

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30  
laugardaga 8.00 - 16.00  
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35  
Fálkagata 18

www.bjornsbakari.is





Albert Eiríksson og Bergþór Pálsson verða gestgjafar á konukvöldi á Kryddi veitingahúsi í kvöld.

**Hvað?  
Hvenær?  
Hvar?  
Miðvikudagur**

hvar@frettabladid.is

**6. FEBRÚAR 2018**

**Hvað?** Konukvöld með Bergþóri og Alberti  
**Hvenær?** 21.00  
**Hvar?** Krydd Veitingahús Bergþór Pálsson og Albert Eiríksson verða gestgjafar á konukvöldi á Kryddi veitingahúsi, Ekki láta þetta fram hjá þér fara.

**Hvað?** Örnámskeið – Erfðamál á mannamáli í Reykjavík  
**Hvenær?** 19.30  
**Hvar?** Engjavegur 6 Vegna fjölda áskorana verður lögmaður Velferðar með örnámskeiðið Erfðamál á mannamáli í kvöld, miðvikudaginn 6. febrúar, kl. 19.30 í Reykjavík! Námskeiðið er haldið í íþróttamiðstöðinni í Laugardal, Engjavegi 6, 3. hæð í fundarsal D. Námskeiðið er hugsað fyrir almenning óháð því hvort viðkomandi standi frammi fyrir dánarbússkiptum í dag eða



Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra.

ekki. Hvernig er staða þín ef þú eða maki þinn fellur frá?

**Hvað?** EES-samningurinn í 25 ár  
**Hvenær?** 12.00  
**Hvar?** Háskólinn í Reykjavík Málstofa um áhrif EES-samningsins á íslenskt samfélag í Háskólanum í Reykjavík. EES-samningurinn hefur haft áhrif á íslenskt samfélag undanfarna áratugi. Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra, Michael Mann, sendiherra ESB á Íslandi, og Margrét Einarsdóttir, dósent við lagadeild HR, eru meðal ræðumanna.

**Hvað?** Höfundakvöld Norræna hússins  
**Hvenær?** 19.30  
**Hvar?** Norræna húsið Rosa Liksom, sem er höfundarnafn Anni Ylävaara (1958), er uppalin á bóndabæ í Lapplandi umvafin hreindýrum. Hún lagði stund á

mannfræði og eyddi sínum yngri árum á ferðalögum um Evrópu þar sem hún prufaði mismunandi búsetuform. Hún hefur búið á Íslandi, í Noregi, Danmörku og Rússlandi. Í augnablikinu býr hún í Helsinki þar sem hún malar og skrifar skáldsögur, smásögur, barnabækur, teiknimyndasögur, leikrit og kvikmyndahandrit. Bækur hennar hafa verið þýddar á fjölmörg tungumál, þar á meðal íslensku.

**Hvað?** Warmland í Iðnó  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Iðnó Warmland mun halda tónleika í Iðnó þar sem að mikið verður lagt upp úr sjónrænum áhrifum og upplifun. Sveitin hlaut lof tónleikagesta á Iceland Airwaves 2018 fyrir flutning sinn og nú á að endurtaka leikinn.

**Hvað?** Smökkun á náttúruvíninum frá Vínbóndanum á Hótel Holti  
**Hvenær?** 17.00  
**Hvar?** Hótel Holt Vínbóndinn Arnar Bjarnason verður á barnum á Hótel Holti í dag, miðvikudag, frá kl. 17.00 til 21.00. Hann mun kynna fyrir áhugasömum náttúruvín frá Ítalíu, en hægt er að smakka vínin og fræðast um þau á meðan hann verður á staðnum.

**Hvað?** Skyggnilýsingarfundur  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Íþróttahúsið Dalhúsum Sunddeild Fjölnis býður gestum

og gangandi að taka þátt í öðruvísi fjáröflun og hefur fengið talna- spekinginn og miðilinn Hermund Rósinkranz til að koma og stýra kvöldinu. Sjoppa á staðnum. Fundurinn verður í hátiðarsalnum uppi í Dalhúsum, gengið er inn að aftanverðu eða fótoltavallar- megin. Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

**Hvað?** Miami Jazz Nights  
**Hvenær?** 22.00  
**Hvar?** Hverfisgata 33 Miami Jazz er eitt það vinsælasta í tónlistarheiminum í dag. Komdu á Miami á Hverfisgötu til að sjá, heyra, upplifa og njóta.

**ENDURNÝJUN OG VIÐHALD**  
Löggiltur rafverktaki  
Sími: **696 5600**  
rafsol@rafsol.is

**RAFSÓL**  
Síðumúla 34 • 108 Reykjavík  
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is

STILLANLEG RÚM • HEILSURÚM OG -DÝNUR • GAFLAR • SÆNGUR • KODDAR • SVEFNSÓFAR • STÓLAR • SÆNGURFÖT, O.F.L.



**Betra BAK**

**ÚTSALA**  
ALLT AÐ  
**60%**  
AFSLÁTTUR

VEFVERSLUN  
www.betrabak.is  
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

**LOKAVIKAN**  
ÚTSÖLULOK Á LAUGARDAG

**Betra BAK**

FAXAFENI 5  
Reykjavík  
588 8477

DALSBRAUT 1  
Akureyri  
588 1100

SKEIDI 1  
Ísafirði  
456 4566

**GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS**  
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

Tryggð // The Deposit (ENG SUB) 18:00	Metal Miðvikudagur // Metal Wednesday
Pýskir kvikmyndadagar - German Film Days	Heavy Trip // Hevi Reissu (ENG SUB) 20:00
* Transit (GERMAN W/ENG SUB) 18:00	Shoplifters // Búðabjófur (ENG SUB) 20:00
* Hagazussa (GERMAN W/ENG SUB) 18:00	Diablo (POLISH W/ENG SUB) 22:00
* The Captain (GERMAN W/ENG SUB) 20:00	Damsel (ENGLISH-NO SUB) 22:20
*Sýndar á þýsku með enskum texta*	One Cut of the Dead (ENG SUB) 22:20





## Bókmenntir á Rás 1



### Kvöldsaga - Ör

Eftir Auði Övu Ólafsdóttur  
Mán.-mið. og fös. kl. 21.30

Ör er ný kvöldsaga Rásar 1. Auður hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 2018 fyrir skáldsöguna sem kom út árið 2016 og er hennar fimmta skáldsaga.



### Orð um bækur

Laugardaga kl. 16.05

Í þættinum er rætt við rithöfunda og skáld, sagt frá nýjum og gömlum bókum, spjallað og spurst fyrir um rannsóknir á sviði bókmennta, kennslu þeirra og dreifingu.



### Bók vikunnar

Sunnudaga kl. 10.15

Í hverri viku er valin bók á Rás 1 sem bókmennta-sérfræðingar rásarinnar rýna í á sunnudögum ásamt gestum.

# DAGSKRÁ

## Miðvikudagur

### RÚV SJÓNVARP

- 13.00 Úr Gullkistu RÚV. Útsvar 2011-2012 (Fljótsdalshérað - Garðabær)
- 13.55 Úr Gullkistu RÚV. Mósaik e.
- 14.30 Úr Gullkistu RÚV. Með okkar augum e.
- 15.00 Síamamyndasmiðir
- 15.30 Úr Gullkistu RÚV. Á tali hjá Hemma Gunn 1987-1988 e.
- 16.30 Úr Gullkistu RÚV. Átjándi öldin með Péttri Gunnarssyni e.
- 17.05 Paradísarheimt e.
- 17.35 Bækur sem skóku samfélagið e.
- 17.45 Tákn málsfréttir
- 17.55 Disneystundin
- 17.56 Gló magnaða
- 18.18 Sigildar teiknimyndir
- 18.25 Gullbrá og Björn
- 18.50 Krakkafréttir Fréttabáttur fyrir börn á aldrinum 8-12 ára.
- 18.54 Vikinglotto
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 19.50 Menningin Menningarþáttur þar sem fjallað er á snarpan og líflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífni, jafnt með innslögum, fréttaskýringum, gagnrýni, pistlum og umræðu.
- 20.00 Kiljan Þáttur sem er löngu orðinn ómissandi í bókmennta-umræðunni í landinu. Egill og bókelskir félagar hans fjalla sem fyrr um forvitnilegar bækur af ýmsum toga og úr öllum áttum.
- 20.40 Nálspor tímans (A Stitch in Time) Þættir frá BBC þar sem Amber Butchart skoðar líf sögufrægra persóna út frá fótunum sem þær klæddust.
- 21.10 Nútímajölskyldan (Bonus-familjen) Sænsk þáttaröð um flækjurnar sem geta átt sér stað í samsettum fjölskyldum. Lisa og Patrik eiga bæði börn úr fyrri samböndum og gera sitt besta til að fjölskyldulífið gangi vel fyrir sig. Það gerir þeim þó erfitt fyrir að börnin eru ekkert sérlega spennt fyrir nýju stjúppforeldrum sínum, fyrrverandi eiginmaður Lisu hefur ekki enn sætt sig við að hjónabandinu sé lokið og fyrrum konu Patriks finnst þau öll vera alveg vonlaus. Aðalhlutverk: Vera Vitali, Erik Johansson, Fredrik Hallgren og Petra Mede. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Leyndardómar alheimsins - Merkir vísindamenn segja frá (Secrets of the Universe. Great Scientists in Their Own Words) Heimildarmynd sem veitir innsýn í líf og persónuleika nokkurra merkustu eðlisfræðinga tuttugustu aldarinnar.
- 23.30 Kveikur Vikulegur fréttaskýringabáttur sem tekur á málum bæði innan lands og utan. Þátturinn er í anda klassískra fréttaskýringabátta með áherslu á rannsóknarblaðamennsku. e.
- 00.05 Kastljós e.
- 00.20 Menningin e.
- 00.30 Dagskrárlök

### GOLFSTÖÐIN

- 08.00 Waste Management Phoenix Open
- 13.00 Útsending frá lokadegi Waste Management Phoenix Open á PGA mótaröðinni.
- 18.00 Golfing World 2019
- 18.50 Saudi International Útsending frá lokadegi Saudi International á Evrópumótaröðinni.
- 23.10 Golfing World

### ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 89,5 Retro
- FM 90,1 Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1
- FM 95,7 FM957

### SJÓNVARP SÍMANS

- 08.00 Dr. Phil
- 09.30 The Late Late Show
- 10.15 Síminn + Spotify
- 12.00 Everybody Loves Raymond
- 12.20 King of Queens
- 12.40 How I Met Your Mother
- 13.05 Dr. Phil
- 13.50 The Kids Are Alright(
- 14.15 A Million Little Things
- 15.05 Ally McBeal
- 16.00 Malcolm in the Middle
- 16.20 Everybody Loves Raymond
- 16.45 King of Queens
- 17.05 How I Met Your Mother
- 17.30 Dr. Phil
- 18.15 The Tonight Show
- 19.00 The Late Late Show
- 19.45 Life in Pieces.
- 20.10 Charmed
- 21.00 Chicago Med
- 21.50 Bull(Bull 3)
- 22.35 Elementary
- 23.00 The Tonight Show
- 00.05 The Late Late Show
- 00.50 NCIS
- 01.35 NCIS Los Angeles
- 03.10 The Resident
- 03.55 How To Get Away With Murder.
- 04.40 Síminn + Spotify

### RÚV RÁS EITT

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins
- 06.50 Morgunvaktin
- 07.00 Fréttir
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.00 Fréttir
- 09.05 Segðu mér
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.00 Fréttir
- 10.03 Veðurfregnir
- 10.13 Á reki með KK
- 11.00 Fréttir
- 11.03 Mannlegi þátturinn
- 12.00 Fréttir
- 12.02 Hádegisútlit
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.40 Veðurfregnir
- 12.50 Dánarfregnir
- 12.55 Samfélagið
- 14.00 Fréttir
- 14.03 Tónlist frá A til Ö
- 15.00 Fréttir
- 15.03 Samtal
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.05 Viðsjá
- 17.00 Fréttir
- 17.03 Lestin
- 18.00 Spegillinn
- 18.30 Útlit frá Krakka RÚV
- 18.50 Veðurfregnir
- 18.53 Dánarfregnir
- 19.00 Myrkir áfúsdagur. Nordic Affect, Radkje og Dúplum Dúó
- 20.35 Mannlegi þátturinn
- 21.30 Kvöldsagan. Ör
- 22.00 Fréttir
- 22.05 Veðurfregnir
- 22.10 Samfélagið
- 23.05 Lestin
- 00.00 Fréttir
- 00.05 Næturútlit Rásar 1

### STÖÐ 2 BÍÓ

- 12.55 Ordinary World
- 14.25 An American Girl. Chrissa Stands Strong.
- 15.55 Phil Spector
- 17.25 Ordinary World
- 18.55 An American Girl. Chrissa Stands Strong
- 20.25 Phil Spector
- 22.00 Lily & Kat
- 23.30 Sleepless
- 01.05 The Program
- 02.50 Lily & Kat

### STÖÐ 2

- 07.00 Simpson
- 07.25 Ævintýri Tinna
- 07.50 The Middle
- 08.10 Friends
- 08.30 Ellen
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 The Newsroom
- 10.30 Jamie's 15 Minute Meals
- 10.55 Enlightened
- 11.25 Bomban
- 12.10 Fósturbörn
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Masterchef The Professionals Australia
- 13.45 Kórar Íslands
- 15.35 Svörum saman
- 16.15 Kevin Can Wait
- 16.40 The Big Bang Theory
- 17.00 Bold and the Beautiful
- 17.20 Nágrannar
- 17.45 Ellen
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.55 Ísland í dag
- 19.10 Sportpakinn
- 19.20 Veður
- 19.25 Vikingalottó
- 19.30 Mom
- 19.50 Jamie's Quick and Easy Food
- 20.15 Grey's Anatomy
- 21.00 The Good Doctor
- 21.45 Lovleg
- 22.10 Suits
- 22.55 The Truth About Killer Robots.
- 00.15 NCIS
- 01.00 The Blacklist
- Blí fulltrúann Liz Keen í síðustu
- 01.45 Magnum P.I
- 02.30 Counterpart
- 03.25 Room 104
- 03.45 Six Feet Under
- 04.45 Six Feet Under
- 05.35 Camping

### STÖÐ 3

- 19.10 Modern Family
- 19.35 Mom
- 20.00 Seinfeld
- 20.45 Friends
- 21.15 Man Seeking Woman
- 21.35 All American
- 22.20 Game of Thrones
- 23.15 Gotham
- 00.00 Little Britain USA
- 00.25 Little Britain USA
- 00.55 The New Girl
- 01.20 Friends
- 01.45 Seinfeld
- 02.10 Tónlist

### STÖÐ 2 SPORT

- 07.15 Burnley - Southampton
- 09.00 Crystal Palace - Fulham
- 10.45 Crystal Palace - Watford
- 12.25 Football League Show
- 12.55 Everton - Wolves
- 14.40 Leicester - Manchester United
- 16.25 Haukar - Stjarnan
- 17.55 Domino's körfuboltakvöld
- 19.35 Everton - Manchester City
- 21.45 Kappræður KSÍ Bein útsending með Guðna Bergssyni og Geir Þorsteinssyni sem takast á í formannskjöri KSÍ.
- 22.35 Super Bowl LIII. LA Rams

### STÖÐ 2 SPORT 2

- 08.00 Haukar - Stjarnan
- 09.30 Domino's körfuboltakvöld
- 11.10 Real Sociedad - Athletic Bilbao
- 12.50 Levante - Getafe
- 14.30 Barcelona - Valencia
- 16.10 Spænsku mörkin
- 16.40 Juventus - Parma
- 18.20 SPAL - Torino
- 20.00 WBA - Brighton
- 22.30 UFC Fight Night. Assuncao vs Moraes






Ráðgjöf

Fræðsla

Forvarnir

„Doktor.is er ætlað að auðvelda aðgengi almennings að upplýsingum og ráðgjöf um heilsu, lífsstíl og forvarnir.”

*Teitur Guðmundsson, læknir og ritstjóri doktor.is*



 **Doktor.is**



**Anna Gréta**  
STÓRSVEIT  
REYKJAVÍKUR  
KYNIR:

**Gréta**  
**Helga Laufey**  
**Finnbogadóttir**

**Ingibjörg Azima**

**Marta Magnúsdóttir**

**Ragnheiður Gröndal**

**Rósa Björk**

**Suðurlaugu**

**Sara Miðell**

**Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir**

**Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir**

**Sigurdís Sandra**

**Tryggvadóttir**

**Sunna Gunnlaugsdóttir**

**Þórunn Gísladóttir**

**Þórunn Gísladóttir**

STJÓRNANDI

Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir

## Seldi lag í vinsæla Netflix mynd

**Unnur Eggertsdóttir** hefur búið í Bandaríkjunum um nokkurra ára skeið þar sem hún hefur reynt fyrir sér sem leik- og söngkona. Á dögum var lag eftir hana og félagu hennar Martyn Zub notað í Netflix-myndina Velvet Buzzsaw með Jake Gyllenhaal og Rene Russo í aðalhlutverkum.

**U**ndanfarin tvö ár hefur Unnur búið í Los Angeles en áður var hún við nám í American Academy of Dramatic Arts í New York. „Ég bjó svo í Las Vegas í nokkra mánuði í fyrra, þar sem ég fór með hlutverk Jayne Mansfield í söngleik um ævi Marilyn Monroe.“

„Ég og vinur minn, Martyn Zub, höfum verið að semja tónlist saman í rúmlega ár. Hann hefur unnið mikið með Dan Gilroy, leikstjóra Velvet Buzzsaw, og vissi að hann væri að leita að lagi fyrir ákveðna senu í myndinni. Martyn leyfði honum að heyrna lag sem við vorum nýbúin að taka upp og Dan fannst það smellpassa, svo allt í einu vorum við komin í samningaviðræður við fólk frá Netflix. Lagið heitir Keep It Left og svona þar sem ég er að tala við ykkur heima á Íslandi, þá ætluðum við aldrei að gefa það út því við erum með önnur lög sem við erum miklu ánægðari með. En það virkaði samt svo vel fyrir stemninguna sem þau voru að skapa, svo það var gaman að lagið skyldi fá smá lif.“


Unnur segir það þó hafa æxlast þannig að senan, sem búið var að eyða þetta miklum tíma í að finna lag fyrir, var á endanum klippt úr myndinni. „Lagið var þó notað en á öðrum stað í myndinni og í styttri útgáfu.“

### Frumсы́ningartryllingur

„Myndin sjálf er gjórsamlega tryllt. Þetta er dókk satírsk spennu-hryllingsmynd sem skartar virkilega flottum leikurum. Jake Gyllenhaal fer með aðalhlutverkið og Toni Collette, John Malkovich, Billy



Unnur og Martyn Zub, við frumsýningu myndarinnar í Los Angeles.



Unnur með chihuahua-hundinn Elly.

**MAÐUR ER ORÐINN ÞOKKALEGA VANUR AÐ SJÁ FRÆGT FÓLK Í LA, EN ÞAÐ ER SAMT ÓHÆTT AÐ VIÐURKENNA AÐ UNGLINGURINN Í MÉR FÉKK VERULEG FÍÐRILDI Í MAGANN ÞEGAR HERRA JAKE MÆTTI Á SVÆÐID.**

Magnussen og fleiri eiga stórleik. „Myndin var frumsýnd á Sundancekvikmyndahátíðinni við frábærar viðtökur og fékk sérstaka frumsýningu í Los Angeles daginn eftir þangað sem Unnur og Martyn mættu. „Það er alltaf gaman að taka þátt í

tryllingnum sem fer í eina svona frumsýningu. Maður er orðinn þokkalega vanur að sjá frægt fólk í LA, en það er samt óhætt að viðurkenna að ungliturinn í mér fékk veruleg fíðrildi í magann þegar herra Jake mætti á svæðið.“

Fólkið sem skipulagði veisluna eftir sýninguna hefur fengið þægilegt „budget“ frá Netflix því það var búið að setja salinn upp eins og gallerið í myndinni, skreyttan með verkunum sem voru notuð í tókunum. Þeir sem sjá myndina munu skilja hversu virkilega óþægilegt og magnað það var á sama tíma.“

Unnur segir það að koma laginu í myndina hafa opnað margar dyr nú þegar. „Við Martyn höfum verið að funda með fólki sem hefur áhuga á að hjálpa okkur að koma tónlistinni okkar á framfæri, og við erum spennt fyrir að gefa út lög sem við höfum verið að vinna síðasta árið.“

Aðspurð segir Unnur nóg um að vera hjá sér en undir lok mánaðarinnar sé hún að fara í tókur á kvikmynd sem hún sé mjög spennt fyrir en myndin komi líklega út í sumar. „Svo er ég í nýrðin mamma Ellyjar, sem er litill chihuahua-hundur sem ég ættleiddi eftir eldana hræðilegu í LA. Ég þurfti að taka hana með mér í prufu um daginn því ég náði ekki að skutla henni heim, og leikstjórinn var svo hrifinn af henni að ég held að ég hafi fengið „callback“ einungis því að hann var svo heilladur af henni. Svo ef einhver er að velta fyrir sér hvernig sé best að fótta sig í bransanum hér úti þá er lykillinn einfaldlega að eiga sætan hund.“


Áhugasamir geta fylgst með ævintýrum Unnar á instagram @unnureggerts. [bjork@frettabladid.is](mailto:bjork@frettabladid.is)

LÍFIÐ ER Á  
FRETABLADID.IS

Lífið á [frettabladid.is](http://frettabladid.is) fjallar um fólk, tisku menningu, heilsu og margt fleira.

Fylgstu með á [frettabladid.is/lifid](http://frettabladid.is/lifid)

Ekki missa af neinu, fylgdu [Fréttablaðinu](https://www.facebook.com/frettabladid) á Facebook







**GÓÐU  
BAKTERÍURNAR  
ELSKA ZENDIUM\***

**STYRKTU  
NÁTTÚRULEGAR  
VARNIR MUNNSINS**

**MEÐ NÁTTÚRULEGUM  
ENSÍMUM OG PRÓTÍNUM**

FÉLAG  
ÍSLENSKRA  
TANNFRÆÐINGA  
MÆLIR MEÐ  
ZENDIUM  
TANKREMI

\*Verulegar breytingar á bakteríuflóru sem stuðlar að heilbrigðara  
tannholdi samkvæmt 14 vikna klínískri rannsókn á 102 einstaklingum.



**Erum með mikið úrval af allskonar bílaverkfærum á frábæru verði!**



ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali.

Omega Viógerðarkollur  
7.495

Jeppatjakkur 2.25t 52cm.

17.995

Hleðslutæki 12V 6A

4.995

6T Búkkar 605mm Par  
9.999

## Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is  
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

## Búningar í úrvali Fyrir ýmis tilefni!



HOKUS POKUS

www.hokuspokus.is  
Verslun og vefverslun  
Laugavegi 69 S. 551-7955

## SANDBLÁSTURSFILMUR



Ráðgjöf  
Tilboð  
Hönnun  
Uppsetning

**XPRENT**  
HÖNNUN OG MERKINGAR

Sundaborg 3  
104 Reykjavík  
777 2700  
xprent@xprent.is



**Rafkaup**

Ármúla 24 · S: 585 2800



Hildur Björk Hilmarisdóttir, Vigdís Finnbogadóttir, Daniel Reynisson og Guðlaug Guðjónsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Fokk, ég er með krabbamein!

Kraftur, stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur, hélt útgáfuhóf á Kaffi Flóru í upphafi vikunnar, á Alþjóðlegum degi gegn krabbameinum.

T eitið var haldið í tilefni þess að bókin Lífs-Kraftur er komin út í algjörlega nýrri mynd. Margt var um manninn í veislunni þar sem „andlitslyftingu“ bókarinnar var fagnað. Bókin kom fyrst út fyrir tveimur áratugum en ákveðið var að endurskrifa hana þannig að hún höfðaði betur til ungs fólks. Bókin er myndrænni en áður og er ætlað að svara auðveldlega spurningum sem koma upp í huga fólks þegar það greinist með krabbamein eða þegar ástvinur greinist. „Undirtill bókarinnar hittir beint í mark þó hann sé vissulega ógrandi líka en hann er Fokk, ég er með krabbamein, sem er jú kannski fyrsta hugsunin sem kemur upp þegar maður fær svona fréttir,“ segir Hulda Hjálmarisdóttir, framkvæmdastjóri Krafts. Allir sem greinast með krabbamein á aldrinum 18-45 ára og fjölmargir fleiri fá bókina afhenta sér að kostnaðarlausu en hún liggur einnig frammi á öllum spítölum landsins. Einnig er bókin á vefsíðu Krafts, www.kraftur.org. bjork@frettabladid.is



Ragnheiður, Robbie, Súanna og Arnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Karmen, Sigrún og Hlín. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Frú Vigdís Finnbogadóttir mætti í boðið enda verndari Krabbameinsfélags Íslands en Kraftur er einmitt eitt af aðildarfélögum þess.



Kristín Erla, Ösp, Guðný Ragnarsdóttir og Bergþór. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jóhanna Helga Viðardóttir johannahelga@frettabladid.is. ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Guðstaf Bjarnason gustaf@frettabladid.is, Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@frettabladid.is, Svava O'Brien svava@frettabladid.is, Örn Geirsson orn.geirsson@frettabladid.is. FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077: Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Arnar Magnússon arnarm@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is. FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Benedikt Bóas Hinriksson benediktboas@frettabladid.is. RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, Viðar Ingi Pétursson vip@frettabladid.is. ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@frettabladid.is



**BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS**

Matarmiklar súpur  
**FULLELDAÐAR**  
Aðeins að hita




Umhverfisvænni

**UMBÚÐIR**

Sömu góðu súpurnar

**1.598**  
kr. 1 kg

Mexíkósk Kjúklingasúpa, 1 kg  
Ungversk Gúlassúpa, 1 kg  
Íslensk Kjötsúpa, 1 kg



**BONUS EKKERT BRUÐL**



Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00  
Bónus Smáratorgi: Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með 10. febrúar eða meðan birgðir endast.





## BAKÞANKAR

Bjarna  
Karlssonar



## Gott kynlíf

Í síðustu viku var áhugaverð grein hér á síðum Fréttablaðsins þar sem fjallað var um breytingar á kynhegðun landans og visbendingar um rénandi kynlíf ungs fólks. Þá var fullyrt að þör hugi í auknum mæli að opnum samböndum.

Hugmyndir um kynlíf taka breytingum en vissir þættir eru líklegir til að vera þeir sömu á öllum tímum. Hvort sem við eigum kynlíf með sjálfum okkur eða öðru fólki er grundvöllur þess alltaf sá að þekkja og virða eigin þarfir. Persóna sem annast og elskar sjálfa sig og laðast að fólki sem hugsar vel um sig er að öllu jöfnu líkleg til að vera góður kynlífsfélagi. Ég hef séð það í mínu sálsgæslustarfi að vanræksla í æsku er sennilega ein höfuðmeinsæmdin í kynlífi fólks. Þau sem hafa lifað við vanrækslu eiga oft erfitt með að gera sér grein fyrir eigin þrá og þörfum, eru ekki von að hlúa að sjálfum sér og eiga því margt ólært er kemur að kynferðislegu samspili við aðra. En öll getum við lært. Gott kynlíf byggir á heilbrigðri sjálfsást.

Eins er mikilvægt að sjá að kynferðisleg samskipti lúta sömu lögmálum og önnur samskipti. Góð samskipti byggja á því að fólk ber ábyrgð á sjálfu sér og reiknar með því sama af öðrum. Sá sem nálgast aðra í þeim tilgangi að nota eða stjórna mun alltaf tapa á endanum. Neikvæð stjórnun er léleg samskiptatækni sem oft veldur miklu tjóni. Það versta sem maður gerir er að skada aðra. Gott kynlíf þróast í gagnkvæmri virðingu og opnu samtali.

Öll þjáumst við á sviði ástar og kynlífs og gerum alls kyns mistök. En á meðan við drögum andann er líkami okkar uppspretta óþrjúandi gæða og hæfileikinn til þess að teygja sig út fyrir sjálfan sig og gera sáttmála um kynferðislega ást er stórkostleg Guðs gjöf.

# GAMAN Í SUMAR!

SÓLARFERÐIR • SIGLINGAR • FÓTBOLTI • BORGIR • SÉRFERÐIR  
HREYFI- OG LÍFSTÍLSFERÐIR • TÓNLEIKAR OG HÓPAFERÐIR

### Fjölskylduparadís



★★★★  
**Green Garden Resort & Suites**  
Tenerife  
VERÐ FRÁ **79.900**  
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn  
VERÐ FRÁ **108.900**  
á mann m.v. 2 fullorðna  
FERDATÍMABIL **30. APRÍL – 7. MAÍ**

### Frábært fyrir fjölskyldur




★★★★  
**Spring Hotel Bitácora**  
Tenerife  
VERÐ FRÁ **87.900**  
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn  
VERÐ FRÁ **111.900**  
á mann m.v. 2 fullorðna  
FERDATÍMABIL **11. – 18. MAÍ**  
Hálft fæði innifalið

### Gott íbúðahótel



★★★★  
**Marylanza**  
Playa de Las Americas  
VERÐ FRÁ **70.500**  
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn  
VERÐ FRÁ **90.500**  
á mann m.v. 2 fullorðna  
FERDATÍMABIL **11. – 18. MAÍ**

### Aðeins fyrir fullorðna



★★★★  
**Tigotan**  
Playa de Las Americas  
VERÐ FRÁ **118.900**  
á mann m.v. 2 fullorðna  
FERDATÍMABIL **18. – 25. MAÍ**  
Hálft fæði innifalið

### Frábær staðsetning



★★★★  
**H10 Las Palmeras**  
Tenerife  
VERÐ FRÁ **101.900**  
á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn  
VERÐ FRÁ **112.900**  
á mann m.v. 2 fullorðna  
FERDATÍMABIL **14. – 21. MAÍ**  
Morgunverður innifalinn

### Alltaf vinsælt



★★★★  
**Gala**  
VERÐ FRÁ **99.900**  
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn  
VERÐ FRÁ **110.500**  
á mann m.v. 2 fullorðna  
FERDATÍMABIL **21. – 28. MAÍ**  
Morgunverður innifalinn

FYRIR SVANGA FERÐALANGA

**Kvikk**  
ON THE GO

FYRIR SVANGA FERÐALANGA

PANINI OG GOS\* COMBO VERÐ: **499 KR**



\*0,5 l gos í plasti frá Ölgærdinni. Tilbúin vara, ekki hægt að breyta.

**Kvikk**  
ON THE GO

Skoðaðu úrvalið á [gaman.is](http://gaman.is)!

**Gaman**  
Ferðir

Innifalið í verði er flug, skattar, 20 kg taska, handfarangur og gisting. Verðdæmi miðast við börn 2–11 ára.

[www.gaman.is](http://www.gaman.is) / 560 2000 / Bæjarhraun 14, 220 Hafnarfirði / [gaman@gaman.is](mailto:gaman@gaman.is)